PILTUR OG STÚLKA,

DÁLÍTIL FRÁSAGA.

Útgefandi:

Jón Þórðarson Thóroddsen.

Kaupmannahöfn.

Prentuð hjá *S. L. Möller.*

1850.

LEIÐRJETTÍNGAR.

2. bls. 5 l. litur, les: lítur. 3. bls. 9. l. ógrett, les: ógreitt. 3. bls. 16 l. ljuka, les: ljúka. 6. bls. 10. l. ákvorðun, les: ákvörðun. 6. bls. 30. l. foðar, les: föður. 7. bls. 2. l. áðar, les: áður. 8 bls. 4. l. mælti, les: mælti. 8. bls. 4. l. huggur, les: huggar. 9 bls. 17. l. ekkl, les: ekki. 13 bls. 28. l. vorn, les: vorn. 13. bls. 33. l. konnur, les: konur. 18. bls 21. l. þánndir, les: þá undir. 37. bls. 10. l. mórgu, les: mörgu. 40. bls. 32. l. fá að, les: að fá. 42 bls. 14. l. ná, les: að ná. 46. bls. 17. l. þangnaði, les: þagnaði. 64. bls. 21 l. nasirnir, les: nasirnar. 72. bls. 3. l og, les: og. 77. bls. 18. l. litverpt, les: litverp. 91. bls. 2. l. fortræflilegt, les: fortræflilegt. 96. bls. 3. l. hörn, les: börn. 104. bls. 6. l stoð, les: stóð. 123. bls. 26. l. hugar, les: hugur.

Á austanverðu Íslandi liggur hjerað eitt mikið og fagurt, er ..... hjerað heitir, þar gjörðist saga sú, er hjer skal rituð. Hjerað þetta er allfjölbygt, enn var þó betur bæjum skipað á dögum Síðuhalls, og sjest nú víða aðeins fyrir tóptum, þar sem sögurnar segja að verið hafi velhýst höfðíngja setur. Sjón er sögu ríkari, enn eigi vitum vjer hvað veldur. Þeir sem rita og ritað hafa um landsins gagn og nauðsynjar, verða ekki á eitt sáttir um það efni; ætla nokkrir að hin fögru býli hafi lagst í eyði fyrir sakir ódugnaðar landsmanna, og hafa það til síns máls, að eins sje landið nú "fagurt og frítt" sem á fyrri öldum, þegar Norðmenn tóku sjer þar bólfestu, og enn sje þar víða byggilegt sem ekki er bygt. Þá eru aðrir, sem kenna hafísnum og timbureklunni um, að landið sje strjálbygðara nú enn á tíundu og elleftu öld; segja þeir, að um þær mundir hafi enginn hafís komið, enn landið verið skógi vaxið frá fjalli til fjöru, og nægur húsa viður hvervetna. Það má vel vera, að hvorutveggir hafi að nokkruleiti satt að mæla, enn ekki á mál það að dæma hjer á þíngi, fyrir því að annað er efni bæklings þessa.

Upp af hjeraði því, er vjer umgátum, geingur dalur einn mikill og breiður, sem .... dalur heitir. Fram af dal þessum liggja aptur tveir minni dalir, er vjer köllum Fögrudali. Fagridalur hinn eystri er allur vaxinn viðir og vafinn í grasi; landskostir eru þar góðir, enn vetrarríki í meiralagi. Dalurinn er þráðbeinn; fjöllin að honum ekki há; hlíðarnar iðgrænar á sumrin, og nær því klettalausar; hjer [illegible] víslast smálækir

og gil ofan um hjallana. Eptir miðjum dalnum fellur á mikil, það er jökulvatn lygnt og þó ekki afar breitt. Sá sem stendur um morgunstund við dalbotninn, í björtu sumarveðri, við upprás sólar, þegar skuggamyndirnar eru að þokast undan sólarbirtunni, og litur yfir dalinn endilángan, mun ekki geta bundist þeirra orða: fagur ertu dalur fósturjarðar minnar! hjer vil jeg beinin bera.

Sex bæir eru í Fagradal eystri, og heita fremstu bæirnir Indriðahóll og Sigríðartúnga, og standa þvínær hvor á móti öðrum, sinn hvoru meigin árinnar. Litlar samgaungur voru milli um bæja þessara; sinn átti hvorja kirkjusókn, og sinn var í hvorjum hrepp. Áin er hvurgi reið þar í dalnum, og eingin ferja er þar á henni; á veturnar leggur hana í mestu aftökum, enn ekki fjölgaði milliferðum fyrir það, með því bændurnir voru heldur aungvir vinir; hvor bjó að sínu og hafði mest mök við sína sveitúnga. Einginn náþúakritur var þó með þeim bændunum; áin skar svo skírt og greinilega úr landamerkjum hvorutveggja jarðanna að aldrei gátu risið deilur út úr átroðningi eða slæjubletti, sem vant er að vera hneixlunarhella nágranna á Íslandi; en forlögin höfðu hagað því svo til, að bóndinn á Indriðahóli hafði hreppstjórn á hendi í sinni sveit, og í Sigríðartúngu bjó og hreppstjóri. Nú þótt menn sjeu vænir, sem hlut eiga að málum, má það mart verða í sveitarsökum er sitt líst hvurjum; hefur það og leingi mælt verið, að fátækrastjórnin sundri hreppstjórunum enn samteingi þá ekki, og svo fór hjer einnig. Í lángan aldur höfðu hreppstjórar þessir geingið í friði og spekt hvor hjá öðrum, á leið lífsins og hreppstjórnarinnar, þángað til steinn kom í götuna, enn það var kellíngar skepna gömul og slitin; einginn maður vissi með sönnu að segja hvar hún var í heiminn borin, og sjálf mundi hún ekki fyrir víst, hvað hún hafði heyrt um það. Nú fóru menn að rannsaka ritníngarnar, það er að skilja kirkjubækurnar í Sigríðartúnguhrepp og Indriðahólshrepp, enn þá tók málið algjörlega að flókna; í Indriða-

hóls sveitar kirkjubók fundu þeir nafn, og líktist fyrsti stafurinn í því upphafsstafnum í heiti kellíngar, enn að öðruleiti var nafnið máð og ritað með sortubleki, þótti bændum í Hólsbrepp ísjárvert að gjöra kellíngu þar sveitlæga eptir svo óljósu handriti. Í Túnguhrepps kirkjubók var hundrað ára eyða, og sögðu sveitarmenn að eptir kirkjubókinni að dæma, væri eins líklegt að hún ætti ekki sveit þar í hrepp. Þá skyldi sýslumaður skera úr þrætunni og var honum ritað af hreppstjórunum. Sýslumanni varð heldur ógrett um svarið, enn svo búið mátti ekki standa, og tekur hreppstjórinn í Sigríðartúngu það ráð, að hann flytur kellíngu með tilstyrk sveitarmanna á Indriðahólshrepp. Hreppstjórinn þar bregður skjótt við, safnar að sjer mönnum, og lætur flytja hana um hæl yfir að Sigríðartúngu. Bænum í Sigríðartúngu var lokað, þegar sást til fararinnar, og fyrirbauð hreppstjóri nokkrum manni að vera svo djarfur að ljuka upp. Hinir skildu kellíngu eptir á hlaðinu, enn ekki var bærinn opnaður fyr enn Hólhreppíngar voru farnir burtu fyrir góðri stundu. Þetta var á miðri jólaföstu, og var veður fremur kalt fyrir gamalmenni, og var farið að slá að kellíngu þegar komið var út til hennar; sagði Bjarni hreppstjóri að best væri að velgja dálitinn mjólksopa ofan í hana áður enn farið væri með hana aptur. "Flytið þið mig nú hvurt sem þið viljið skepnurnar mínar!" sagði kelling, "enn guð fyrirgefi kónginum, nú situr hann og drekkur kaffi og brennivín og veit ekki hvað hjer gjörist"; þetta voru síðustu orð hennar hjer í heimi.

Ekki fór eins fyrir hreppstjórum þessum, eins og þeim Heródes og Pílatus forðum, að þeir yrðu vinir á þeim sama deigi sem kelling fór á milli þeirra, aldrei greri um heilt með þeim eptir þennan þráfluttníng, þeir sáust að sönnu opt á mannfundum og yptu höttum hvor að öðrum, enn ekki var það fyrir vináttu sakir, heldur af lotníngu fyrir embættinu; þeir rituðu stundum hvor öðrum til um hitt og þetta, sem snerti

sveita stjórnirnar, og töluðust opt við, og kallaði þá hvor annan signor í hvurju orði, enn ekki kom það heldur til af góðu, heldur hinu, að hvor um sig hugsaði „sje hann ekki signor þá getur og verið eg á um það hvort jeg sje Signor eða ekki.

Hreppstjórakonurnar þektust litið, enn ekki var það allsjaldan að þær spyrðu gesti og gángandi hvor um aðra; ekki var það af umhyggju eða velvild sprottið, heldur af metnaði niðrí, vildi hvorug vera annarar eptirbátur þareð þær höfðu jafnar mannvirðingar. Hreppstjórar þessir voru báðir góðir efnamenn; hreppstjóri Jón átti Indriðahólinn, enn Sigríðartúnga var konúngsjörð, þar hafði hreppstjóri Bjarni búið allan sinn búskap; ekki átti hann jarðir enn vel af lausafje. Jón á Hóli átti einn son, er Indriði hjet, hann var þá tíu vetra er saga þessi gjörðist. Indriði var snemma fríður sýnum og vaxinn vel, og afbragð þótti hann jafnaldra sinna fyrir styrkleika sakir, enda lifði hann ekki á moðunum hjá móður sinni; aldrei var svo hart um mjólk á Hóli, að Indriði yrði ekki að fá pott af spenvolgri nýmjólk í hvurt mál, og þetta kom mergnum í kögglana á honum; ötull var hann og framgjarn til hvurs sem gjöra var, nema að læra spurníngarnar, þó var nú því starfi svo lángt komið, að hann kunni þær allar vel, nema sjötta kapítulann, sem flestum verður örðugur. Mesta yndi og ánægja Indriða var jafnan að vera eitthvað að tálga, og þvínæst að sinna um fje föður sins. Hann var skygn vel og fóthvatur, og heppnaðist betur enn flestum öðrum fjárgæsla, og fann opt þegar vantaði þar sem aðrir voru frágeingnir leitinni. Eina á átti hann móbotnótta að lit, hún hafði verið gefin honum í tannfje, og var allra mesta heppnisskepna; hún var tvílembd á hvurju vori, og sögðu menn Indriða fjesælan verða mundu; seldi Indriði lömbin á hvurju hausti fyrir peninga, er móðir hans varðveitti fyrir hann. Nú var Botna orðin svo farin og lasburða að hún mátti ekki leingur fylgja fjenu, eður bíta gras til holda, þó hásumar væri, enn ellidauð átti hún að verða, því

hafði Indriði heitið; var hún því hörð á baðstofugólfi og gefin mjólk sem barni með pípu, enn studd úti hlaðbrekkuna, þegar best og bliðast var veður.

Þau Bjarni í Sigríðartúngu áttu þrjú börn; Ragnheiður hjet hið elsta, og var hún gefin bóndamanni þar í sveitinni; son áttu þau er Ormur hjet, hann hafði Bjarni til læringar sett, og var hann með föður sínum á sumrum enn í heimaskóla á vetrum; *móðir hans unni honum mikið, og vildi að hann* yrði prestur, og valla hafði Ormur numið svo mikið í latínu máli, að hann gæti sett tvö orð gallalaust saman, áður móðir hans fór að telja saman lambsfóður og preststíundir á bestu brauðunum, sem hún þekti, og jafna öllu saman, til að vita um hvurt brauðið hann Ormur sinn skyldi biðja. Yngsta barn hjónanna í Sigríðartúngu hjet Sigríður, það var móðurnafn bónda, og þótti honum harla vænt um hana, enn ekki hafði hún jafnmikið ástríki af móður sinni; galt hún þess hjá móðurinni sem hún naut hjá föðurnum, það er nafnsins, og þess að hana svipaði í ætt til föðurömmu sinnar; sagði Ingveldur opt við sjálfa sig, þegar hún leit framan í barnið, „er það ekki eins og jeg sjái sneypuna hana teingdamóðir mína þarna lifandi."

Það er nú þessunæst að segja, að þetta sumar var það ætlunarverk Indriða á Hóli að hann skyldi smala á mornana, enn sitja hjá á daginn; beitarlandið frá Hóli er fram um dalinn enn upprekstrarland bænda og afrjetti fremst í dalbotninum; Kvíslenu var haldið fram um Grænuhjalla, og þar sat Indriði hjá, og varð honum aldrei vant úr hjásetunni, enn örðugar gekk honum að vakna á mornana svo snemma sem þurfti, og var í fyrstu ekki ugglaust að faðir hans yrði að vekja hann á stundum nokkuð hvatskeytlega, líður svo fram að slætti, tekur þá fjeð að spekjast, enn Indriði að venjast við að fara nógu snemma á fætur.

Í Sigríðartúngu varð það til tíðinda einn morgun á nýbyrjuðum túnslætti, að rekja var góð, og var Bjarni bóndi geing-

inn heim úr slæjunni, og sjer að Ormur sonur hans sefur enn; þá voru liðin dagmál; seigir hann þá við Ingveldi konu sína:

"Seint stígur Ormur frændi úr rekkju, og líst mjer að þú vekir hann til skattsins, hann gjörir ekki annað hvurt sem er enn matast; nú er hann þegar sextán vetra og kann þó ekki að bera ljá í gras, margur myndi mæla það, að þroski hans sje svo mikill orðinn að hann gæti hjakkað af einhvurjum þúfnakollinum, þarsem allir aðrir eru eitthvað að gjöra."

"Og jæa! honum þykir gott að lúra á mornana ríunni, enda mun verða önnur iðja og ákvörðun hans enn að ganga út í túnið með kallmönnunum að orfinu."

"Biddu nú við! hann er ekki orðinn klerkur enn þá, mjer sýnist þeir verði ekki allir prestar, sem kennt er."

"Vissi jeg það að hann Ormur minn yrði ekki prestur," seigir Ingveldur, "þá skyldi jeg ekki hafa eggjað þig á að láta kenna honum, enn jeg vona að guð minn góður heyri mina bæn, og láti hann verða prest og komast á eitthvað gott brauð hjerna einhvurstaðar nálægt okkur, og heldurðu þá að hann þurfi að slíta sjer út við orfið?"

"Ekki tekur til nema þurfi, og er honum einginn skömm eða skaði að kunna til verka; enn það er ekki í fyrsta sinni að þú mælir alt eptir honum."

"Eins og þú eptir henni Siggu."

"Þetta er nú barn enn þá krakkinn, og er ekki von til að hún geti miklu af kastað."

"Hún gæti þó setið hjá stelpan, á daginn, þetta varð jeg að gjöra á hennar aldri, og hennar Guðrúnar þarf jeg við heima við bæinn."

Um þetta kittu þau hjónin nokkra stund, enn sá varð endir málanna, að Ormur fór með föðnr sínum út í tún, og voru honum feingnir nokkrir þúfna kollar til að reyna sig við; enn Sigríður litla varð í fyrsta sinni að labba eptir fjenu fram fjár götur, fremur hrygg í huga, með askinn sinn í hendinni. Hún

var þá á níunda árinu, og heldur lítil vexti eptir aldri. Móðir hennar kvíslaði að henni áður enn hún fór á stað: "Þú verður hýdd kinðin þín! ef þú kemur ofsnemma heim í kvöld, eða ef þú týnir nokkru af sjenu." Guðrún vinnukona var látin fara með henni til þess að sýna henni hvar hún ætti að halda sjenu til haga. "Vertu ekki að skæla telpa mín," sagði Guðrún, þú þarft ekki að hræðast huldu fólkið á dalnum, það gjörir þjer ekkert mein." Þessi huggunar orð voru ekki til annars enn að rifja upp fyrir Sigríði allar sögurnar, sem hún hafði heyrt um hann Alfhól og hann Draugahvamm, það voru tvö örnefni þar á dalnum. Að lítilli stundu voru kindurnar runnar fram eptir götunum; enn er þær voru komnar þar sem grænu hjallarnir breiðast út, tóku þær að dreifa sjer um börðin og lágarnar og fóru að bíta blómgresið.

"Hjerna áttu nú Sigga mín! að láta sjeð vera," segir Guðrún, "þú átt að hafa gætur á, að það hverfi ekki upp af brúninni, enn fram eptir hlíðinni er óhætt að það fari; þú skalt ekki hnappsitja það, því þá dettur úr því nytin; þegar forsælan er komin ófan í slakkann þarna, þá er tími til fyrir þig að fara að hóa því saman, og gáðu að, að ekki verði eptir í lautunum; varaðu þig á henni stóru Bildu, hún er vön að læðast upp með gilinu, og hefur gjört mjer það tvisvar sinnum, svo jeg varð að elta hana upp á fjall, skituna þá arna; sigaðu honum lubba ekki mikið á ærnar, honum er hætt við að hrifsa í þær, og vertu nú sæl!"

"Æ! farðu ekki undireins frá mjer Gunna mín!" sagði Sigríður litla hálfkjökrandi, "jeg dey útaf úr hræslu og leiðindum."

"Vertu ekki að neinu vóli stelpan þín!" sagði Guðrún og reif sig af henni og hljóp sem fætur toguðu, og var horfin á svipstundu. Brjóst Sigríðar litlu þrútnaði þá af svo miklum ekka, að henni fanst það ætlaði að springa; tárin flutu niður um litlu kinnarnar; henni sortnaði fyrir augum, enn fæturnir gátu ekki valdið þúnga líkamans; hún hnje niður þar sem hún

stóð, og grúfði sig niður að jörðinni og grjet hátt; loksins varð hún svo þreytt af að gráta, að hún sofnaði út af, og þá dreymdi hana að henni þótti koma til sín maður í hvítum klæðum, hann strauk um augun á henni, og mælti: "Jesús Kristur huggur góðu börnin, sem gráta"; við þetta vaknaði hún, og varð henni það fyrst, að hún þreifaði með hendinni um kinn sjer, og fann að hún var ekki vot, enn nokkuð sár og bísna heit, einnig fann hún til dálítils höfuðverkjar; brjóst hennar var ljettara, og hjartað barðist ekki af ekka, enn ennþá stirndi í bláu augun litlu; sá sem þá hefði komið í lautina þar sem Sigríður sat, og litið í augu hennar, myndi hafa sagt við sjálfan sig: hvurnin stendur á því, að sólin blessuð, sem skinið hefur hjer í allan dag, hefur ekki getað þerrað daggperlurnar af blágjólunum tveimur, sem allra fallegastar eru hjerna í brekkunni. Ótti sá og skelfing, sem verið hafði í Sigríði litlu áður enn hún sofnaði, var nú að miklu leiti horfinn, eða hafði ekki ráðrúm til að vinna á hana, því hún var nú að hugsa um það, sem hana hafði dreymt; hún setti sig síðan niður í brekkuna og fór að lesa bænir sínar, og las þær upp aptur og aptur, og fanst henni nú sem hún feingi af því nokkra hugsvölun; enn er þetta hafði geingið nokkra hríð, heyrðist henni alt í einu sem hundar geltu hinsvegar í dalnum; hún reis þá á fætur og gekk upp á hæð eina, sem stóð þar nálægt brekkunni og litaðist um; alt var kyrrt og tómt í dalnum; sólin var farin að lækka á himninum, og kvöldskuggarnir voru farnir að færast ofan eptir vestari hlíðinni, og nærri því komnir ofan í slakkann. Sá þá Sigríður að hún hafði sofið furðu leingi, og datt henni nú í hug það sem Guðrún hafði sagt henni, að hún skyldi fara að reka fjeð saman þegar forsælan væri komin ofan í slakkann; enn sem hún nú var að hugsa um þetta með sjer, varð henni litið yfir um ána, og í hvamm einn þar á móti; þar var hóll einn í miðjum hvamminum og grár steinn efst á hólnum, og sýndist Sigríði piltur svartklæddur koma út úr honum, og hverfa skjótara enn auga

væri rent, upp eptir hvamminum. Nú fór Sigríði ekki að litast vel á blikuna, og vildi nú sem fyrst vera komin burt úr dalnum; hjarta hennar fór að berjast um í brjóstinu af hræslu, enn í sama bili heyrir hún hóað hinumeigin í dalnum svo hátt, að ómaði í báðum hliðunum. Lubbi Sigríðar hafði leigið um daginn þar í brekkunni fram á lappir sínar ekki langt frá Sigríði, enn er hann heyrði hóið bergmála í klettunum, stökk hann upp, hristi sig og bretti eyrun, og tók alt í einu undir sig fætur og var horfinn Sigríði á svipstundu. Kindurnar stukku úr hliðargeirunum og hlupu allar saman í einn hnapp rjett hjá brekkunni. Sigríður tók þá í skyndi að kasta á þær tölu, og taldist henni einga vanta. Meðan Sigríður var að telja var forsælan komin ofan í slakkann, og fór hún þá að reka heim, og kom með fjeð á bólið í þann mund, sem vant var að mjalta á kvöldin og var eingrar áar vant; þótti mönnum Sigríði litlu hefði tekist vel hjásetan í fyrsta sinni.

Næsta dag, er Sigríður skyldi sitja hjá, fór hún ekki eins hrygg á stað, eins og hinn fyrra daginn; þó gat hún ekki gjört að sjer allajafna á leiðinni fram eptir að vera að hugsa um álfafólkið á dalnum og um sauðsvarta dreinginn, sem hún hafði sjeð daginn áður. Þegar hún kom í brekkuna þar sem hún hafði verið daginn áður, settist hún niður, lagði að sjer hendur, og fór að lesa bænir sínar; enn er hún hafði lesið um hríð, varð henni litið yfir ána, sjer hún þá hvar rann þjettur fjárhópur fram með ánni hinumeigin, enn eptir fjárhóp þessum fór piltur dálitill á stærð við þann, sem hún hafði sjeð daginn áður, enn pilturinn var ekki eins klæddur, hann var á hvítum brókum og svartri peysu með röndótta húfu á höfðinu. Sigríður starði á hann um stund, enn sagði síðan við sjálfa sig: piltur þessi getur ekki verið álfabarn, það verður að vera einhvur smalapiltur. Úr brekkunni, sem Sigríður var í, var allskamt ofan að ánni, áin var þar ekki breið og fjell þar fram á millum tveggja klettasnasa, er hófust lítið eitt upp yfir árbakkana. Sigríður

gekk fram á snösina sín meigin og stóð þar. Kindurnar liðu hægt og hægt og smábitandi undan piltinum, eun hann fór spöl korn á eptir; og er hann kemur þar móts við, sem Sigríður stóð við ána, verður honum litið yfir um, og sjer að þar stendur kvennmaður ekki allstórvaxin; hann nemur þá staðar og starir um stund á hana, enn hleypur síðan fram að ánni og kallar á Sigríði og spyr hana að heiti.

"Sigga Bjarnadóttir heiti jeg."

"Smalar þú þar í Túngu?"

"Jeg á að sitja hjá; en hvað heitir þú?"

"Indriði frá Hóli heiti jeg, og sit hjá eins og þú."

"Leiðist þjer ekki að sitja hjá einsamall?"

"O nei! ekki svo mikið þegar gott er veðrið, enn hvar er húsið þitt?"

"Jeg á ekkert hús enn þá hjerna fram frá; átt þú nokkuð hús?"

"Já hjerna inn í hvamminum, og þar sit jeg á daginn og er að smíða, það er svo stórt, að við gætum verið þar bæði, og staðið upprjett; enn það er ilt að þú getur ekki komið yfir um til mín, þá skyldum við leika okkur saman, því jeg sje að þú ert lítil eins og jeg, eða leiðist þjer ekki á daginn þar sem þú átt ekkert hús?"

"Jú, mjer leiðist ósköp", segir Sigríður, "og svo er jeg svo hrædd við álfafólkið, sem hvr vera hjerna á dalnum."

"Hjer er ekkert álfafólk, held jeg", sagði Iudriði, "eða hefurðu sjeð nokkuð af því?"

"Já, jeg sá ígær svartan strák svo ljótan skjótast þarna út úr gráa steininum, sem stendur þarna inni hvamminum".

"Þar er einginn grár steinn! það er húsið mitt, sem stendur þarna á hólnum, kelli mín! og það hefur líklega verið jeg, sem þú sást; enn nú verð jeg að fara og hóa kindunum dálítið leingra fram eptir og svo kem jeg aptur, því mjer þykir gaman að tala við þig."

Þessar urðu fyrstar samræður þeirra Indriða og Sigríðar; enn eptir það sáust þau og töluðust við þar við ána á hverjum degi og leið ekki á löngu áður þau yrðu mestu mátar. Á mornana, þegar þau komu með fjeð í hagann, geingu þau fram á klettasnasirnar, sitt hvoru meiginn, og heilsuðust og sögðu hvort öðru tíðindi; á daginn þegar veður var gott, sátu þau og ræddust við yfir ána: sögðu hvort öðru sögur og kváðust á; hvort hafði yndi af öðru; Sigríður grjet ef Indriði kom einhverju sinni seinna enn vandi var til með fjeð á dalinn, enn hoppaði og ljek af gleði þegar hún sá hann koma. Viðlíka fór fyrir Indriða, að honum fanst hvur sú stundin leið og löng, sem hann varð að sjá af Sigríði.

Þannig leið sumarið, og var Sigríði orðið svo kært að sitja hjá, að hún nær því kunni hvurgi við sig annarstaðar enn á dalnum, og hlakkaði til á hverjum morni að fara þángað. Einn dag um haustið, sagði faðir hennar við hana, að nú ætti hún ekki leingur að sitja hja, því hjer eptir yrði fjeð ekki mjólkað meir enn einusinni á dag. Þessar frettir þóttu Sigríði ekki góðar, enn beiddi þó föður sinn að lofa sjer um daginn að skreppa fram á dalinn að sækja hitt og þetta smálegt, er hún ætti eptir í húsinu sínu og kveðja Indriða vin sinn; og leyfði faðir hennar henni það. Sigríður gekk að venju ofan að ánni og fram á klettsnösina, og ætlaði að bíða Indriða þar, enn sama dag var hætt að sitja hjá á Hóli og kom Indriði ekki. Sigríður beið leingi, enn varð loks að snúa aptur við svo búið, og varð nú að skilja við dalinn nær því eins hrygg í huga eins og þá er hún fór þángað í fyrsta sinni til hjásetunnar.

Ekki fundust þau Sigríður og Indriði þenna vetur hinn næsta, og sumarið eptir var Sigríður ekki látin sitja hjá, og var hún þó til þess ætluð, enn það fórst fyrir með svofeldum hætti, að um vorið fekk hún ilt í hægra fótinn, bólgnaði hanu allur upp, og gjörðist úr því fótarmein og greri seint; lá hún í því leingi sumars. Indriði á Hóli sat og ekki hjá það sumar; hann

þótti svo ötull og laglegur til allra verka, að faðir hans þóttist hafa meira gagn af að hafa hann heima við heyvinnu, enn að láta hann gæta fjárins, og var stúlka feingin til þess, sem liðljettari þótti. Þó smalaði Indriði sem fyrr á mornana; leið svo af sumarið fram til rjettanna. Upprekstrarland hænda var sem áður er umgetið, framí Fagradalsbotni; þar áttu Hólhreppingar og Túngsveitarmenn saman rjett mikla, skyldu hvorutveggir hreppsmenn leggja til menn í gaungur. Jón hreppstjóri átti geldfje mart og lagði hann til þrjá menn í leitirnar; þar var Indriði, sonur hans, einn þeirra. Veður var gott fjallreiðadaginn; kom þar mart manna neðan úr hjeraðinu; þótti það mannfundur bestur þar um sveitir; höfðu menn með sjer vistir og tjöld, því sjaldan endtist dagur til að skilja fjeð leitardaginn. Að liðnu nóni voru flestir leitarmenn komnir; dreifði fjeð sjer um dalinn, enn menn tóku þá til malsekkja sinna og settust niður og snæddu og biðu þeirra, sem ókomnir voru; líður svo fram að miðjum aptni og vantar þá eingan nema Indriða hreppstjóra son, og heldu menn hann hafa vilst, og voru farnir að tala um að leita hans; enn í því heyra menn hundaglamm fyrir ofan nyrðri brúnina og skömmu síðar bólar á fjárhóp; er þar kominn Indriði með mart fje; hann hafði átt að leita dalnokkurn, sem geingur upp úr Fagradalsdrögum, enn ekki fundið þar fjár, þótti honum nú óvirðing að hverfa aptur við svo búið og koma kindalaus til rjettanna; gekk hann þá upp úr dalnum vestan verðum og vestur um fjöll uns hann kom að vatni einu miklu, þar fann hann mart fje og hjelt síðan heim með það, enn upp hafði hann geingið bæði sokka og skó. Nú var orðið svo áliðið daginn, að ekki þótti taka því að reka inn, og biðu menn morguns í tjöldunum. Um morguninn var veður hjart og risu menn árla, og tóku að rjetta; kom þá enn fjöldi manns úr hjeraðinu. Þar kom Sigríður úr Túngu og móðir hennar og horfði á, á meðan verið var að draga, enn var þess á millum með öðrum smámeyjum að leikum. Indriði

gekk til og frá eins og aðrir sveinar, og varð honum einhvurntíma reikað þar að sem þær ljeku meyjarnar; verður honum þá brátt litið á Sigríði, og þekkir hana; Sigríður kom um sama bil auga á Indriða og fór henni eins og honum að hún kennir hann; hlaupa nú bæði jafnsnemma hvort að öðru og mætast á miðri leið og kyssast, enn Indriði varð fyrri til máls og segir:

"Jeg þekki þig, telpa mín! þú ert frá Túngu og heitir Sigga, mjer þyki ósköp vænt um þig."

"Mjer þyki eins ósköp vænt um þig, Indriði litli! jeg þekki þig síðan í fyrra, enn nú hefi jeg ekki sjeð þig svo leingi."

Þetta stutta viðtal þeirra var með svo mikilli alúð og einlægni, sem börnum einum er veitt, að auðsjeð var að sálir þeirra voru enn hreinar og saklausar, og lángt væri sá maður kominn á veigi spillingarinnar, er sjeð hefði þessi börn og ekki hefði sagt í hugskoti sínu: "o! að jeg væri aptur orðinn barn í hjarta, þá þyrfti jeg ekki að dylja hugrenníngar mínar fyrir mönnunum."

Indriði tók Sigríði við hönd sjer, "og lofaðu, mjer," segir hann, "að sýna þig henni móður minni, því að jeg hefi opt sagt henni frá þjer, og hvað mjer þykir vænt um þig."

Þau fóru síðan bæði til Ingibjargar og kysti hún Sigríði í krók og kríng og sagði að hún væri fallegt barn, og bað Indriða að vera henni góðan.

Um þetta leiti höfðu þeir ýngri mennirnir, sem við rjettina voru, tekið sig saman um, að fara í bænda-glýmu þar á vellinum, og tóku til þess hvurn pilt, sem farinn var að stálpast, varð Indriði að fara með og svo Ormur frá Túngu. Síðan er öllu liðinu skipt í tvo flokka, og vorn þeir Túnguhreppsmenn í öðrum, enn Hólhreppíngar í öðrum; völdu hvurutveggir sjer bændur, skipuðu liði og sögðu fyrir hvurnin menn skyldu að gángast: þeir skyldu glýma fyrst, er óhraustari voru, enn úrvalaliðið síðast, og svo bændur sjálfir. Var nú markaður glýmuvöllur, og tóku menn að glýma, enn konur og hinir eldri-

menn, sem ekki feingust við að draga úr rjettinni, sátu hjá og horfðu á, og var það góð skemtan; veitti þeim Túnguhreppingum þýngra í fyrstu. Ormur frá Túngu gekk þá fram, og á móti þeim manni af liði Hólhreppinga, er Bjarni hjet, ekki höfðu þeir leingi glýmt áður Ormur þreif Bjarna upp á klofbragði og sleingdi honum á völlinn. Tvo feldi Ormur enn af þeim Hólverjum. Þá stóð upp maður af liði þeirra Indriða hólsmanna, er Þorgrímur hjet og kallaður Tröllí; hann var maður stór vexti og ramur að afli; hann þrífur til Orms með mikilli reiði; kendi þar aflsmunar, sveiflaði hann Ormi kringum sig sem snældu, enn Ormur var mjúkur og fótviss, og fell ekki að heldur, og gekk so um stund, og tekur Þorgrímur að mæðast; það finnur Ormur og gjörir aðsókn hina snörpustu, enn Þorgrímur stóð þjett fyrir sem jarðfastur klettur og getur Ormur ekki komið við neinum brögðum; loksins tekur Þorgrími að leiðast þauf þetta, sleppir nú tökunum á Ormi og ætlar að grípa hann hriggspennu, enn Ormur verður fyrri til, og hleypur innundir hann, og hefur hann upp á hnikk, og kastar honum á völlinn; verður þá óp mikið af hendi þeirra Túngusveitarmanna og lofar hvur maður hreisti Orms og framgaungu. Eptir þetta geingur Ormur fram á völlinn, og seigir: mikinn garp höfum vjer hjer að velli lagðan, eður hvurn látið þjer nú fram Hólveriar? Ekki er maður stór eða sterkur, sögðu Hólverjar, Indriði litli frá Hóli er nú næstur til framgaungu, og mun þjer ekki örðugt að brjóta hann á bak aptur. Indriði gekk fram, og takast þeir Ormur tökum; ekki hafði Indriði afl við Orm, enn svo var hann liðugur, að ekki mátti Ormur hann af fótum færa, enda lýðist Ormur skjótt er hann var móður áður. Þar var púfa ein á glýmuvellinum utanverðum, þángað færðu þeir leikinn, og sá Ormur ekki púfuna, enn Indriði stökk öfugur yfir hana, og í sama vetfángi kippir hann Ormi að sjer, og urðu honum lausar fætur og fellur áfram á annað hnje. Gjörðu þá Hólverjar sköll mikil og kváðu lítið hafa lagst fyrir

kappann. Ormi þótti þetta hin mesta óvirðing og vildi ráðast að Indriða í annað sinn, enn Hólverjar sögðu að sá leikur væri þegar fullreyndur. Eptir þetta geingust menn að, sem skipað var, og stóðu síðast aungvir uppi nema bændur sjálfir; glýmdu þeir bæði leingi og sterklega, enn svo lauk um síðir að þeir fellu báðir í senn. Höfðu menn haft af þessu hina mestu skemtan, enn Íngveldi í Túngu sveið það mjög að Ormur hafði fallið fyrir Indriða, "eða því ljestu stráköhræsið fella þig?" segir hún, eða því hefndir þú þín ekki á honum. Ormur kvað það ekki sæma að menn erfðu slíkt leingi.

"Þá skal jeg ekki vera búin að gleyma því í kvöld", sagði Íngveldur, "enda er mjer það ekki minni skömm enn þjer sjálfum, því það er eins og jeg hafi aldrei tímt að gefa þjer að jeta."

Ekki töluðu þau mæðgin meira um þetta að því sinni.

Á meðan þeir sveinarnir glýmdu, höfðu þeir bændurnir haldið áfram að draga úr rjettinni, og var nú komið að því að þeir þar af næstu bæjunum dragi sitt fje; drógu þeir jafnan síðastir, enn þeir, sem voru leingst að drógu fyrst. Sá maður var þar við rjettina, er Ásbjörn hjet, er svo var glöggur á fje, að hann þekti hvurja kind, ef hann hafði sjeð hana einusinni áður, hann vissi og hvaða mark hvur maður átti í hinum tveimur næstu sýslum; hann stóð jafnan í miðjum rjettardýrum, og skoðaði hvurja kind, sem dregin var og sagði hvur átti, og reigði hann eingi maður; og kæmi einhvurntíma nokkur ágreiníngur milli manna um mörk, var hann látinn skera úr þrætunni, því menn vissu að Ásbirni bar saman við markabækurnar. Geingu menn nú fast að að draga eptir að bænda glýmunni var lokið.

"Þessa kind veit jeg ekki hvur á", sagði Ásbjörn, og þuklaði um eyrun á einni tvævetlu, "kallið þið á hreppstjórann í Túngu, það er alt undir því komið, hvurt hjer hefur verið biti, enn eins er og þarna sje bris á eyranu piltar! eða hvað

seigir þú Jón á Lækjamóti? Yfirmarkið er hreppstjórans í Túngu, blaðstíft framan hægra og fjöður aptan vinstra, enn sje þarna biti aptan hægra þá á hann Jón á Gili hana, enn metfjeskepna er það, hvur sem hana á, hvar er hreppstjórinn?"

"Hjer er jeg, eða hvað er þjer á höndum núna Ásbjörn minn?"

"Eigi þjer þessa tvævetlu, signor Bjarni?"

"Það veit jeg ekki, ef að markið mitt er á henni þá á jeg hana, annars ekki."

"Hjer er nokkur vafi á, þarna eru blaðstífingarnar og fjöðrin, enn skoði þjer nú sjálfir! hjerna er eins og eitthvað ben hafi verið á eyranu, líklegast biti, enn illa er hann gerður, og þá á hann Jón á Gili hana; því eins og þjer munið er markið ykkar eins, nema það sem hann brá bitanum út af, þegar hann kom hjerna í sveitina."

"Jeg þori ekki að segja neitt um það, Ásbjörn minn! það er best að kalla á fleiri til að dæma um það mál; sækið þið hann Guðmund smala og hann Jón á Gili sjálfan, því ekki vil jeg mjer sje eignað annað enn það sem jeg á."

Þá var farið eptir þeim Guðmundi og Jóni, og kom Guðmundur fyrr.

"Þekkir þú þessa tvævetlu Gvendur!" sagði Ásbjörn, "á hreppstjórinn hana?"

Guðmundur skoðaði tvævetluna í krók og í kring, enn sagði síðan að þar um gæti hann ekki sagt með neinni vissu.

"Æ hvaða smali er það skrattinn sá arna að þekkja ekki kindurnar hans húsbónda síns", sagði Ásbjörn; "mjer er þó næst skapi að halda að hann eigi hana; það er eins og mjer sýnist að jeg hafi sjeð þessa kind áður, þegar jeg kom fram að húsunum þar í Túngu í vetur, enn ekki þóri jeg að sverja það, held jeg, nei ekki þori jeg að sverja það, og síðan þetta bris, sem þarna er á eyranu."

Í þessum svifunum kom Jón á Gili þar að, og skoðaði markið, og segir:

"Mjer sýnist enginn vafi þurfi að vera á um hana, markið mitt er á henni, jeg á hana."

"Og ekki er það nú skírt á henni markið þitt, enn hitt er það, ef þú þekkir hana og þorir að sverja þjer hana", sagði Ásbjörn.

"Hvort sem heldur væri", sagði Jón, "þar sem markið mitt er á henni; jeg á ekki svo mart fjeð, að jeg ætli að láta draga það af mjer, sem jeg á."

"Nær er mjer þó að segja, að þú eigir ekkert í henni."

Rjett í þessu kom Sigríður litla frá Túngu hlaupandi þar að, sem þeir voru að þrefa um tvævetluna, og kallaði áður enn hún kom til þeirra: "æ, þarna er hún Kolla mín blessuð komin af fjallinu!"

"Hvar sjer þú hana?" sagði Bjarni.

Hjerna! þetta er hún Kolla mín, jeg þekki hana."

"Er þetta hún Kolla þín?" gall Ásbjörn við.

"Já, Ásbjörn minn! hún er undan henni Forustuhníflu hennar móður minnar; enn hvað er orðið af græna spottanum, sem var í eyranu á henni?"

"Á, heyrir þú nú, Jón góður!" sagði Ásbjörn, "þetta er hún Kolla hennar Sigríðar litlu, heldur þú að barnið skrökvi? og þarna hefur verið dreigið í eyrað á henni, enn rifnað út úr, og er svo gróið saman aptur, og því er þarna brixlið á eyranu; jeg vissi það líka, að jeg þekti svipinn, þó jeg kæmi honum ekki fyrir mig, enn nú kannast jeg við það, að hún er af Hníflu kyninu."

"Það er eins og vant er fyrir þjer, Ásbjörn sæll!" sagði Jón, "þú dregur þeirra taum, sem þú heldur að geti gefið þjer betra að jeta, enn í þetta sinn skaltu ekki fjefletta mig, því jeg á kindina með öllum guðsrjetti, eins og á eyrunum má sjá."

"Það lýgur þú", sagði Ásbjörn, og reiddist því, er Jón sagði að hann væri hlutdrægur.

"Á, lýg jeg það!" sagði Jón og brá hendinni framaná nasir Ásbirni, svo úr dreyrði; Ásbjörn slepti þá tvævetlunni og ætlar að rjúka í Jón, enn hreppstjóri Bjarni hljóp í fángið á honum, og hjelt honum, enn tveir aðrir tóku Jón og öptruðu honum að berja Ásbjörn meira. Ásbirni þótti það ílt, er hann náði ekki að hlaupa að Jóni, og beiddi hreppstjóra grátandi að lofa sjer að slá prælinn dálítið, "því jeg er óvanur því að mjer sje gefið á nasirnar fyrir ekkert, eða þurfti hann að gefa mjer á hann, þó að jeg kallaði hann lygara, það er hann, og þetta var þá ekki það stóryrði." Bjarni ljet sem hann heyrði það ekki, og reyndi til á allar lundir að stilla til friðar með þeim, og tókst það svo um síðir, að þeir kystu hvor annan og beiddu hvor annan fyrirgefníngar; enn tvævetluna skipaði hann að leiða til fjár Jóns á Gili, og kvað nóg ílt af henni hlotist hafa, og skyldi hún ekki optar verða prætuefni. Þegar Sigríður litla sá að Kolla var burtu leidd, og heyrði að Jón á Gili ætti að eiga hana, gat hún ekki gjört að sjer að fara að gráta, því henni þótti svo vænt um hana, og hafði svo leingi hlakkað til að sjá hana aptur af fjallinu; hún settist þá undir annan rjettarvegginn og táraðist. Indriði litli frá Hóli var staddur skamt þar frá, og sá að Sigríður fór að gráta. "Æ, jeg get ekki sjeð hana Siggu litlu gráta", sagði hann við sjálfan sig, og gekk til hennar; "hvað geingur að þjer, Sigga mín? mjer er svo vel við þig, að tárin koma fram í augun á mjer, þegar jeg sje þig gráta", sagði hann, og klappaði Sigríði á herðarnar með hendinni; "segðu mjer, hvað geingur að þjer?

"Æ, mjer þótti svo mikið fyrir að missa hana Kollu mína, hún er svo falleg, enn nú hefur hann faðir minn látið óræstið hann Jón á Gili taka hana frá mjer; þetta var sú eina kindin sem jeg átti, og það er svo gaman að eiga sjálf kind."

"Vertu samt ekki að gráta út úr því, Sigga mín góð!"

sagði Indriði, "jeg á tvö lömb hjerna í rjettinni, og mátt þú eiga hvort þeirra sem þú vilt; hún móðir mín hefur sagt, að jeg mætti gefa þjer annað, og kondu nú og skoðaðu þau." Sigríður varð þessu ofur glöð, og fór Indriði með hana þángað sem lömbin voru; það voru tvö gymbrarlömb ofur fjeleg, og bauð Indriði Sigríði að kjósa sjer hvort sem hún vildi; sagði Sigríður föður sínum frá gjöfinni, og sagði hann það fallega gjört af Indriða, og sagði Sigríði að þakka Indriða fyrir með kossi; "enn þú, Indriði! skalt einhvurntíma koma yfir að Túngu í vetur að finna hana Siggu litlu, því vera má að þið únga fólkið fellið meira huga saman enn við feður ykkar, og vil eg ekki meina ykkur það. Varð nú ekki fleira til tíðinda að því sinni; enn um veturinn voru frost mikil og ísalög, og lagði Fagurá þar á milli bæjanna og mintist Indriði einhvurn sunnudag á, hvað Bjarni í Túngu hafði sagt við hann, og biður foreldra sína, að lofa sjer yfir að Túngu að finna Siggu, og játtu þau því, enn seigja honum að vera kominn aptur fyrir vökulok. Indriði kom að Túngu; og fagnaði Bjarni honum vel, og svo Sigríður, enn Íngveldur ljet sjer fátt um finnast. Ormur Bjarnason var þar fyrir, hafði hann feingið leyfi af kennara sínum, að finna foreldra sína um helgina; urðu þeir Indriði brátt góðir vinir, einsog ekkert hefði í skorist með þeim; voru þau öll að leikum um daginn börnin, og bjuggu sjer snjókellíngar eða rendu sjer; í rökkrinu höfðu þau það að skemtun að kveðast á; voru þeir sveinarnir báðir á móti Sigríði, og veitti þó miður, því Sigríður kunni allar Úlfarsrímur spjaldanna á milli auk alls annars. Eptir að búið var að kveikja og borða, mintist Sigríður á, hvort ekki ætti að fara að spila; það þótti þeim Indriða og Ormi gott ráð. Íngveldi þótti og gaman að spila, og var hún sú fjórða, og er nú farið í alkort.

"Við Indriði verðum saman", sagði Sigríður.

"Spilin skulu því ráða", sagði Ormur; því ekki var hon-

um meir enn svo um að vera saman við móður sína, er hann vissi að hún var sjaldan vön að fá lýju.

"Hjartakóngur er hjer", sagði Indriði.

"Og hjerna er hjartadrottníng og þá erum við saman, Indriði minn! eins og jeg vildi, og fáðu nú gott, því við eigum að vinna."

Er þá tekið til að spila, og gekk þeim Indriða betur: hvur strokan og múkurinn eptir annan.

"Nú skulum við einusinni fá stroku, Ormur litli!" sagði Íngveldur, í því hún rjetti spilin að Indriða til að draga, "enn það er vest að hún Sigga á útsláttinn."

"Nei! nei! ekki held jeg verði stroka í þetta sinn", segir Sigríður ofur glöð, í því hún tók upp spilin, "því hjerna fekk jeg fjóra besefa í einum slag."

"Fjóra besefa í einum slag! þá verður að gefa upp aptur."

"Æ nei, móðir mín góð! þeir voru ekki nema þrír, enn þann fjórða fekk jeg í öðrum slag; jeg hefi ekki nema níu á hendinni."

"Víst voru þeir fjórir í einum slag, spilið er ónýtt"; varð þá að vera sem Íngveldur vildi, og gefur hún upp aptur.

"Það var þá ekki verra", sagði Sigríður í hálfum hljóðum, og ætlar að stíga fætinum ofan á tána á Indriða, og átti það að þýða hjartatvistinn, enn stje í þess stað óvart ofan á fótinn á móður sinni undir borðinu.

"Þetta spil er ógilt," sagði Íngveldur, þá er hún skoðaði hjá sjer spilin, og sá að stóra Brúnkolla var hæsta spilið "Þú sagðir honum Indriða til, og stjegst ofan á fótinn á mjer, stelpan þín! og svo stelur þú úr stokknum, held jeg, og því fæ jeg ekki rod."

"Nei, það gjöri jeg ekki, móðir góð!"

"Ætlar þú að bera ámóti því sem jeg sje, jeg vil ekki spila við þig; það er best að fara í þjóf og láta hýða þig!"

Þá kölluðu allir: "já þjóf! við skulum fara í þjóf"; enn

Íngveldur vildi nú ekki spila meira, og varð svo ekki úr spilamenskunni framar, enda var þá farið að líða á vökuna og vildi Indriði fara að fara heim. Bjarni hreppstjóri skipaði einum af vinnumönnum sínum að fylgja Indriða yfir að Hóli, enn bað Indriða að koma þar optar, er hann hefði tíma til "því mjer seigir svo hugur um að þú verðir gæfumaður, og eru komur þínar hingað mjer kærar." Sigríður litla beiddi föður sinn að lofa sjer að fylgja Indriða á veg ofan fyrir túnið, og leyfði hann það. Þegar komið var ofan fyrir túnið, seigir Sigríður við Indriða "hjer verð jeg að snúa aptur, Indriði minn! jeg má ekki fylgja þjer leingra í þetta sinn, enn þetta sagði hann faðir minn mjer að jeg skyldi gefa þjer, því hann veit að þú ert smiðsefni, enn þessir leppar eru frá mjer sjálfri, jeg hef prjónað þá sjálf, og vertu nú sæll og blessaður! og kondu bráðum yfir um aptur, ef þú getur, því mjer þykir svo vænt um að sjá þig, og get aldrei gleymt þjer." Indriði kysti Sigríði fyrir gjafirnar og þótti harla vænt um þær, einkum hefilinn og sögina, sem Bjarni hafði sent honum. Ekki fundust þau Sigríður optar þenna vetur, enn nokkrum sinnum kom hann að Túngu á þeim missirum og varð ætið mikill fagnaðar fundur með þeim Sigríði, er þau sáust, og skildust jafnan með blíðu.

Líður svo fram til þess að Sigríður er staðfest. Faðir hennar kendi henni spurningarnar og að skrifa og dálítið í talnafræði; þótti presti, er hún var fermd, að hún væri afbragð annara barna að kunnáttu, og hrósaði gáfum hennar og stillíngu. Ekki tók Sigríður eins miklum framförum til handanna; móðir hennar hafði hana til alls sem gjöra þurfti á heimilinu, eins og aðrar griðkonur; nam hún að sönnu öll innanbæjarverk, sem hún sá fyrir sjer og tóvinnu, sem tíðast er í sveitum, enn ekki fekst móðir hennar við, að kenna henni hannyrðir eða matreiðslu, kunni hún þó hvorttveggja vel. Bjarni hreppstjóri ámálgaði það opt við konu sína, að Sigríði væru kendir saumar og matartilbúníngur, enn Íngveldur sagði jafnan, "að hún

vænti þess ekki, að Sigga yrði sú fyrirmannsfrúin, að hún mundi þurfa mikils við af þesshättar, og sat við sinn keip. Illa þótti Bjarna það fara, enn ljet þó svo standa. Bjarni átti systur, er Björg hjet; hún var ekkja og auðug vel; hún bjó í Skagafirði á bæ þeim, sem heitir V...; hún hafði átt dóttur eina barna, enn mist hana únga. Einusinni kom Björg í kynnsferð til bróður síns í Túngu, og dvaldist þar nokkrar nætur; það var seint á eingjaslætti. Sigríður gekk að venju með griðkonum á eingjar, fór snemma á stað á mornana, enn kom seint heim á kvöldin, og sá Björg hana ekki tvo fyrstu dagana, sem hún var í Túngu, enda var henni ekki fram haldið. Þriðja daginn var veður gott, og var bundið af eingjunum og fór Sigríður á milli, enn Bjarni var við töptina, og tók á móti. Björg settist á garðvegginn, og þótti gaman að tala við bróður sinn; og er Sigríður kemur með fyrstu ferðina, víkur hún talinu til hans og segir:

"Þarna áttu laglega stelpu, Bjarni bróðir! hvað kemur til að þú hefur ekki sýnt mjer hana?"

"Hún hefur aldrei verið heima hróið."

"Jeg þóttist undireins þekkja á henni ættarmótið okkar; láttu mig sjá þig, stelpa mín! þú hefur svip af henni Steinunni minni heitinni, utan á vángann, og ennið ekki ólíkt heldur, enn augun hefurðu úr henni móður okkar sælu."

"Og eptir henni heitir hún líka" segir Bjarni.

"Það má og á sjá, að það mun vera móðurnafnið okkar, og eptirlætisbarnið þitt," sagði Björg og glotti við.

"Og ekki sjer það nú á henni; það getur aldrei orðið maður úr henni hróinu, meðan hún er hjer, hún lærir ekki svo mikið sem að búa til utan á sig spjör, eða gjöra graut í ask, jeg hef opt óskað mjer, að hún væri kominn til þín systir góð!"

Björg þagnaði við um stund, enn segir þó um síðir: "jæja, láttu hana þá fara til mín eitt ár, stelpuna!"

Bjarna þótti nú vel skipast, og er það afráðið að Sigríður

færi þegar norður með Björgu; enn ekki ljet Íngveldur sjer mikið um finnast, og grjet mikið, þegar þær skildu mæðgurnar; sagði hún þá, að Sigríður alt af hefði verið augasteinninn sinn og eptirlætið.

Sigríður fór að V.... með föðursystur sinni; hjá henni var hún þrjá vetur; fjell Björgu því betur við hana, sem þær voru leingur saman; sá hún að Sigríður var mesta konuefni, og lagði því alla alúð á að kenna henni allar þær hannyrðir og mentir, sem vel sæma göfgum konum; nam Sigríður alt fljótt og vel, því bæði hafði hún góðar gáfur og stillingu til að taka áminningum systur sinnar; kom svo að síðustu, að Björg lagði svo mikla ást á hana, sem hún hefði verið dóttir hennar; gleymdi hún nú að mestu missir dóttur sinnar, og þótti sem hið auða skarð væri bætt, þar sem Sigríður var. Hún arfleiddi Sigríði að öllum sínum fjármunum föstum og lausum, og sagði að ekkert, nema dauðinn skyldi skilja þær. Þau þrjú ár, sem Sigríður var í Skagafirði, fór hún aldrei að finna foreldra sína, enn faðir hennar hafði leingi haft þá venju að hitta systur sína einu sinni á ári, og þessari venju hjelt hann enn; þess á millum ritaði Sigríður föður sínum við og við, og svo móður sinni, enn sjaldan voru brjef þau, sem hún skrifaði henni, annars efnis enn um veðráttufar, skepnuhöld og önnur almælt tíðindi, og þó þau jafnan væru alúðleg, gat samt hvur aðgætinn maður sjeð, að þau brjef, sem hún skrifaði föður sínum, voru með einhvurjum öðrum blæ, hýrlegri og innilegri; það leit svo út sem hún ætti hægra með að opna fyrir honum fylgsni hjarta síns, enn fyrir öðrum. Eitt af brjefum Sigríðar hefur borist oss í hendur, og er það ritað rúmu missiri eptir að hún fór frá Sigríðartúngu, og er þetta einn kafli úr því:

"Þú biður mig, faðir góður! að segja þjer hreinskilnislega frá því, hvurnin mjer líði og hvurnin jeg kunni við mig hjer nyrðra. Það væri stakt vanþakklæti af mjer við guð, ef jeg segði annað enn að mjer líði vel að öllu. Systir mín er mjer svo

ástúðleg, eins og jeg væri einka dóttir hennar, og opt hefi jeg verið að hugsa um það með sjálfri mjer, að í rauninni geti það ekki verið satt, að móðurástin, það er að skilja sú hin blíða, alúðlega og umhyggjusama tilfinníng, sem jeg nú ekki get lýst, geti hvurgi kviknað, nema undir því brjóstinu sem barnið hefur borið; hvað á jeg þá að kalla þá ást sem systir mín sýnir mjer? Jeg get ekki ímyndað mjer móðurástina öðruvísi, og marka jeg það af tilfinníngu sjálfrar mín: jeg elska hana eins heitt og barnslega og mjer er unt; mjer finst hvur stundin laung, sem hún er ekki nærri mjer; mig lángar til að gjöra henni allt að geði; allt sem hún skipar, verður mjer ljett, af því það er mín mesta gleði, að mjer mætti takast það sem hún vill; í stuttu máli að segja, jeg er barn; enn hvurin ætti jeg að vera það, nema hún væri mjer móðir? Af þessu sem jeg nú hefi sagt þjer, faðir góður! getur þú og getið því nærri, að jeg kunni vel við mig, og þar að auki eru allir vandalausir mjer góðir og alúðleigir, af því þeir vita að henni systur minni þykir vænt um mig; og hvað landslagið snertir, þá segja allir að hjer sje ofur fallegt; hjer er mikið áþekt því sem er í Túngu: hliðin eins græn fyrir ofan bæinn; Vötnin eins speigilfögur eins og hún Fagurá; að minsta kosti vantar mig orð til að gjöra þess mun, og þó finst mjer hann vera einhvur; það er eitthvað, sem augað getur ekki greint, enn brjóstið að eins finnur, og hvar af kemur það? Jeg veit það ekki. Er það af því, tilfinníng mín sje breytt, og önnur nú enn þegar jeg var ýngri? eða er það einhvur hulinn og óskiljanlegur kraptur sem loðir við þann blett, sem maður hefur fyrst lokið upp augunum á? Hjer virðist mjer hvur blómknappurinn öðrum hýrari, hvur lautin og brekkan annari fegri, enn hvað kemur til þess að aldrei getur mjer orðið eins vel við neina þeirra eins og þá brekkuna á honum Fagradal, sem jeg grjet sárast í, og á í flest tárin; og þó fellur mjer hjer aldrei tár af augum —"

Þegar Sigríður hafði verið þrjá vetur í Skagafirði í góðu

yfirlæti, tók systir hennar sótt, hæga í fyrstu, enn jókst með deigi hvurjum, fylgdi þar með rænuleysi og magnleysi. Sigríður vakti yfir systur sinni nótt og dag, og veitti henni alla þjónustu með hinni mestu alúð og umhyggju; grunaði hana, eins og raun varð á, að sótt þessi mundi hana til bana leiða, og var því ávalt mjög harmþrúngin, og beiddi guð að leingja líf systur sinnar. Það var eina nótt að Björg var mjög þúnglega haldin og talaði næstum því alla nóttina í óráði, og fekk eingan blund á augu fyrrenn rjett undir morgun, þá rann á hana svefnhöfgi nokkur. Sigríður sat alla jafna við sængurstokkinn og flaut í tárum, því hún sá þegar, að ekki mundi lángt að bíða skilnaðar þeirra systra. Loksins hnje hún út af, úrvinda af svefni, og lagði höfuðið á koddann fyrir framan systur sína, og rann á hana mók nokkuð; og vaknaði hún þá við það, að farið var höglega með hendi um vánga hennar; það var systir hennar, sem vaknað hafði, og lagt hendina á kinn hennar. Þá var kominn ljómandi dagur, og skinu fyrstu morgunsólargeislarnir inn um alt húsið. Björg var þá með öllu ráði, og segir við Sigríði "Þú svafst, elskan mín! mjer varð það óvart að jeg vakti þig, kondu nú til mín og kystu mig!" Sigríður gjörði það. "Þetta skal vera okkar skilnaðarkoss!" sagði Björg, vertu blessuð svo leingi þú lifir! berðu þig að vera góð og guðelskandi, blíð og barnsleg í huga eins og þú nú ert; vertu foreldrum þínum hlýðin og auðsveip; enn biddu nú fyrir mjer að jeg meigi deyja; það er svo unaðssamt, er guð sendir manni geisla sinnar sólar í andlátinu. Eptir að Björg hafði þetta mælt, hallaðist hún aptur að svæflinum og sjeg að henni hægt mók, og úr því vaknaði hún ekki aptur til þessa lífs. Allir, sem þektu Björg, hörmuðu mjög andlát hennar, enn Sigríður þó mest; samt stóð hún fyrir greptrun hennar og leysti það vel af hendi og skörulega, og síðan annaðist hún um búið á V.... það eptir var vetrarins, enn bygði jörðina um vorið með ráðum og tilstyrk bestu bænda þar í sveitinni.

Ekki undi Sigríður sjer norður þar eptir andlát systur sinnar; ritaði hún nú föður sínum til, og bað hann að sækja sig, og fór hún þá að Túngu, og tók faðir hennar við sjárforráðum hennar.

Meðan Sigríður var í Skagafirði, ólst Indriði upp með föður sínum á Hóli, var hann nú orðinn hinn mesti atgjörfismaður til munns og handa, og þótti mönnum sem fáir væru hans jafningjar þar um sveitir, og fyrir því töluðu það margir, að mjög væri ákomið með þeim Sigríði í Túngu, því hún þótti og einhvur hinn ágætasti kostur þar í hjeröðum. Sigríður var allra kvenna fríðust; hún var vaxin vel og meðallagi há, þjettvaxin og mittisgrönn; hún var fagurhent og fótsmá, eygð vel, og allra kvenna fegurst hærð: hárið ljóst og svo mikið að í beltisstað tók; hvurri konu var hún sljettmálari: rómurinn hreinn og snjallur og tilgerðarlaus; hún var vitur kona og vel stilt.

Þegar Sigríður hafði verið einn vetur í Túngu eptir andlát systur sinnar, tók faðir hennar sótt þá er hann leiddi til bana. Sigríður harmaði föður sinn mjög, enn bar þó vel harm sinn. Ingveldur móðir hennar bjó í Sigríðartúngu eptir bónda sinn, og rjeði mann fyrir búið, og kvaðst hún ekki vilja sleppa búskap fyrr enn Ormur sonur hennar kvongaðist; hann var á þessum missirum kominn í Bessastaða skóla, enn var á sumrum með móður sinni. Ormur þótti uppivöðslumikill og ófyrirleitinn um alt, enn þó raungóður. Allkært var með þeim systkinum.

Þau Indriði og Sigríður hittust nokkrum sinnum um þessar mundir, og höfðu menn það fyrir satt, að þeim geðjaðist allvel hvort að öðru, og sannaðist að því skipti það sem mælt er, að sjaldan lýgur almanna rómur. Indriði og Sigríður voru nú á þeim aldri, sem kall og kona, er þekkjast og sjást og fellur hvort annað vel í geð, trauðla geta vináttu málum einum bundist. Vinátta sú og ylur, sem verið hafði með þeim á meðan þau voru börn, var nú búinn að taka aðra stefnu í

hjörtum þeirra, og snúinn í heita og einlæga ást, er þau báru hvort til annars. Nú þótt svo meigi virðast, sem ekki þurfi mikið áræði til þess, að bera það mál upp fyrir einhvurjum, er maður veit áður að honum er jafnkunnugt sem manni sjálfum, seigist þó flestum svo frá, er í þá raun hafa komið, að ekki sje hið fyrsta ástarorð ætíð auðlosað á vörum þeirra sem unnast; og svo fór fyrir Indriða, þó hann við og við sæi Sigríði, enda vildi jafnan svo illa til, að þau Sigríður næstum því aldreigi urðu tvö saman í einrúmi; enn eptir því tóku menn, að Indriði fór að venja þángað komur sínar, sem hann vissi að Sigríðar var von á mannfundi, og þess á millum gjöra sjer ferðir að Túngu, þó ekki væri annað erindi enn að sjá Sigríði; og einusinni, sem optar, kom hann þángað, og voru þar þá fyrir aðrir gestir. Íngveldur ljet vísa þeim gestunum í stofu, og heita þeim kaffi, enn bað Sigríði dóttur sína vera þar í stofunni og ræða við þá, er hún sjálf ætti að snúast í mörgu, sem við lá á heimilinu. Íngveldur var vön því að gefa þeim Indriða og Sigríði auga, og gæta þess að þau töluðust ekki mart við, enn með því að nú voru fleiri menn við í stofunni, hirti hún ekki um, þó Sigríður ræddi við Indriða eins og hina gestina. Nú bar svo einusinni við, að þau Indriði urðu tvö saman eptir í stofunni. Sigríður hafði alt af haldið uppi tali við þá gestina, enn er þeir voru útgeingnir, þagnaði hún og leit í gaupnir sjer; Indriða varð og orðfall um hríð, enn bæði sátu þau, sitt hvorumeigin við dálítið borð, er þar var í stofunni. Svona leið dálítil stund, að þau yrtu hvorugt á annað, þángað til Sigríður alt í einu lítur upp, og framan í Indriða, og varð í sama bili rjóð út undir eyru. Þessháttar augnaráð og tillit stúlkna eru ýngismenn vanir að skilja, og Indriði hefði orðið að vera skynskiptíngur, ef hann hefði ekki ráðið í, hvað Sigríði þá flaug í huga. "Manstu, Sigríður mín!" seigir hann, "þegar við vorum lítil, hvað okkur var vel til vina, og þótti vænt hvort um annað?"

"Já, alt af man jeg það, Indriði minn góður!" sagði Sigríður, og varð henni einhvurnveiginn ósjálfrátt að grípa um hendina á Indriða, enn rjett í því henni slapp seinasta orðið af vörunum, var stofunni lokið upp, og sjekk hún ekki tíma til að kippa aptur að sjer hendinni fyrr enn móðir hennar var kominn inn á mitt gólf, og hafði Ingveldur eitthvurt veður af viðræðu þeirra Indriða, og var nú ærið gustmikil; og varð ekki meira af viðtali þeirra Sigríðar og Indriða að því sinni. Indriði ríður síðan heim, og tekur nú að íhuga svar Sigríðar og öll atvik; finst honum þá að Sigríður mundi sjer ekki fráhverf, ef hann beiddi hennar. Hann auglýsir þessu næst foreldrum sínum fyrirætlun sína um að leita ráðs við Sigríði, og leist þeim vel á, enn töldu þó ei ólíklegt að Ingveldur myndi verða því mótfallin. Er þá svo ráð fyrir gjört, að Ingibjörg, móðir Indriða skuli bera þetta mál upp fyrir þeim mæðgum, er hún hitti þær, og skyldi alt fara sem hljóðast fyrst um sinn.

Eitthvurt skipti um haustið skyldi vera brúðkaup nokkuð á prestsetrinu í Sigríðartúnguhrepp, ætlaði síra Tómas að gipta aðstoðarprestinum dóttur sína. Til þessarar veislu var þeim Túngumæðgum boðið, svo og þeim hjónunum frá Hóli og Indriða. Þau mæðgin frá Hóli riðu til boðsins, enn Jón hreppstjóri var kránkur, og fór því ekki. Þær mæðgurnar í Túngu höfðu og ásett sjer að fara, enn þenna sama morgun fundust ekki hestarnir í Túngu, og var þeirra þó leitað fram undir hádeigi og fanst enginn nema klár einn gamall og staður, er kallaður var Níðhöggur, sem aldrei gekk úr túninu; honum skyldi fylgdarmaður ríða, ef eitthvað feingist fyrir þær mæðgurnar; og með því þeim þótti leitt að setjast aptur, er þær voru ferðbúnar, var það til bragðs tekið, að senda á næsta bæ fyrir neðan Sigríðartúngu, og biðja þar um hesta. Þar var ekki mikið til um reiðskjóta; þó feingust þar tveir hestar, og var annað hryssa apalgrá; henni átti Sigríður að ríða, enn aldrei hafði fyrr verið lagður söðull á hana, og tók

hún þegar að snúast á hlaðinu og ausa, undir eins og Sigríður var komin á bak, gekk svo leingi, og verður hún að fara af baki aptur, og reyna til að teyma hana á veg, enn alt fór á sömu leið, hvurjum brögðum sem beitt var við hryssuna, að jafnóðum sem Sigríður var stigin í söðulinn, tók Grána að ausa, og gekk nú eins lángt aptur á bak eins og hún hafði áður verið fram leidd; liður nú fram að miðdeigi, eru þær Sigríður og Grána þá búnar að færa leikinn út í mitt túnið, og geingur Sigríður þar af henni, og verður ekki af för hennar; enn Íngveldur ríður til boðsins, og var þar fyrir mart manna, og voru menn farnir að búast til kirkjugaungu. Íngveldi var vísað í lopt til kvenna; var þar komin Íngibjörg frá Hóli og heilsar hún Íngveldi blíðlega. Flestar konur voru þar á íslenskum búníngi; Íngveldur var og á íslenskum treyjufötum og hafði skuplu á höfði og nælt niður að framan. Íngibjörg á Hóli hafði krókfald ekki mjög háan, enn fór vel.

Tekur þá brúður að skauta sjer, og segir hún við Íngibjörgu "Jeg ætla að biðja yður, Íngibjörg mín! að láta á höfuðið á mjer, jeg sje þjer kunnið á því lagið; jeg er ánægð, ef það fer eins vel á höfðinu á mjer í dag, eins og á höfðinu á yður, enda er faldurinn yðar fallegur og vel lagaður; það er munur að sjá blessaða krókfaldana enn horngrýtis skuplurnar, sem ekki eru fyrir aðrar enn afgamlar kellíngarhrotur." Þegar prestsdóttir sagði þetta, hafði hún ekki gáð að því, að Íngveldur var þar og hafði skuplu; enn það var rjett eins og öllum sem voru í loptinu hefði dottið hið sama í hug, og litu allir undir eins framan í Ingveldi, og þurfti ekki að segja henni hvað til bar; hún roðnaði út undir eyru, enn stilti sig þó um að svara. Íngibjörg tók nú að skauta brúður, enn Íngveldur settist á rúm þar í loptinu hjá konu nokkuri er Gróa hjet. Þær Íngveldur og Gróa voru vinkonur. Gróa bjó á þeim bæ, sem heitir á Leiti; Hallur hjet maður hennar, og var hans sjaldan getið að nokkru, því Gróa þótti vera þar bæði bóndinn og húsfreyj-

an. Litt voru þau hjón við álnir, enn Gróa var feingsöm og húsgaungul; hún var og vitur kona, og svo fróð um alla hluti, að hún vissi fyrir víst, hvað skamtað var hvurt mál á flestum bæjum í öllu því bygðarlagi; aldrei trúði hún meir enn einum í senn fyrir trúnaðarmáluin; og svo var hún orðvör, að aldrei greindi hún sögumann; var það jafnan orðtæki hennar, er hún sagði frá einhvurju "ólýginn sagði mjer, enn hafðu mig samt ekki fyrir því, blessuð!;" ávalt vissi hún að haga svo orðum sínum, við hvurn sem hún talaði, að hvurjum fyrir sig virtist sem Gróa ætti eingan betri vin hjer á jörðu enn sig, og að hún væri aungvum trú nema sjer einum. Þörfin, sem opt gjörir þá að vinum, sem ella mundu ekki vinir, hafði gjört þær Gróu og Íngveldi að aldavinkonum, og gat hvorug annarar án verið: Íngveldi var svo varið, að hún aldrei hafði rjettgóða heilsu, nema hún við og við feingi frjettir um það hvurnin mönnum liði á öðrum bæjum; aptur þurfti Gróa að eiga einhvurn að, sem hugaði fyrir nefinu á henni, ella mundi það hafa orðið henni æði útdráttarsamt; enn Íngveldur var jafnan vön að stínga að henni tóbakslaufi, rjólbita eða blöðkuvisk, ef vel sagðist. Brátt tóku þær Gróa og Íngveldur tal sín á milli, og var það mjög af kvíslíngum, er mörg voru eyru þar í loptinu. Íngveldur þuklar nú undir svuntu sína og dregur þar upp rjólbita og laumar að Gróu, og tekur henni þá heldur að hægjast um málbeinið, og kvíslíngarnar að verða tíðari:

"Guðsást fyrir mig!" segir Gróa, "og fyrir nefið á mjer; það er eins og vant er, yður leiðist ekki að hugsa fyrir því."

Og ekkert er að þakka, Gróa mín! hefði jeg verið heima skyldi jeg þó hafa látið það vera ögn burðugra; jeg greip þennan mola með mjer til vonar og vara, því jeg hugsaði það gæti þó verið að jeg sæi þig hjerna; enn hvað kemur til að þú kemur aldrei fram eptir núna?"

"Og minnist þjer ekki á það, elskan mín! jeg kemst aldrei frá barna greyjunum, og hann er svo óspakur krakkaormánga-

nóran mín yngsta, að jeg má aldrei líta augunum af honum, hvað þá heldur að jeg komist út af bænum, og hefur mig þó opt lángað til þess, jeg seigi það satt, að koma fram eptir, því hvar kemur maður nú á annað eins sæmdar heimili og að Túngu, enn margs þarf við; ekki get jeg sagt, að jeg hafi sjeð smjer í sumar; alt hefur geingið í það, að kreista saman leigurnar, og þó læt jeg það alt vera, ef jeg á eitthvað í nefið — enn nú hafið þjer bætt úr því, blessaður únginn! eins og yðar var von og vísa."

"Það er nú alt minna enn jeg vildi, Gróa mín! enn hvað jeg vildi seigja, kemur þú aldrei fram að Hóli?"

"O nei! elskan mín! þángað kem jeg ekki, og til hvurs er þángað að koma? ekki víkur hún Íngibjörg, nánösin, ketti sleikju eða hundi bein, jeg hefi mestu andstygð á öllu því hyski, jeg get ekki gjört að því; þá er það fallegur bölvaður sláni, guð fyrirgefi mjer að jeg blóta, strákurinn þeirra þar, hann Indriði!!"

"Hvurs er von, kelli mín!" sagði Íngveldur.

"Það er satt, jeg veit ekki hvurt hann ætti að sækja góðmenskuna; dúfan hefur aldrei komið úr hrafnseggjnu enn þá; því seigi jeg það, ekki gæti jeg trúað því, þó mjer væri sagt það, að þjer ljetuð hana Sigríði mína í þær hendur, þó sumir sjeu að geta þess til."

"Og ekki held jeg, Gróa mín! að það verði, ef jeg má ráða; mjer hefur aldrei verið neitt um það Hólsfólk, og mun aldrei verða."

"Á, það var líklegra, og það hefi jeg alt af sagt." Í þessu varð Gróu litið til Íngibjargar, þar sem hún var að laga faldinn á höfðinu á prestsdóttur, og seigir hún þá:

"Guð náði hana Valgerði mína, að láta kellíngar andstygðina vera að krumla sig; hún hefði þó getað beðið yður að láta á höfuðið á sjer."

"Jeg var ekki einsvel fær um það, kelli mín! eins og sú,

sem hún valdi til þess" sagði Íngveldur og saug um leið upp í nefið.

"Æ, hvurnin getið þjer nú farið að tala, heillin góð!"

"Þetta mun henni þó hafa sýnst, eða heyrðir þú ekki hvurnin hún lagðaði mig áðan?"

"Ojú, því var nú ver og miður að jeg heyrði það, enn það er ekki fyrir það, þetta er mesta trippi, stelpan, þó hún sje prestsdóttir, og vitið þjer hvursvegna hún vildi ekki láta yður skauta sjer?"

"Onei."

"Æ, mig grunar, að hún væri hrædd um að þjer munduð sjá, það sem ekki á að sjást, enn hvur heilvita getur þó sjeð; þjer munuð hafa heyrt það sem talað er?"

"Ónei, ekki hefi jeg heyrt það."

"Þá get jeg sagt yður það; um hana og prestinn hjerna."

"Nú, nú!"

"Og því þau biðu ekki með brúðkaupið til vorsins, eins og fyrst var talað."

"Á, já já, nú fer jeg að skilja."

"Enn hitt er víst ekki satt, um fleiri."

Rjett í þessu kemur einhvur inn í loptið og segir, að presturinn sje kominn út í kirkjuna og biði brúðhjónanna; verður þá þys mikill í loptinu og keppast konurnar við að komast sem fyrst ofan; verður þá ekki meira af samræðum þeirra Gróu og Íngveldar, og hvíslar Gróa að Íngveldi rjett í því þær foru út úr loptinu "jeg skal segja yður það alt saman seinna, sem jeg hefi heyrt, og ólýgin stúlka hjerna á heimilinu hefur sagt mjer, enn ekki vil jeg láta bera mig fyrir því, blessuð!"

Þessunæst gánga menn til kirkju og verður þar ekki annað til tíðinda, enn að hjónaefnin eru saman pússuð. Eptir að komið var úr kirkju, geingu menn undir borð; og var sætum skipað á þá leið, að Íngibjörg á Hóli sat næst síra Tómasi, enn út frá henni Íngveldur frá Túngu, og þóttust menn sjá að Íng-

veldur roðnaði í framan, þegar hún var til sætis leidd, og gátu þess til, að hún þættist eins vel komin til þess sætis, sem Íngibjörg hafði hlotið; gátur manna voru og ekki sjærri sanni. Íngveldur var hljóð mjög um daginn, og þótt þar væri hin dýrðlegasta veisla, og steik og annar fagnaður á borðum, snerti hún samt valla á nokkrum bita. Lítið er það, sem kattartúngan finnur ekki, segja menn, og svo er um þá virðíngagjörnu: síra Tómas var glaður mjög að þessari veislu og skrafhreifinn, yrti á marga, og leitaðist við að skemta, einkum þeim konunum; enn hvort sem það heldur var af ásettu ráði gjört, eður af tilviljun, þá bar ætíð svo við, að hann kallaði Íngibjörgu á Hóli maddömmu, þegar hann ávarpaði hana; enn jafnan er hann sneri málinu til Íngveldar, sagði hann aldrei nema blátt áfram: "Íngveldur mín!" Íngveldi þótti, sem ekki ætti að draga af sjer það, sem hún ætti og guð hefði gefið henni, og var henni það verra enn þó hún hefði feingið sinn undir hvurn vánga, þegar prestur talaði til hennar, enn varð aptur bleik sem nár, í hvurt skipti sem hann ávarpaði Íngibjörgu.

Þá er menn voru staðnir undan borðum, sýndi Íngveldur vonum bráðara á sjer fararsnið, og hugðu menn hana kránka. Indriði kom þá að máli við móður sína "og vildi jeg" segir hann "að þú móðir! mintist þess, er þú hjetst mjer, að vekja máls á bónorðinu, og mun ekki annan tíma betra færi á gefast."

"Annan veg virðist mjer þetta sonur!" sagði Íngibjörg, "sýnist mjer Íngveldur ekki hafa verið með glöðu bragði í dag, hvað sem veldur; enn þó má jeg gjöra það fyrir þín orð, að hætta til þess". Sætir hún þá lagi að fá færi á Íngveldi áður enn hún riði brott; og einhvurntíma stóð svo á, að þær urðu tvær saman fyrir ofan bæinn; geingur þá Íngibjörg til hennar, og kveður hana blíðlega og segir:

"Mig lángar til að tala nokkur orð við yður, áður enn þjer farið, jeg hefi verið beðin þess af manni, og þykir mjer mikið komið undir því, hvurju þjer svarið."

"Mín er æran og yðar lítillætið, maddamma góð! ef þjer viljið tala við mig, og látið mig heyra erindi yðar" sagði Íngveldur og brosti við. Íngibjörgu grunaði nú af þessu svari hvurnin fara mundi og þagnaði við; enn með því að svo lángt var komið, að ilt var apturhvarfs, tekur hún aptur til máls og segir:

"Það er erindi mitt, að sonur minn Indriði, hefur beðið mig, að koma að máli við ykkur mæðgurnar um það, hvurt ykkur mundi það óskapfelt, að hann leitaði þar ráðahags, sem er Sigríður dóttir yðar; segir hann, að þar sje sú kona, er hann helst mundi kjósa sjer fyrir ættar og atgjörfis sakir, af þeim kvennkostum, sem hjer eru nærindis."

"Verður það sem varir og ekki varir" sagði Íngveldur, "síst mundi mig hafa grunað það, að þið á Hóli leituðuð til mægða við okkur smámennin fyrir handan ána, og vil jeg víst vita, hvurt þetta mál er af alvöru flutt eður ekki."

Ekki er það með nokkru falsi af okkar hendi" sagði Íngibjörg, "munu það og margir mæla, að ekki sje óákomið með þeim Indriða minum og Sigríði dóttur yðar."

"Það munuð þjer og aðrir verða að skoða, sem þeim líkar, hvurt jafnræði sje með þeim; enn skjótt er að svara erindi yðar, maddamma góð! af minni hendi, að aldrei gef jeg mitt samþykki til þess ráðahags; um vilja Sigríðar veit jeg ekki, þó er mjer næst að halda, að hún muni líta í aðra átt, ef hún gefur um að giptast að svo stöddu."

Síðan gekk Íngveldur burt, sem skyndilegast; breytti hún nú ráði sínu um heimreiðina, og var hin kátasta það eptir var dagsins.

Íngibjörg segir Indriða þessi málalok, og verða þau honum til mikillrar ógleði, og það þó vest, er hann þóttist meiga ráða á orðum Íngveldar, að hyggja hans um vilja Sigríðar mundi hafa verið tómur hugarburður. Ríða þau mæðgin heim við svo búið, og tekur Indriði nú ógleði mikla svo að hann nær

því mátti aungvu sinna; Íngveldur ríður og heim frá boðinu um kvöldið og er hin kátasta. Ekki segir hún Sigríði frá viðræðum þeirra kvennanna. Litlu síðar kom upp sá orðrómur þar í sveitinni, að Indriði á Hóli hefði beðið sjer stúlku vestur í hjeröðum, og þó minniháttar bóndadóttur, enn ekki feingið, og því væri hann nú orðinn hálfsinnisveikur. Einginn vissi gjörla að greina höfund þessara frjetta; enn þeir sem leingst komust í rannsókninni höfðu það fyrir satt, að ólýginn maður hefði sagt þær Gróu á Leiti. Íngveldur ljet hvurn mann, sem kom að Túngu, segja sjer þessar frjettir og innti að öllu sem nákvæmast, og var ekki ugglaust um að hún á stundum gjordi gys að, einkum ef Sigríður var við. Sigríður ljet sjer jafnan fátt um finnast; líður svo veturinn og vor hið næsta, að ekki batnar Indriða ógleðin og ekki kom hann að Sigríðartúngu á þessum missirum. —

Nú verður að geta fleiri manna við söguna. Maður hjet Bárður, hann bjó á Búrfelli, það er hálfa þingmannaleið frá Sigríðartúngu, og ekki í sama hrepp. Bárður var maður auðugur að gripum og gángandi fje; jarðir átti hann og, margar og góðar; enn ekki var hann maður vinsæll af alþýðu. Einn son átti hann, sem Brandur hjet, hann var kvongaður, og átti bú á Brandstöðum; lítið ástríki hafði hann af föður sínum; líktist Brandur meira móður sinni enn föðurfrændum. Bárður hafði átt þá konu, er Guðrún hjet, og ættaða úr Þíngeyjaþíngi; hún var þá önduð fyrir fám vetrum, er hjer er komið sögunni; og var það almæli, að hún hefði næsta söðd lífdaganna til grafar geingið; höfðu þau hjón ekki átt lund saman; hún var mild af fje, enn hann níðskur, enn þó hæglátur og stórillindalítill hvursdagslega. Þar var mart fátækra manna í nágrenninu, og hvörfluðu þeir opt á vorum heim að Búrfelli, og vildi Guðrún jafnan víkja þeim einhvurju, sem svángir voru, er matur var nógur fyrir. Ekki var Bárði mikið um þær ölmusugjörðir; tók þó sjaldan af þeim, það sem Guðrún hafði vikið þeim; enn

til þess að sjá við þeim leka, að ekki drægist ofmikið út úr búnu á þenna hátt, ljet hann ekki konu sína hafa ofmikið undir höndum; sjálfur vóg hann út hjúunum bæði smjör og átmeti, og taldi rækilega hvurn kjötbita, sem hann ætlaði til soðníngar hvurt skipti, sem farið var með spað. Yfir döllunum og ólekjunni hafði Guðrún ótakmarkað einvaldsdæmi; enn öðru máli var að gegna um skökuna, því henni varð hún að skila manni sínum afdráttalaust í hvurt sinn, sem hún strokkaði; og með því Bárður mundi gjörla, hve margar ær og kýr hann átti, og vissi út í æsar, hvað hvur mylk skepna á heimilinu mjólkaði í mál, og hve mikið smjör fæst úr hvurjum fjórðúngi mjólkur, tókst Guðrúnu sjaldan að klípa mikið af skökunni svo að Bárður yrði þess ekki var. Lykla ráðin hafði hún; þó var sá einn lykill, sem hann aldrei skildi við sig, vakandi eða sofandi, enn það var lykillinn að skemmuloptinu; og þeir, sem vissu hvað í því var, furðuðu sig ekki á því, þó Guðrúnu væri ekki hleypt þángað: margraáragamlar mörtöblur og gráskjöldóttir smjörbelgir áttu þar aðsetur í geysimikilli kistu um þveran gafl. Fyrir annari hliðinni stóð afarstór kornbyrða, enn hinumeiginn var þrísett röð af tunnum með spað og saltaða magála; þaðan fjellu straumar miklir af pækli, er kvísluðust um skemmuloptið, og hvurfu loks inn undir fjallháan fiskahlaða, sem girti skemmu loptið að framanverðu. Eptir endilaungu húsinu láu rær, hlaðnar enda á milli með hörðu hángikjöti; það voru föll af sauðum og ám, og einginn mundi þar upprjettur ganga meiga sakir hinna lángleggjuðu skammrifjabógna. Annars var, eins og lög gjöra ráð fyrir, það kjötið, sem reykja skyldi, haft í eldhúsi, og aldrei reis hin rósfingraða Morgungýðja svo úr rúmi Títonar að Bárður bóndi kannaði það ekki innvirðulega; og ekki "hnje dagstjarna nokkur svo í djúpan mar" að hann ekki áður skemti sjer við sjón hinna bráðfeitu sauðarfalla, teldi þau og klipi í þau, áður enn hann færi að sofa. Ekki verður glögglega skírt frá öllu því, sem í þessu lopti var fólgið;

því fáum auðnaðist það eptirlæti, að koma leingra enn upp í stigann, og þó svo að eins, að þeir hefðu sýnt Barði áður nýja spesíu, eður gamla krónu, sem hann lángaði til að komast í kunníngskap við. Niðri skemmunni voru margir eiguleigir hlutir, þó hjer sjeu ekki taldir; enn flest var það óætt. Þó var þar einn hlutur, er vjer hljótum að geta að nokkru, enn það var sár einn mikill og merkilegur, fullur lundabagga og súrsaðra hrútssviða, blóðmörs og annars ágætis, er svam þar í hálfþykkvu súrmjólkur mauki. Ekki var það fyrir því, að Bárður hefði minni mætur á sá þessum, enn mörgu öðru, er uppi var í loptinu, að honum var valið óvirðuglegra sæti, heldur hins vegna, að hann var ofstór vexti, til að komast í heilu líki upp um loptsgatið, enda var hann nú ekki fær um ferðir eða hreifingar fyrir sakir gjarðleysis og elliburða; stóð hann því þar við loptsstigann og sparn jörðu alt upp að miðju, og gamallri kúamykju mokað að utan. Á sillunni rjett fyrir ofan sáinn, voru tvær uglur; á annari þeirra hjekk stórt kerfi af gömlum hornhögldum; enn á hinni hjengu reiðtygi Guðmundar Höllusonar. Guðmundur þessi var fóstursónur Bárðar, og unni Bárður honum manna mest, enda var hann svo líkur honum að öllu skaplyndi að ekki myndi sonur líkari föður; og fóru menn þeim orðum þar um, að sje væri jafnan fóstri líkt, enn ekki vissu menn annan skyldugleika þeirra, enn að móðir piltsins hafði verið vinnuukona Bárðar og heitið Halla. Halla hafði verið svo óheppin, þegar hún átti að fæðra Guðmund, að hún gat ekki fundið honum neitt líklegra faðerni utan eða innan sveitar, enn vinnumannstetur eitt, sem var drukknaður rúmum níu mánuðum áður enn pilturinn fæddist, og því hafði Bárður af einskærri manndygð sinni tekið munaðarleysingjann að sjer, og alið hann upp eptir sinni mynd, og sögðu allir að honum færist það vel, því auðsjeð væri, að hann gæti með öllu hrundið honum á sveitina. Bárður lagði með ári hvurju meiri og meiri ást á svein þennan, og gaf honum fjörutíu hundraða jörð eptir

sig, og þar að auki hafði hann það jafnan á orði, að hann Guðmundur sinn ætti að tína flærnar úr rúminu sínu, þegar hann væri dauður. Fáir ókunnugir skildu þetta orðatiltæki; enn nákunnugir þóttust vita, að Bárður miðaði til kistilkorns nokkurs, sem grafinn væri niður undir höfðalagið í rúmi Bárðar, og í væru nokkrar kríngljóttar. Þegar hjer er komið sögunni, var Guðmundur orðinn fulltíða maður. Ekki þótti heimasætum þar í hjeraðinu hann fríður sýnum. Allir vissu að hann var maður samhaldssamur og átti í vændum að eignast nokkuð, þar sem hann var uppáhaldið hans Bárðar ríka á Búrfelli, og því mundu feður gjafvaxtra meyja hafa skoðað huga sinn áður honum væri frávísað, ef hann hefði leitað ráðahags við dætur þeirra. Enn Guðmundur var kendur við Kjöt og sauði, enn ekki við konur eða kvonbænir, og það þóttust menn vita að færi svo, að hann einhvurntíma ágirntist einhvurja af Evudætrum, mundi hann ekki líta á fríðleikann einan í því efni, og valla mundi hann vitið verði kaupa; sjálfur hafði hann gott gripsvit, og meira þyrfti ekki til að búa og nurla, sem fyrir hann var aðalatriðið. Guðmundur hafði einhvurntíma lært að lesa, og las reiprennandi hvurja bæn, einkum ef hann kunni nokkuð í henni utan bókar áður, enn sjaldan vildu menn hleypa honum á Jónsbókar lestur. Fóstri hans hafði látið kenna honum að rita nafnið sitt, og sagði að slíkt gæti opt komið sjer vel í búskapnum, að menn kynnu að klóra nafnið sitt, til að mynda, ef menn seldu eða keyptu jarðarpart; enn ekki var Guðmundur fastur í rjettritunarreglunum, því jafnan ritaði hann fyrsta stafinn í nafninu sínu með litlu gjei og eins í föðurnafninu, enn essið í "son" hafði hann alt af með stórum staf. Talnafræði hafði Guðmundur ekki numið, enn furðanlega æfingu hafði hann í því að telja saman fiska og fjórðúnga, og taldi þá upp á grænlensku, eptir tám og fingrum, og var ákaflega fljótur að því.

Það var einhvurn dag næsta sumar eptir það að Indriði

beiddi Sigríðar í Túngu, eins og áður er um getið, að Bárður kall var eitthvað að bauka sjer út í skemmulopti, og hafði lokið upp smjörkistunni miklu, og sat nú rjettum beinum á loptinu, og raðaði kringum sig smjörbelgjum. Honum sýndist að umbúðirnar á einum böglinum væri farnar að bresta, og tók upp hjá sjer nál og þráð og fór að rifa það saman, og raulaði eitthvað fyrir munni sjer, eins og hann jafnan var vanur, þegar hann var að fara með smjör eða peninga. Enn er hann hafði setið þar um hrið, heyrist honum vera geingið inn í skemmuna, og dettur honum þá í hug, að hann hafi gleymt að læsa eptir sjer skemmunni, og hugsar að svo meigi vera, að einhvur sje þar kominn, sem vilji skygnast í sáinn. Bárður stekkur þá upp hart og títt, og kallar ofan í skemmuna:

"Hvur er þarna niðri?"

"Það er jeg, fóstri minn!"

"Á, ert þú það, Guðmundur minn! jeg gat ekki skilið í hvur það gæti verið; jeg vissi ekki að þið voruð komnir heim piltarnir; og því varð mjer hálfhverft við; maður má aldrei vera óhræddur innan um þetta horngrýtis hyski, því þó allir þýkist vera ráðvandir hjerna á heimilinu, þá skal nú enginn telja mjer trú um það, að ekki hafi verið farið í sáinn; eða hvað minnir þig, Guðmundur minn! að vinstrarnar ættu að vera margar, sem eptir voru í vor?"

"Þær voru átján" sagði Guðmundur.

"Já, mig minti það; þú taldir þær fyrir mig?"

"Já, þú ljest mig telja þær, og mig minnir ekki betur enn þær væru átján, jú, það veit guð almáttugur, þær voru átján."

"Og í dag eru þær ekki nema sextán; skoðaðu þá til, fjórar eru farnar, ekki hafa þær hlaupið sjálfar úr sánum; því seigi jeg það, það verður að hafa gát á því hjerna, ef það á ekki að stela mann út á húsgánginn; enn nú getur það stolið fyrir mjer, eins og það vill; ekki sje jeg, þó það steli úr

mjer augunum, jeg er ekki orðinn maður til að líta eptir því. Enn viltu ekki skreppa snöggvast upp til mín, Guðmundur minn! fyrst þú komst; mig lángar til þess að líta snöggvast ofan í fremstu kjöttunnuna hjerna; jeg held hún sje búin að miga niður úr sjer öllum pæklinum; enn jeg ræð ekki við helluna ofan á henni."

"Ójú, fóstri minn! jeg skal koma" sagði Guðmundur og fór upp og tók helluna ofan af tunnunni; "það er ekki von að þú ráðir við þetta bjarg, fóstri minn!"

"Af því jeg er orðinn svo ónýtur og farinn, að jeg þoli ekkert á mig að reyna fyrir mjöðminni á mjer — ónei, ekki hefur hún lekið enn, til skemda held jeg, tunnugreyið — því segi jeg það, jeg er ekki orðinn fær um að eiga leingur í þessu búskapar basli, Guðmundur minn! jeg vildi helst, að þú værir búinn að taka við því öllu saman, og jeg mætti hýrast hjerna í kofunum; hafa skemmugreyið mitt út af fyrir mig; nokkrar kindur í heyjum, og afgjaldið af þessum fáu jarðarskikum; jeg vil þú farir að taka við jörðinni hjerna, enn ekki legg jeg ofan á hana, það segi jeg þjer fyrir; þú verður að taka við kofunum hjerna eins og þeir eru; og þeir eru líka allstæðilegir, nema hvað gaungin eru farin að síga dálitið saman, enn að öðruleiti getur bærinn hjerna lafað uppi nokkur ár enn. Hvað segir þú um þetta, viltu ekki fara að reyna til að hokra?"

"Jeg veit ekki hvað jeg á að segja um það, fóstri minn!"

"Og þá yrðir þú, vænti jeg, að taka þjer einhvurn kvenn mannsræfil."

"Já, ekki treysti jeg mjer að búa með henni Guddu hjerna!"

"Það lái jeg þjer ekki, Guðmundur minn! jeg er búinn að fullreyna mig á henni, og ekki ætla jeg að ráða þjer til þess, að hafa hana fyrir framan; enn hitt er það, jeg held þú yrðir fá að þjer einhvurja konumynd."

"Já", sagði Guðmundur og dró lángan seim á jáinu, "þessi kvennþjóð! og þessar konur!"

"Það hefi jeg þó komist að raun um, Guðmundur minn! síðan konan mín dó, að skárri eru konurnar enn þessar ráðskonuskammir; og sannast er að segja um það, að þó að hún Guðrún mín heitin væri óráðskepna í mörgu, þá stal hún þó ekki öllu út úr höndunum á mjer, eins og skrattinn hún Gudda; enn hvað jeg ætlaði að segja, hefurðu ekki augastað á neinni hjerna í sveitinni, sem þú vildur eiga?"

"Onei, fóstri minn! ekki hefi jeg það; og það á heldur eingin neitt hjerna í sveitinni; og til hvurs skollans er að taka það, sem ekki á spjarirnar á sig?"

"Og satt er nú það, neyðarúrræði eru það; hjer er þó ein fram á bæjunum, sem loðin er um lófana."

"Á, hvur er það, fóstri minn?"

"Hún Sigríður Bjarnadóttir í Túngu."

"Á, ætli það? ætli það eigi nokkuð til þar í Túngu? enn ekki eru börnin mörg, trúi jeg."

"Læt jeg nú það vera, ekki held jeg það sje feitan gölt að flá, búið þar í Túngu, og ekki átti hann Bjarni heitinn jarðirnar; enn hitt er það, hún kvað hafa feingið þrjár ef ekki fjórar jarðir eptir hana systur sína."

"Nú það var annað mál!" sagði Guðmundur, og neri saman lófunum."

"Og því hefur mjer dottið það í hug, að það væri ekki svo fjærri lagi fyrir þig, því góður stofn getur það orðið, ef vel er áhaldið, með þessu litla sem þú átt sjálfur, þó það sje nú ekki mikið; þú átt þó þennan part, sem jeg hef ánafnað þjer; og svo nokkra skildinga, hugsa jeg."

"Jeg! nei, jeg á ekki peningana, jeg er öldúngis peningalaus."

"Ekki trúi jeg nú því; enn þú vilt aldrei láta bera neitt á því;

og hvað kemur til að þú lofar mjer aldrei að sjá skildíngana þína Gvendur?"

"Nú, þeir eru aungvir! enn því fæ jeg aldrei að sjá peníngana þína, fóstri minn!"

"Annað mál er það; jeg hef aldrei átt neina skildínga; þú skyldir fá að sjá þá, ef þeir væru nokkrir."

"Heldur eignast þú þó skildíng enn jeg."

"Nú, það fer alt aptur; í sýslumanninnn þarna varð jeg að láta næstum því þrjár spesjur, og fjögur rixort fóru í prestinn; enn verði einhvur skildíngur til eptir mig, þegar jeg dey, þá veistu það, að þú átt að taka hann, því ekki get jeg vitað, að það fari í hann Brand, þó það sje lítið; enn hvað list þjer um þetta, sem við vorum um að tala, er ekki rjettast fyrir þig, að þú reynir til ná í þessa jarðarskika, sem hún Sigríður á?"

"Heldurðu fóstri minn! að það geti tekist?"

"Nú það má reyna að komast eptir hvað þær seigja; jeg skal reyna að staulast með þjer fram eptir, ef þú vilt."

Við þetta feldu þeir fóstrar talið, enn næsta dag voru hestar heimreknir að Búrfelli. Ekki voru reiðskjótar þeirra fóstra ásjáleigir, meiddir í miðju baki og næsta grannir á síðu, því ekki var kostnaður gjörður eldishesta á Búrfelli, enda voru hestar þar optar hafðir til áburðar enn útreiða. Aungvir skrautmenn voru þeir fóstrar í klæðum, enn þó var nú tjaldað því sem til var. Guðmundur var í bláum treyjufötum af skarlati. Þessi föt höfðu í fyrstu verið keypt af þjóðum, og fóru því Guðmundi ekki sem best; Guðmundur var maður hár vexti, enn treyjan var af meðal manni, og skrolli hún upp á herðarblöðum að aptanverðu; enn barmarnir hjengu mjög niður að framanverðu. Guðmundur var allra manna skrefhæstur, enn brækurnar stuttar og fjellu fötin lítt saman um miðjuna og sá þar í gula skirtuna; af þessu var Guðmundur til að sjá líkastur röndóttum jötunuxa. Bolurinn var af góðum kostum gjörður og glæsilegur; enn svo óheppilega hafði tiltekist einhvurntíma í

kaupstaðarferð, þegar Guðmundur var að láta upp bagga, að nokkrar tölurnar höfðu hrunið af öðrum barminum, enn með því, að þesshättar tölur sem á bolnum voru, ekki voru fáanlegar, hafði Guðmundur látið fylla skörðin með ósamkynja tölum; þeir sem ekki unna sundurgerð eða margbreytni í klæðum, mundu því líkast til hafa fundið það að bolnum Guðmundar, að tölurnar voru ekki allar af sama tægi. Stígvjel átti Guðmundar; þau hafði hann einhvurntíma orðið að taka uppí skuld af dönskum farmanni, og ekki getað selt þau aptur, enn nú komu þau að góðu haldi, því hvunær skyldi slíka gripi við hafa, ef þeir skyldu nú heima liggja? Guðmundur hafði og farið í stígvjelin, enn með því honum virtist hvor fóturinn öðrum líkur, tók hann það stígvjelið á hægra fótinn, sem þeir, sem vanari eru þesskonar skófatnaði mundu hafa látið á hinn vinstra. Ekki urðu þeir fóstrar snemmbúnir, því þeir voru óvanir þessu dekri, þó komst biðillinn út á hlaðið um hádeigis bilið með *svipu og hatt í hendi; hatturinn var allsjálegur og "Einar Hákonarson vatnsheldur"* í kollinum. Um sama mund, sem þeir fóstrar stíga á bak, kemur Fjósa-Rauðka þar út á hlaðið, setur hönd fyrir auga, glápir á Guðmund um hríð, og stingur síðan nefinu að Smala-Gunnu og segir:

"Nú þyki mjer Guðmundur okkar vera orðinn upp dubbaður, hvurt ætlar hann að fara, blessuð mín?"

"Hvað ætli jeg viti af því, kelli mín?" enn það lítur svo út, sem hann ætli að fara að biðja sjer stúlku."

"Skrattinn fjærri mjer!" sagði Raudka, og steypti úr því sem hún hjelt á, "þá þyki mjer flestir sótraptar á sjó dreignir, ef hann Gvendur fer að biðja sjer stúlku."

Þeir Fóstrar komu að Sigríðartúngu, á áliðnum degi og berja þar að dyrum, og fór það eins og segir í vísunni, að "þar kom út einn digur dóni" og lítast um; þeir fóstrar heilsa honum með kossi, og spyr hann þá almæltra tíðinda, enn þeir

kvaðust fá vita "enn er húsbóndinn heima?" sagði Guðmundur!"

"Hann er dauður", sagði heimamaður, enn jeg á að heita ráðsmaður hjerna, og allt sem utanbæar snertir, þá er það eins og þið talið við hana Ingveldi mína sjálfa, það sem þið, talið við mig; annars heiti jeg Árni, sem leingi var hjá honum sira Torfa, jeg veit ekki hvurt þið kannist við það; enn heitið þjer ekki Bárður á Búrfelli?"

"Jú, Bárður heiti jeg."

"Já, jeg þóttist hálfveigis þekkja yður, þó lángt sje síðan jeg sá yður; jeg sótti til yðar smjer, hjerna um árið, sem þó ekki vógst þegar heim kom."

"Og ekki kannast jeg við það, að það hafi ekki veigist; enn er maddamman heima? mjer er þökk á að fá að tala við hana."

Árni fór þá inn, óg kom Ingveldur brátt fram, og leiddi þá fóstra í stofu. Stofan var hús fyrir sig, og var geingið í hana vinstrameigin úr bæjardyrum; hún var í þremur stafgólfum og ekki ólaglegt hús, eptir því sem gjöra er í sveitum; á þeim gaflinum, sem sneri út til bæjarhlaðsins, voru tveir glergluggar, og rjett undir þeim stóð dálitið grænleitt borð og sinn stóll hvorumeigin. Í fremsta stafgólfinu, næst dyrum, var gestarúmið, og glitábreiða yfir; hinumeigin, og á móti rúminu, stóð rauðlituð kista með fángamarki Ingveldar á hliðinni, sem fram sneri; það var fatakista hennar; enn við endann á þessari kistu, stóð önnur kista, nokkuð minni, enn nýlegri, hana átti Sigríður. Ingveldur leiddi Bárð til sætis við borðið og tók að spyrja hann tíðinda; enn Guðmundur settist á kistu Sigríðar og sat þar með battinn á hnjánum, og hjelt sinni hendi um hvort barðið og datt ekki nje draup af honum. Ekki leið á laungu áður þar kom í stofuna, stúlka með bjart hár, húfu á höfði og dökkvan skúf, á bláu pilsi; með röndótta vefnaðarsvuntu, og í blárri peysu, nokkuð nærskorinni. Það var Sigríður Bjarnadóttir.

Hún gekk hægversklega enn þó ófeimnislega inn gólfið og rjetti að móður sinni kaffiketil, sem hún bar í hendinni; enn gestirnir risu upp á móti henni og heilsnðu henni með kossi. Ingveldur tók við katlinum, brá svuntuhorninu neðan undir botninn á honum, bljes í stútinn og setti hann á borðið og tók að skenkja kaffið: setti fyrst fyrir Bárð og benti Sigríði að koma, og færa Guðmundi þar sem hann sat á kistunni. Sigríður bar Guðmundi kaffibollann í annari hendi, enn sikurskál í annari. Guðmundur þrífur með annari hendinni einhvurn álitlegasta sikur molann úr skálinni, enn með hinni hendinni tekur hann um kaffi bollann enn, lætur Sigríði standa eptir með undirskálina, því ekki var hann svo fróður í þesshättar efnum, að hann vissi að hún átti að fylgja bollanum, og bar Sigríður skálina brosandi aptur á borðið. Guðmundur stíföi sikrið úr hnefa sínum, jafnöðum og hann sötraði kaffið, enn stakk síðan afgánginum í vestisvasa sinn. Um það leiti, sem Guðmundur var búinn að drekka kaffið, víkur Ingveldur talinu til Bárðar og segir:

"Meðal annara orða, ætli þjer lángt að ferðast, Bárður minn?"

"Og ekki leingra, maddamma góð! jeg skrapp hingað fram eptir með honum Guðmundi minum, rjett að gamni mínu, og svo lángaði mig til að tala við yður fáein orð, einhvurntíma."

"Jeg vona til að þjer verðið hjá mjer í nótt, Bárður minn! það er ekki svo opt að þjer komið hingað."

"Satt segið þjer það, heillin góð! ekki gjöri jeg óþarfa útreiðirnar með öllum jafnaði, samt sem áður held jeg, að jeg verði að dragnast heim í kvöld, þegar erindinu er af lokið, sem jeg helst vildi gjöra í einhvurstaðar í einrúmi, ef þjer gætuð komið því við."

"Jeg verð þá að biðja yður að koma innar í baðstofu með mjer; enn Sigríður mín! jeg vona til að þú látir ekki honum Guðmundi minum leiðast hjá þjer á meðan."

Þau Bárður geingu úr stofunni, enn Sigríður varð þar eptir, og vænti þess að Guðmundur mundi hefja samtalið með einhvurju skemtilegu efni; enn Guðmundur gat einhvurnveiginn ekki fundið á því lagið, og sat þar þeigjandi á kistunni og barði hælunum í hliðina, og gaut við og við augunum ámótlega til Sigríðar; Sigríði fanst það lítið yndi að sitja svona eins og mállaus og horfa á Guðmund, og væri því ekki annað fyrir enn að yrða á hann að fyrrabragði. Hún vissi það að opt getur lítilfjörleg byrjun orðið að laungu og skemtilegu samtali, ef sá kann vel að haga orðum sínum, sem við er rætt; hún seigir því blátt áfram: "er ekkert að frjetta neðan úr sveitinni?"

"Þakka yður fyrir! sagði Guðmundur, "nei, jeg verst allra frjetta, nema að það hefur verið stolið skamrifjum þar á Hamri, jeg veit ekki hvurt þjer hafið heyrt það."

"Jú, jeg trúi við heyrðum það hjerna um daginn; vita menn nokkuð um það, hvur það muni hafa gjört."

"Ónei," sagði Guðmundur og þagnaði; Sigríður sá að þetta samtal gat ekki loðað saman, enda þótti henni það ekki svo skemtilegt að hún gæti verið að halda leingur lífinu í því; þeigir nú um stund, enn seigir síðan:

"Þið feinguð í fyrra vor nýjan prest þar niðri sókninni, hvurnin líkar ykkur við hann?"

"Og jeg held hann sje afskiptalítill og meinhægur kallinn, og sannast er að seigja um það, ekki drekkur hann eins og hin skepnan."

"Það er vel farið; honum mun þá ganga betur búskapurinn, enn sagt var um hinn."

"Já, það vænti jeg eigi að heita, ekki er hann eins dauður; og það væri þá heldur eingin furða, þó hann hefði eitthvað að jeta með öllu því smjörgjaldi, maður guðs og lifandi, það mætti eitthvað verða úr því; enn það er eins og einhvur skrattans óblessun fylgi þessum prestum, því með öllu saman held jeg þó að hann leggi ekki stórt fyrir, svo sem þar berst

þó að af öllum sköpuðum hlutum; jeg treysti mjer til að verða stórríkur, ef jeg hefði aðrar eins tekjur á hvurju ári."

"Já, það er nú ekki að ætlast til þess, að allir geti haft hagsýnina og sparnaðinn ykkar fóstranna á Búrfelli."

"Og ekki má það nú kalla að jeg sje sparsamur, jeg jet altaf, og það heldur mikið enn lítið; enn hitt er satt, hann fóstri minn er sparsemdarmaður, því það seigi jeg yður satt, hann getur verið svo vikunum saman, að hann smakki ekki feitmeti, og er það ekki af því að hann eigi það ekki til."

"Það giska jeg nú á" sagði Sigríður hálfbrosandi, "heldur mun það vera af því, að hann vill koma því í skildinga; enn hvað jeg vildi seigja, hvurnin kennimaður þykir ykkur hann vera, presturinn ykkar?"

"Og jeg veit það ekki, jeg heyri að sumir hæla honum; þó skömm sje frá að seigja hefi jeg ekki komið nema einusinni til kirkju síðan hann kom, og heyrði jeg þó ekki nema seinni partinn af ræðunni, því það stóð svo á, að jeg var að tala við mann, sem jeg átti lítilræði hjá, út undir kirkjuvegg."

"Hvurnin fanst yður þetta, sem þjer heyrðuð?"

"Og jeg held það hafi verið allgott; mjer fanst það svona viðlíka og Strumshugvekjur."

Leingri gátu ekki við ræður þeirra Guðmundar og Sigríðar orðið að þessu sinni, fyrir því að þau Íngveldur og Bárður komu þá aptur í stofuna; enn þó samtal þetta væri ekki lángt, fjekk Sigríður nokkra hugmynd um kunnáttu Guðmundar og hugarfar.

Skömmu eptir það býst Bárður til heimferðar, og seigir Íngveldur við hann, þegar þau kvöddust, "jæja, Bárður minn! nú látum við þetta vera svona fyrst um sinn, enn fari alt eins og jeg vil, skal jeg undireins láta ykkur vita það fóstrana." Sá hafði orðið endir samtals þeirra Íngveldar og Bárðar, að hún hjet að gefa Guðmundi Sigríði dóttur sína, ef hún ekki með öllu þverneitaði þeim ráðahag. Riða þeir nú heim fóstr-

ar, og líða svo nokkrir dagar, að Ingveldur vekur ekki máls á þessu við Sigríði, enn var jafnan venju fremur blíð í viðmóti við hana, og kallar hana elskuna sína í hvurju orði, og þykir Sigríði það vel. Það var um þessar mundir eins og Ingveldur ætti í nokkurri baráttu við sjálfa sig um það, hvurt hún ætti að eggja dóttur sína á að eiga Guðmund, eða hún ætti að bregða því heiti, sem hún hafði gjört þeim fóstrum, og kom hún sjer ekki einhvurnveiginn að því, að nefna þetta við Sigríði; enn einn morgun herðir hún upp hugann, og vindur sjer að Sigríði, og segir ofur blíðlega: "ekki ber jeg á móti því, gæskan mín! að nokkuð hefur verið kaldara millum okkar hingað til, enn vera ætti; það getur verið, að það sje eins mikið mín sök og þín, enn nokkuð er það þjer að kenna; og það skaltu vita, að ekki elska jeg þig minna enn hin börnin mín; þið eruð öll undir sama brjóstinu borin, og því þyki mjer í rauninni eins vænt um ykkur öll; enn ekki væri þess öll ólíkindi, þó jeg væri alúðlegri við það barnið, sem sýnir mjer meira ástríki og alúð, og vill gjöra alt að mínu skapi; nú hefi jeg í fyrsta sinni sagt þjer, hvað mjer er innan brjósts, og vona jeg, að alt verði betra millum okkar eptirleiðis; enn að geði mínu átt þú að láta, það er þín skylda." Sigríði fanst að þessi orð móður sinnar kæmu frá hjartanu, og varð þeim grátfeigin; hún hljóp um hálsinn á móður sinni og sagði:

"Já, elsku móðir góð! í öllu vil jeg ástunda það, að gjöra yðar vilja, og það hryggir mig, hafi jeg í einhvurju móðgað yður, og fyrirgefið þjer mjer það!"

"Ójá, góða mín!" sagði Ingveldur, og kysti Sigríði. "Þú skalt þá sjá það, að jeg verð þjer góð móðir; enn nú giska jeg á, að það verði ekki svo leingi, sem mjer helst á ykkur börnunum mínum; það er vant að fara svo fyrir okkur foreldra veslingunum, þegar við erum búin að koma ykkur á fætur, og sá tími er kominn, sem við mættum hafa mest yndi og stoð af ykkur, þá hverfið þið út í veröldina frá okkur, og

eins mun fara um þig; þú ferð nú að giptast, býst jeg við, þegar þjer býðst gott gjaforð, og það væri synd fyrir mig, að líta svo á minn hag að sitja þjer í ljósi fyrir því, sem guð vill veita þjer" og nú fór Ingveldur að hálfkjökra.

"Ekki skuluð þjer kvíða því, móðir mín!" sagði Sigríður "jeg giptist valla svo fljótt, held jeg."

"Og því skyldir þú ekki gjöra það, elskan mín! þetta liggur fyrir þjer, og á þá leið dreymdi mig manninn minn heitinn í nótt, sem þess verði ekki langt að bíða, og sá eini biður þín, sem vandi er frá að vísa, og hvur heldur þú að það sje?"

"Jeg hefi lítið hugsað um það enn, móðir mín!" sagði Sigríður, og roðnaði við.

"Guðmundur á Búrfelli verður maðurinn þinn, taktu nú eptir, ef það er guðs vilji, og enginn annar."

"Æ, ekki held jeg það, móðir mín! jeg vona til þess að hann biðji mín ekki."

"Það var þó erindið þeirra fóstranna hingað fram eptir hjerna um daginn."

"Og hvað sögðuð þjer þeim, móðir mín?"

"Jeg lofaði þeim því, að svo miklu leiti sem mig snerti, og hjet þeim að nefna það við þig, því mjer gat ekki dottið annað í hug, enn að þú mundir þakka guði fyrir að fá slíkan mann."

Sigríður varð hljóð við þessi tíðindi; og áttu þær mæðgur langa viðræðu um þetta efni, og fanst það mjög á Sigríði, þó hún færi hægt, að henni virtist á annan veg enn móður hennar; fann hún það til, að maðurinn væri óálitlegur; enn Ingveldur kvað fegurðina ekki til frambúðar; hefði og föður Sigríðar verið alt annað betur gefið, enn friðleikurinn, og hefði hann þó verið sæmdarmaður í sveit; enn taldi Guðmundi það til gildis, að hann væri ráðdeildarmaður, stiltur og efnaður vel, og mundi fóstri hans búa svo í garð fyrir hann, að hann yrði þess mests aðnjótandi, sem til væri á Búrfelli. Sigríður fann það og að

Guðmundi, að hann væri mjög svo fákunnandi; enn Íngveldur hafði orð fyrir því, og kvað ekki bókvitið í askana látið, þegar farið væri að búa. Að svo búnu skildu þær mæðgur að því sinni, enn nær því á hvurjum degi flutti Íngveldur mál Guðmundar, enn fór þó að öllu sem hægast við Sigríði. Sigríður vildi fyrir hvurn mun ekki giptast Guðmundi, enn þótti nú sem hún mætti ekki gleyma Indriða. Hafði hún það fyrir satt öðru veifinu, að hann mundi hafa huga til sín, og hefði hann sýnt henni það opt í viðmóti, þó ekki hefði hann talað mart; enn einkum þóttist hún að fullu hafa ráðið það af orðum hans, þá er þau voru saman þar í stofunni. Aptur annað veifið efaðist hún um, að þetta væri annað enn tómur hugarburður sinn, og væri hugsun sú einúngis sprottin af því, að hún óskaði að svo væri. Hún gat heldur ekki skilið í því, hvurnin á því stæði, að Indriði hefði beðið sjer stúlku annarstaðar, eins og þá var altalað, ef hann nokkurntíma hefði haft huga til sín. Það var og annað, er henni þótti undarlegt, að Indriði ekki hafði komið þar, eða sjeð hana allan þann vetur, og ekki komið á þá mannfundi, sem hún kom á, eins og hann hafði áður verið vanur. Aptur á hinn bóginn fann hún, að móður sinni mundi stórum mislíka, ef hún vildi ekki fylgja ráðum hennar og eiga Guðmund. Út úr öllu þessu var hún optlega mjög ángurvær, og grjet í einrúmi, enn bar sig þó að, að láta ekki fleiri menn sjá; því við aungvan var að tala, er hún gæti trúað fyrir hörmum sínum. Það var eina nótt, sem optar, að hún gat ekki sofnað fram eptir allri nótt fyrir tómri umhugsun um hagi sína, og grjet sáran; enn nokkru eptir miðnætur bilið sofnaði hún loks út af, og dreymdi hana þá, að hún þóttist vera stödd þar út á hlaðinu; þar var og móðir hennar hjá henni, og hjelt á húfu nokkuri gamalli, og þótti henni þó líkara lambhúshettu, og ætlaði móðir hennar að setja hana á höfuðið á Sigríði; enn í því bili þótti henni, Björg systir sín koma þar að, og segja: "ekki veit jeg hvað þú hugsar, Íngveld-

ur sæl! að setja skrattans pottlokið að tarna á höfuðið á barninu!" og sló við hettunni svo að hún hraut ofan í skyrdall, sem stóð þar skamt frá; enn síðan brá hún upp faldi einum fögrum, og þóttist hún vita í svefninum, að hún ætlaði að setja hann á höfuðið á sjer, enn í því vaknaði hún. Sigríður varð ofur feigin þessum draumi, og rjeði hann eins og henni var geðfeldast, að Guðmundur væri lambhúshettan, enn Indriði faldurinn, og þótti henni það eitt vanta í drauminn, að systir hennar ljet ekki faldinn á höfuðið á henni. Um þetta var hún að hugsa nokkra stund, og gat ekki sofnað aptur; kom henni það þá í hug, að hún læddist upp úr rúminu og klæddist, og fór fram í dyralopt, er þar var. Þá var orðið svo ljóst að vel mátti sjá til að skrifa. Hún tók sjer þá penna og blek og skrifaði brjef, og var búin að brjóta það og skrifa utan á, áður enn heimilisfólkið kom á fætur. Brjef þetta var til Ingibjargar móður Indriða og var svona:

"Göfuga höfðingskona!

Að vísu veit eg það, að það er ekki siður, að konur tali að því að fyrra bragði við karlmenn, sem til ásta lítur eða bónorðs, og líkast er til, að þessi siður sje eðli okkar samkvæmur, því guð hefur búið oss svo úr garði, að ekki þarf orðanna við til þess að vjer með stillingu og siðsemi getum sýnt þeim sál, vora eins og hún er; enn hvort sem þessi siður er rjettur í sjálfu sjer eða ekki, finst mjer, eins og nú stendur á fyrir mjer, að hjarta mitt ekki veiti mjer neina ró, nema jeg opinberi einhvurjum það, sem mjer býr í brjósti, og á hvurri stundu pínir mig; og væri jeg nær þeim hinum sama manni, sem jeg aldrei get látið af að hugsa um, mundi jeg ekki skeyta um, hvort menn kalla slíkt reglur eða óreglur, enn gjöra það sem saklaus tilfinning hjarta míns býði mjer, og auglýsa honum það, sem í því er leynt, ef hann ekki sjálfur sæi það. Enn eitthvað, líkast til óhamingja mín, bannar mjer að þessu sinni, og hefur alt of leingi bannað mjer, að sjá hann, og hvurjum á jeg

þá að auglýsa það, sem jeg get ekki leingur dulið? Jeg ræðst í að segja yður það, af því að þjer eruð kona eins og jeg, og verðið því að hafa sál, sem að minsta kosti getur skilið og ímyndað sier, hvaða tilfinníng þeirrar konu hjarta verður að hafa, sem kremst af harmi og efa um það, hvort hennar kærasta hugsun sje eintómur hugarburður og reykur, eða ekki; verðið að hafa svo viðkvæmt hjarta, að ef þjer sjáið, að hugsun mín er ekki annað enn draumur, sem aldrei á sjer uppfyllíngu, ósk án vonar, að þjer aumkið mig, og að minsta kosti ekki kastið því, sem yður er falið á hendur í trúnaði, út í heiminn til að hlæja að því. Enn þetta, sem jeg ætla að trúa yður fyrir, er það, að mig lángar til að vita, hvort nokkuð sje til í því, sem jeg leingi hefi gjört mjer í hugarlund, að sonur yðar I..... mundi hafa rent huga sínum í þá átt, sem mig snertir. Ef svo væri, munduð þjer gjöra syni yðar þægt verk, og mjer sannan velgjörníng, að komast eptir því, og í kyrrþey láta mig vita það, hið bráðasta. Sje þetta tómur hugarburður minn sprottinn af því, að það mæla börn jafnan sem vilja, gjörið þjer vel í að vekja mig úr þeirri saklausu vonarleiðslu, sem jeg nú er í, því þá ætti jeg hægra með að fylla þá skyldu, sem jeg veit að hlýðni við móður mína heimtar af mjer. Fyrirgefið mjer dirfsku mína, og verið með öllum yðar æfinlega blessaðar! þess óskar yðar elskandi

Sigríður Bjarnadóttir."

Brjef þetta var skrifað í mesta flýtir, og eins og á því má sjá, meira af tilfinníngu, enn eptir föstum hugsunarreglum, eins og konum er títt; híngað og þángað var það sett blekblettum; verður það opt á þesshátta brjefum, því höndin er ekki alt af jafn stilt er hjartað kemst við; kalla menn þá bletti ástardropa, og þykja þeir eingin lýti vera.

Enn nú var eptir það sem mest á reið, og það var að koma brjefinu til Íngibjargar, svo lítið bæri á, og var Sigríður í stökustu vandræðum með það, því aungvan átti hún þann trún-

aðarmann þar á bæ, að hún þyrði að trúa fyrir því. Þenna sama dag kom Gróa á Leiti að Túngu. Íngveldur hafði lagst að sofa um daginn, þá er Gróa kom, og vildi Gróa ekki vekja hana, enn tók nú að tala við Sigríði. Sigríður var venju fremur hljóð; og verður Gróa þess brátt vör, og ávarpar hún hana blíðlega og segir:

"Það geingur eitthvað að þjer í dag, gæskan mín!"

"Ónei, Gróa mín!" segir Sigríður, "það er svona hinseiginn."

"Ekki þarf jeg að spyrja að því; þá liggur eitthvað illa á þjer, því ekki ertu vön að vera svona fálát með öllum jafnaði; enn mig skal nú ekki furða það, þó það kynni að liggja illa á þjer, út úr hausvitis slaðrinu, sem geingur staflaust hjerna í sveitinni; því þú munt valla hafa getað komist hjá að heyra það sjálf."

"Hvað er það, Gróa mín?"

"Nú, þú hefur þá ekki heyrt það, elskan mín! hvað það talar um þig?!"

"Nei, ekki hefi jeg heyrt það, hvað er það?"

"Og minst ekki á það, jeg get valla talað um það, ekki nema það, að það er að bendla þig við þremilinn hann Gvend á Búrfelli."

"Hvur gjörir það?"

Á, það var líklegra, að það væri ekki meiri hæfa fyrir því enn mörgu öðru, sem það fer með; enn guði sje lof, að það er ekki satt, þar færi illa góður biti í hundskjapt, hafði jeg nærri sagt; jeg var búin að heita því fyrir mjer, að ekki skyldi jeg koma í veislúna þína, gæskan mín! ef þú ættir þann kúalubba; enn mikið er hvað bölvað hyskið — guð fyrirgefi mjer að jeg blóta —, getur logið, jeg segi það satt, tilhæfulaust, þetta er altalað út um alla sveit, enn jeg ber á móti því, og segi að það skuli ekki vera að fara með þetta slaður, því hún Sigríður mín ætti

ekki fremur strákinn hann Gvend, enn strákurinn hann Gvendur færi ofan í mig."

"Þetta gat þó vel staðist" sagði Sigríður og stundi við, "það mundi þykja nógu gott gjaforð fyrir mig."

"Æ, það er von þig hrylli við því, blessaður únginn! að hugsa til þess, hvað þá heldur —"

"Þetta hefur þó komið til orða, Gróa mín! og er mörgu skrökvað, sem minna er hæfi í."

"Æ, nú held jeg mjer verði flökurt, elskan mín! það hefði jeg svarið fyrir; og hvað ætlar hann að gjöra með konu þumbarinn sá; jeg seigi fyrir mig, jeg vildi heldur sofa hjá einhvurjum rekaviðardrumb, enn honum Gvendi."

Sigríður þagði, og gat þó ekki gjört að sjer að brosa, enn Gróa ljet dæluna ganga: "jeg þykist vita að hún Íngveldur mín hefur fljótt gefið honum góð svör og gegnileg?"

"Jeg veit þó ekki" sagði Sigríður "hvort henni þykir það svo mikið óráð; hann er vel efnaður."

"Enn þó, elskan mín! hvað hefur konan gagn af því, þegar hún fær ekki að ráða svo miklu sem að gefa hundi bein; eða ætli hann verði ekki líkur honum Bárði í því, eins og öðru, og hvurju rjeði hún Guðrún heitin, veslíngurinn, þar á Búrfelli? nei, ekki get jeg trúað því, að hún Íngveldur mín sje svo blind, að láta barnið sitt í þær hendur; og aldrei hefði það við geingist, ef hann faðir þinn, hann Bjarni minn heitinn, hefði lifað."

"Það held jeg nú og" sagði Sigríður.

"Enn það sjest nú hjerna á mörgu, þó jeg eigi ekki að seigja annað enn það sem gott er um hana Íngveldi mína sauðinn, síðan hann dó, öðlíngurinn"; þetta sagði Gróa hálfkjökrandi, og brá um leið svuntuhorninu upp að augunum á sjer. Sigríður, er alt af saknaði föður síns, og var jafnan hlýlegt til allra, sem töluðu vel um hann, komst þá við, og strauk með hendinni um vángann á Gróu, og sagði: "við skulum ekki minnast

á hann, góða mín!" enn Gróa hjelt áfram kjökrandi, og sagði: "jeg get ekki gjört að því, að mjer vöknar ætíð um augu, þegar jeg minnist á hann, blessað ljúfmennið; enn það skal ekki verða, þó jeg sje í pilsi, að barnið hans Bjarna míns fari í þær hendur; jeg verð að taka henni móður þinni tak, svo hún stofni ekki sjer eða sínum í þá vitleysu."

"Og ekki held jeg það sje vert, Gróa mín! að þú minnist neitt á það við hana, enn annað lítilræði gætir þú gjört fyrir mig, ef þú vilt mjer vel" sagði Sigríður, og leit framan í Gróu, eins og hún ætlaði að sjá inn í brjóstið á henni, enn gat ekki sjeð þar annað enn einskæra trúmensku og einlægni.

"Þú mátt reiða þig uppá mig, góða mín! því þó aldrei hefðir þú hlynt neinu góðu að mjer, sem þú opt og margfaldlega hefur gjört, þá á hann, sem nú liggur í gröfinni, það að mjer, að jeg reyndist þjer ekki ver enn aðrir í því litla, sem jeg megna, eða hvað er það gæskan mín?"

"Það er að koma brjefinu því arna yfir að Hóli, svo lítið á beri, og taka við svarinu aptur, og hjerna er skildingur undir það". Sigríður rjetti þá að henni brjefið og spesju með.

"Það er svo lítið, og sjer er nú hvur ósköpin! Þú hefur það af einhvurjum þínum að vera svo smátæk, elskan mín! þetta er nú ofmikið" sagði Gróa og kysti Sigríði stundarlaungum kossi.

"Jeg þarf ekki að minna þig á, að geta ekki um það við neinn hjerna á heimilinu, Gróa mín!

"Jeg! vertu öldúngis óhrædd um það, gæskan mín! jeg er einginn skynskiptíngur, og það sem einu sinni er komið í höndurnar á mjer, það skal einginn það an draga, þó það væri kóngurinn; og þagað get jeg yfir því, sem mjer er trúað fyrir, þó jeg sje kjöptug; jeg held það varði aungvan um það, þó eitthvað meinleysi sje á millum ykkar Indriða, held jeg, enn þar er maðurinn"

Í þessu kom Íngveldur inn, og var Gróa fljót að stínga

brjefinu á sig, og sneri ræðunni alt í einu eins og þær hefðu verið að tala um eitthvað annað. Gróa dvaldi í Sigríðartúngu fram eptir deiginum, enn þó skemur enn hún átti venju til. Sigríður þóttist hafa komið vel ár sinni fyrir borð um brjefsendínguna; enn svo liðu margir dagar, að ekkert svar fjekk hún frá Íngibjörgu. Loksins kom Gróa aptur fram að Túngu, og spurði Sigríður hana hvurnin farið hefði um brjefið; kvaðst Gróa hafa farið með það daginn eptir og feingið Íngibjörgu það sjálfri í einrúmi; hefði hún lesið það og skellihleigið upp yfir sig, og kastað því þar á búrhylluna, rjett eins og hún skeytti ekkert um það; og ekki hefði hún beðið sig, að taka aptur neitt svar; sagðist hún þó hafa ámálgað það við hana. Þessar frjettir sagði Gróa Sigríði hálfgrátandi, og hafði Sigríður einga orsök til að efast um, að þær væru sannar; enn óhlutvandir menn, sem lögðu það í vana sinn að færa alt á verri veg fyrir Gróu, mæltu það, að hún einhvurntíma laungu síðar hefði átt að sleppa því við góða kunníngjakonu sína: að þegar þeir, sem brjef sendu væru búnir að borga undir þau, gætu þeir ekki gjört að því, hvað síðar yrði um þau.

Eptir þetta virtist Sigríði öll von úti, og gjörðist nú jafnan harmþrúngin mjög, enn móðir hennar hætti ekki að gylla fyrir henni, hve girnilegt það væri að eiga Guðmund; og einn dag er Sigríður sat fálát mjög fram í stofu, kemur móðir hennar þángað til hennar, og klappar henni hálfhlæjandi utan á vángann, og segir:

"Á jeg nú ekki bráðum að fara skrifa þeim til, og segja honum að nú sje björninn unninn? eða er þjer ekki farið að sýnast, elskan mín! eins og mjer, að vandi sje velboðnu að neita?"

"Þjer ráðið því, móðir mín! hvað þjer gjörið, jeg veit það, að þjer getið ekki eggjað mig á annað, enn það sem þjer haldið að mjer sje fyrir bestu, og þó jeg ekki geti felt mig við það, veit jeg samt að það er skylda mín að hlýða

yður" sagði Sigríður, og hrutu nokkur tár um leið ofan um kinnarnar á henni.

"Það er öll von til þess, og jeg get ekki láð þjer það, góða mín!" sagði Ingveldur og klappaði Sigríði aptur á kinnina, "þó þú finnir í fyrstu hjá þjer nokkurn efa, enn jeg er sannfærð um það, að eptir á muntu þakka guði fyrir að þú ljest mig ráða." Sigríður gat þá ekki bundist tára, enn með því að hún vildi ekki láta móður sína sjá, að hún grjeti, stóð hún upp og gekk út úr stofunni; og töluðust þær ekki meira við mæðgurnar; enn Ingveldur tók orð Sigríðar fyrir fult jáyrði, og ritaði síðan þeim fóstrum til og sagði, hvar komið var. Komu þeir fóstrar þá fram að Túngu, og festi Ingveldur Guðmundi Sigríði dóttur sína. Eptir það kom Guðmundur nokkrum sinnum fram að Túngu; enn jafnan var Sigríður mjög fálát við hann, og fjekst Guðmundur ekki um það. Er nú svo ráð fyrir gjört, að brúðkaupið skyldi standa að afliðnum rjettum, að þeim bæ er Hvoll heitir, það var annexía prestsins í Sigríðartúngu hrepp; þar voru húsakynni stærri og rúmbetri enn í Túngu. Síðan fóru lýsingar fram, tvo sunnudaga hvorn eptir annan, og seinna sunnudaginn var lýst á tveimur kirkjum undireins; það hafa lögfróðir sagt oss, að ekki sje sú aðferð rjett; aptur höfum vjer heyrt greinda presta segja að svo meigi þó vel vera, ef einhvur gild ástæða sje til þess að flýta brúðkaupinu: og þannig stóð á að þessu skipti: hrútar þeir, sem Bárður hafði ætlað til veislunnar, voru komnir af fjallinu og hafði Bárður hlaupið til að skera þá, svo þeir legðu ekki ofmikið af á mörinn; enn skotið því að presti, að ef leingi stæði á lýsingunum, gæti svo farið, að farið yrði að slá í kjötið, þegar veislan yrði haldin. Daginn áður enn veislan skyldi standa, höfðu þeir fóstrar mikið annríki í að koma öllu fyrir. Á Hvoli var stofuhús fram í bænum, þar voru borð reist eptir endilaungu húsinu og bekkir á tvær hliðar. Hjer skyldi alt fyrirfólkið sitja; brúðhjónum var ætlað sæti fyrir miðjum gafli, og voru sæti þeirra auðkenni-

leg af tveimur stórum flossessum, sem lagðar voru á bekkinn fyrir miðjum borðsenda. Á aðra hlið brúður skyldi sóknarprestur og kona hans sitja og út frá honum aðrir aðkomu prestar, þá hreppstjórar og aðrir valinkunnir bændur. Á aðra hlið brúðguma átti Ingveldur að sitja og svo hvur af öðrum eptir skyldugleika og mannvirðingum. Út á hlaðinu var stór skemma; hún var rudd og tjölduð vaðmálum á báða veggi; þar áttu að sitja hinir smærri bændurnir og meðreiðarmenn fyrirmannanna. Skemman var tvísett borðum, og borðin reist á þann hátt, að eptir skemmunni endilángri voru settar kistur í röð, og tómar hálftunnir, og þará ofan reft sljettum fjölum eða hurðarflekum og síðan hulið dúkum eða ábreiðum. Þetta var hin óæðra stofan. Vistir og drykkur skyldi vera eins í hvorutveggju stofunni, enn sá var að eins munurinn, að tjöld og borðbúnaður voru glæsilegri í fyrirmannastofunni, enn í hinni óæðri stofu. Kona var til feingin þar úr sveitinni að annast um matartilbúninginn, og frammistöðu menn ákveðnir; enn sjálfur ætlaði Bárður að hafa umsjón yfir vínfaungunum. Þriðjudaginn í tuttugustu og þriðju viku sumars var alt tilbúið til veislunnar, og skyldi hún standa að morni; enn Bárður kall sat út við bæjarlæk, og jós með trjesleyf vatni á 10 potta tunnu, er stóð þar hjá honum á lækjarbakkanum, kemur þá Guðmundur þar að og segir:

"Hvað ertu núna að gjöra, fóstri minn?"

"Og jeg er að þynna dálitið mjaðar skömmina þá arna; mjer sýnist hún svo þykk; jeg held hún sje svikin!"

"Nú! jeg hjelt hinseiginn, að þú værir að drýgja hana ögn, fóstri minn!"

"Ónei, jeg held hún drýgist lítið á þessu, þó jeg láti nokkrur spónblöð hjerna á kútholuna; enn er nú alt tilbúið hjá þjer í skemmunni, og heldurðu hún taki það alt, sem hjerna kemur á morgun?"

"Og jeg veit það ekki, þetta er soddan sægur, sem búið

er að bjóða; jeg veit nú ekki hvað það á, að safna að sjer öllu því hyski."

"Það veit jeg ekki heldur, enn hún Ingveldur vill hafa það svo, og jeg læt hana ráða því, og hún skal fá að borga það, sem til þess geingur, ekki ætla jeg að gefa henni það, það máttu reiða þig uppá."

"Nei, það sýnist mjer ekki þú þurfir, og hvað selur þú henni brennivíns pottinn?"

"Jeg læt hana fá hann fyrir sama verð eins og jeg hefði getað feingið fyrir hann í vetur, er það ósanngjarnt?"

"Nei, og mjöðina, hvað tekur þú fyrir hana?"

"Já, það er nú eptir að mæla hana, það var vel þú mintir mig á það; jeg get ekki fært pottinn fram um meira enn fjóra skildinga, vænti jeg, og jeg ætlast til að það verði 10 pottar hjerna á kútnum — enn nú vænti jeg að þú farir að fara fram eptir; þú verður að vera þar í nótt til þess þið getið fylgst öll hingað á morgun."

"Ójá," sagði Guðmundur og fór.

Brúðkaupsdaginn var veður fagurt, og voru menn snemma á fótum á Hvoli. Að liðnum dagmálum tók boðsfólkið að ríða í garð. Á Hvoli var fagurt heimreiðar, og ljetu þeir hinir úngu menn hestana fara á kostum heim traðirnar; og höfðu menn mikla skemtun af að horfa á, hvurnin gæðingarnir runnu. "Þarna kemur presturinn á rauðum og tveir með," sagði einhvur, sem stóð á hlaðinu, "altjent hefur hann eitthvað, góði maður, sem fallega ber fótinn." Bárður stóð fyrir miðjum bæjardyrum og heyrði það, setur nú hönd fyrir auga, og segir: "ójá, það er víst hann, á honum Rauð sínum" snýr sjer síðan við og kallar hátt inn í bæjardyrnar; "Helga mín! hafðu nú til í litla katlinum, nú sjest til prestsins; enn hvur þeysir þarna á ljósum, hjernameiginn við kvíarnar?"

"Það getur ekki verið neinn annar enn hann Þorsteinn Kaupi, eða Matgoggur, sem sumir kalla."

"Já, ekki er honum boðið," sagði Bárður í hálfum hljóðum, "enn það stendur ætíð svo á, að hann á þar ferð um, sem veisla er haldin, og jeg vænti jeg verði að bjóða honum fyrst hann á annaðborð er kominn; enn hvað verður af brúðhjónunum, piltar! sjáið þið ekkert til þeirra enn?"

"Þau eru rjett að seigja komin að túninu."

Þá var nær hádeigi enn dagmálum er hjónaefnin riðu í hlað; Guðmundur ætlar ekki að láta standa á sjer, og stekkur af baki til að taka konuefnið af baki, enn laust var á klárnum og snarast reiðverið út í aðra hliðina, og verður Guðmundi fastur annar fóturinn í ístaðinu, enn maðurinn var ekki liðugur, og fellur hann á bak aptur ofan í bleytuna og flekkuðust nokkuð fötin Guðmundar; hlupu þá nokkrir af þeim, sem þar voru á hlaðinu til að hjálpa Sigríði af baki; enn aðrir gripu til sjálfskeiðinganna og tóku að skafa bleytuna úr brókum Guðmundar, og var ekki ugglaust, að þeir hinir yngri menn hefðu ófarir Guðmundar í flimtingi. Sigríður gekk til stofu, og þóttust menn ekki hafa sjeð konu fegri yfirlitum, eða rösklegri á velli enn Sigríði; og töluðu það margir sín á milli, að mikið gæfuleysi legðist fyrir jafnvæna konu, að eiga svo óliðlegan mann sem Guðmundur var. Sigríður var mjög fálát um daginn, og tók einginn til þess; brúðkaupsdagurinn er svo mikilvægur dagur á mannsæfinni, að eptir líkindum þykir fara, þó nokkur alvörusvipur sje á brúðurinni. Er nú geingið í kirkju, og undan vígslu súnginn 309 sálmurinn í Nýjubókinni, og þegar komið er í seinasta vessið, leiðir djákninn brúðhjónin til bekkjar, enn prestur tekur að þilja vígslu ræðuna, og hafði hann tekið sjer til umtalsefnis: "efndanna er vant, þó heitin sje góð." Ekki þóttust menn vita þess nokkur dæmi, að heilagur andi hefði nokkurntíma áður talað með þvílíkum krapti og áhrifum, fyrir munn þjónustumanns síns Tómasar prests; öll framkirkjan að norðanverðu flaut í tárum; í kórnum var þurt og framkirkjunni sunnanverðri, enn þó var þar margur hraustur

dreingur, sem hitnaði um hjarta. Sigríður sat með samanlagðar hendur á brúðarbekknum, og virtist mönnum, hún harla föl útlitum og áhyggjumikil; enn af Guðmundi datt ekki nje draup; ekki táraðist hann, enn endur og sinnum sáu menn varir hans bærast; þeir sem þektu lundarfar Guðmundar gátu þess síðar til, að fremur mundi honum hafa það skipti flogið í hug, að telja saman jarðarhundruð Sigríðar, enn að hann væri að hugfesta það, sem prestur sagði um kristilegt hjúskaparhald. Að lokinni ræðu tekur prestur eins og vant er, að spyrja brúðhjónin lögspurninga þeirra, sem standa í handbókinni. Guðmundur svaraði þeim öllum vel og einarðlega, enda er það lítill vandi að svara þeim rjett; því reglan er sú, að seigja allajafna "já" til hvurs, sem að er spurt. Að svo búnu snýr prestur sjer til brúðarinnar og seigir:

"Sömuleiðis að spyr jeg yður virðuglega yngisstúlka, jómfrú Sigríður Bjarnadóttir! hvort þjer hafið ráðfært yður við guð í himninum, þar næst við yðar eigið hjartalag og svo þar eptir við náunga yðar og vini, að taka þennan virðuglega yngismann, monsjer Guðmund Hansson, sem hjá yður stendur, yður til ektamanns?"

Þessari spurningu játti Sigríður, og þó nokkuð lágt. Þá spyr prestur hana í annað sinn, og játti Sigríður enn.

"Í þriðja máta að spyr jeg yður, hvort þjer vitið yður fría fyrir, að hafa gefið nokuri mannspersónu, sem nú lifir yðar ektatrú, sem þetta hjónaband hindra kunni?"

Þá var eins og Sigríður alt í einu vaknaði af svefni. "Nei" seigir hún, og svo hátt, að nær því heyrðist um alla kirkjuna. Prestur var óvanur slíkum svörum og varð nokkuð bilt við. Allir urðu öldúngis forviða. Djákninn var maður forn og fastur í embættisverkunum, hann hugsaði með sjer, eins og seigir í málshættinum: "slíkt verður opt á sæ, kvað selur, var skotinn í auga" stúlkunni heiði orðið mismælt, enn ætti þó leiðrjetting orða sinna; hann sat ekki langt frá Sigríði og hnippar í hana

með handleggnum og segir: "seigið þjer já blessuð!" Sigríður þagði eins og steinn og hallaði sjer á bak aptur upp að hjónastólsbríkinni; enn prestur ránkar við sjer aptur, og hefur nú upp aptur hátt og skýrt sömu orðin sem fyrr. Sigríður þagði. Prestur starir á hana um hríð, snýr sjer síðan til fólksins og segir: "hinn kristileigi söfnuður hefur heyrt, að brúðurin, jómfrú Sigríður Bjarnadóttir hefur neitað spurníngum kirkjunnar; rítúalið leyfir mjer ekki að halda leingra út í það, piltar! getur og verið að stúlkunni hafi orðið snögglega ílt"; eptir það geingur prestur út úr kirkjunni; enn allir þyrpast í eina bendu utan að Sigríði, enn hún er náföl og talar ekki orð; halda flestir hana mállausa eða vitfirta eða hvortveggja, og er hún studd inn í bæinn og sturma menn þar yfir henni um hríð. Boðsmenn sáu það á öllum lotum, að ekki mundi verða neitt úr veislunni þann dag, og fóru smátt og smátt að tínast í burtu. Sigríður komst um kvöldið fram að Túngu; og urðu menn þess nú varir að hún var hvurki mállaus eða vitskert; enn aftók nú með öllu að setjast í annað sinn á brúðarbekkinn hjá Guðmundi; og flýgur þessi atburður um öll hjeröð, og var álit manna allmisjafnt; sögðu sumir að þetta væri orðið mjög að líkindum, og væri betur seint sjeð enn aldrei; hinir voru þó fleiri er lýttu Sigríði fyrir, og töldu þess öll líkindi, að þessi atburður hefði ekki verið að öllu tilviljun; enn Þorsteinn Matgoggur lagði aldrei annað til þeirra mála, enn að hann fór að kjamsa með munninum og sagði „hvur ætli hafi þá jetið alla steikina þar? það kemur altjent vatnið fram í munninn á mjer, þegar jeg hugsa um hana". Margir eggjuðu þá fóstra, að höfða sök á hendur þeim mæðgum, og töldu að ekki hefði alt verið brigðalaust af þeirra hendi; þó fórst það fyrir og varð sá endir málanna, að þær mæðgur hjetu að gjalda Guðmundi 6 ær loðnar og lembdar í fardögum auk veislukostnaðarins, og ljetu þeir fóstrar sjer það lynda úr því sem komið var. Ekki sýndi Ingveldur Sigríði miklar ástir um þetta leiti, og var við

sjálft búið að Sigríður yrði að hrökkva burt frá Túngu; þó bar Sigríður þetta mótlæti með stillingu, enn var heldur óglöð og fálát; og leið svo fram veturinn. —

Þenna sama vetur var Ormur Bjarnason, bróðir Sigríðar, efstur í neðribekk í Bessastaðaskóla; átti sæti í borðstofu í króknum við Brúnku á óæðrabekk, og var í fati og kúpu með efribekkjar stórmennum; og var það eitt af rjettindum Skrælingja konúngs, sem mest kvað að, fyrir því að þar voru vistir betri og mjólk minna blandin, enn þegar aptur eptir Brúnku sótti. Í skóla sat Ormur jafnan fyrir ofan litla borðið næst ofni; það sæti hafði hann sjálfur tekið sjer, og báru margir hlutir til þess, enn sá einkum, að þar var vígi gott, og betra fyrir einn að verjast enn þrjá að sækja; enn land Skrælingja herskátt mjög um þær mundir. Ekki hafði Ormur neinar kvaðir af hendi kennaranna, og ekki hafði hann önnur stjórnarstörf í ríki sínu enn herstjórn; var hann og hinn mesti fullhugi og reyndur í orustum. Það var einn dag skömmu eptir miðjan vetur, að Ormur sat í sæti sínu, og var að rita latínu í bók þá, er Kompa heitir; ekki voru þar fleiri piltar í skólanum, því þeir voru að snæðíng; enn Ormur hafði því ekki geingið til borðunar að óvinurinn Sparta var á borðum. Raunar þótti það ósiður að gánga ekki til borðunar, og flestir voru svo leiðitamir, að gánga í borðstofu og að minsta kosti gína yfir kjötbollunum, þó þeir ætu ekki. Sumum gekk ekki góðmenskan ein til, heldur hitt, að þeir annaðhvort vildu vera öllum þóknanleigir, sem hlut áttu að Spörtu, eður og að þeir hugðu, að kennarinn, sem stóð yfir piltakindunum, mundi koma auga á sæti þeirra og rita það í minnisblöðin, að þeir kæmu ekki til borðunar. Enn Ormur skeytti lítið um þesskonar hjegyljur og hugsaði með sjer "riti þeir í guðs nafni, blessaðir, alt jafnar sig". Ormur hafði alt af nógan starfa, þegar piltar voru inni, og því varð hann að nota þann tímann, sem nokkur kyrð var á til að bóka latínuna, ella mundi Kompa hans síðbúin, þegar

þjónustusveinn kennarans tók að heimta saman Kompurnar. Enn kyrðin varð ekki laung; alt í einu heyrast sköll og glumragángur, sem þá er margir lausir hestar eru reknir hart yfir stórgrýti; þá voru piltar að hlaupa út úr borðstofu, sinn í hvurja átt; og í sama vetfángi var skólahurðinni svipt upp, enn maður hvatlegur hleypur inn; sá hjet Vigfús, og var Oddsson. Hann átti opt sökótt við Orm, og sama morguninn hafði Ormur í miðjum tíma beðið um útgaunguleyfi, enn þó ekki átt brýnt erindi. Vigfús sat fremstur fyrir framan stóra borðið, og rjett í því Ormur gekk út, enn kennarinn sagði við Vigfús: "taktu þarna við seqvens" lagði Ormur þvílíkan pústur utan á vángann á Vigfúsi, að einginn þóttist áður slíkan heyrt hafa, og tók undir í öllum skólanum. Ormur skrapp út; enn svo var snoppúngurinn laglega rjettur að Vigfúsi, að fáir gátu sjeð með vissu hvaðan hann kom. Vigfúsi varð ógreitt um lesturinn, og ruglaðist í að snúa latínunni, því hann varð heitur við tilræðið og misti sín. Þetta var Vigfúsi ekki úr minni liðið, og segir nú í því hann kemur inn í skólann: "nú skal minnast forns fjandskapar og gjalda þjer kinnhestinn, þann í morgun"; og tvíhendir í sama bili gamlan Kleyfsa og miðar á nasirnir Ormi, enn missir hans, og kemur Kleyfsi í blekbyttu þar á borðinu, og veltur hún yfir Kompu Orms. Ormur hugsar sig ekki leingi um, og snarast, eins og kólfi væri skotið, fram yfir borðið, hleypur að Vigfúsi og vill hafa hann undir. Verður þeirra aðgángur bæði harður og lángur, enn svo lauk um síðir, að Vigfús getur brotið Orm á bak aptur um skólabekkinn, grípur síðan tveim höndum um hnjesbætur honum og dregur hann undir sig niður á gólfið. Tekur þá Ormur að emja og heitir á Skrælíngja, að þeir dugi sjer og dragi illmenni það ofan af sjer, enn ekki var Ormur svo vinsæll meðal þeirra Neðribekkjarmanna, að nokkur vildi þá til verða, að veita honum; enn betur var hann þokkaður hjá Efribekkíngum; og vill þá svo heppilega til, að einn þeirra, sem Þórarinn hjet, kemur

þar að, sem þeir ljekust við. "Nauðuglega ert þú nú staddur, Ormur frændi!" segir hann, "og með því þú hálfveigis hefur heitið mjer Sigríði systur þinni, þá mun það ómannlegt, að duga þjer ekki."

"Hún er gipt dóna fyrir austan" gall einhver við af Neðribekkingum.

Þá er að snúa hann úr hálsliðunum" sagði Þórarinn, og þrífur annari hendi til Vigfúsar og hnykkir honum aptur á bak ofan af Ormi. Þetta sjá vinir Vigfúsar og ráðast þegar fjórir eða fimm á Þórarinn, enn hann verst með hinni mestu prýði; og verður þetta upphaf hinnar snörpustu orustu; þustu þar að bæði Efri og Neðri bekkingar og veittu ymsir ymsum, enn Efribekkingar þó mest Þórarni, og Neðribekkingar Vigfúsi og varð sú hríð bæði laung og skæð, og urðu þá margir atburðir jafnsnemma, og verður ekki greinilega sagt frá vopnaviðskiptum. Skólabækur flugu þá sem þykkvast drífa, heilar eða í pörtum; sumir tóku bekki og höfu í höfuð mönnum; sumir stukku upp á borðin og börðust þaðan; þá tóku nokkrir Litlaborðið, sneru því við og hlupu síðan ofan í hólfið og hlífðu sjer þar fyrir skotum; enn blöndukannan hin mikla valt þar á vígvellinum, og fjellu úr henni lækir um alt gólfið. Neðribekkingar vildu færa leikinn upp í Efribekk, og hlupu þá fjórir hinir hraustustu af Efribekkingum fyrir dyrnar og vörðu þeim það. Umsjónarmaður skóla var upp í Amtmannssonalopti, er honum bárust þau tíðindi, að allur skóli berjist svo til mikilla vandræða horfist. Hann bregður skjótt við, og afar sjer liðs, og geingur á milli þeirra, og fyrir viturlegar fortölur hans voru grið sett og sættum á komið; skyldu áverkar allir niður falla, og svo klæðaspjöll. Þar var nýsveinn einn, sem Þórir hjet, hann var stór maður og sterkur, og hafði verið í liði þeirra Neðribekkinga í bardaganum, og geingið vel fram. Ekki vildu Efribekkingar taka sættum, nema hann feingi nokkra

ráðníngu; þótti þeim ekki sæma, að busi sá sýndi sig beran að fjandskap við gamla og göfuga Efribekkínga; ekki þótti Neðribekkíngum það rjett, enn þó varð nú svo að vera; og áskildi Ormur sjer að bera hönd að höfði honum. Er nú Þórir leiddur fram á mitt gólf skjálfandi, sem laufblað í skógi; enn forsaungvarinn þrífur rifrildi af Skrifilíus, sem þar var að flækjast á gólfinu eptir bardagann, og segir: sálmurinn, er að venju 101 í bókinni: "Þá Ísraels lýður einka friður af Egyptó." Enn í sama bili, sem menn ætluðu að byrja sálminn, kemur einn af piltum hlaupandi inn, og segir að þar sje úti maður með brjef og vilji fá fljótt að tala við Orm.

"Þá verð jeg að fela þjer á hendur, Þórarinn frændi! að styðja að höfðinu á busanum fyrir mig; enn það getur verið, að hjer sje komið brjef að austan og sendimaður frá henni móður minni, hann getur sagt henni frá, hvað jeg sje vel á veigi staddur með hvundagsfötin" sagði Ormur, og hljóp út og dró eptir sjer aðra buxnaskálmina, sem nærri því var rifin af, lítið fyrir neðan hnjesbótina."

Ormur kennir brátt manninn, og eru þar komin tvö brjef að austan úr Sigríðartúngu, og sest Ormur inn í borðstofu og tekur að lesa þau. Annað brjefið var frá móður hans, enn hitt frá Sigríði systur hans. Brjefi móður hans fylgdu tvennir sokkar og nýsaumaðar vaðmálsbuxur og þótti honum þær koma í góðar þarfir. Brjef Sigríðar systur hans var þannig:

"Kæri bróðir!

Jeg skrifa þjer þennan miða í mesta flýtir, með manni, sem suður fer hjeðan úr sveitinni, og er það efnið, að biðja þig að koma mjer fyrir, einhvurstaðar þar syðra í góðum samastað; því nú er svo komið, að mig lángar til að komast, sem fyrst, hjeðan úr sveitinni; og með því að þú opt hefur talið mjer trú um það, hvað skemtilegt sje á suðurlandi, tek jeg nú þetta ráð úr óyndisúrræðum; og vona það, að þú reynist mjer sem góður bróðir. Síðan hann faðir okkar dó, hef jeg aungv-

an, sem jeg get treyst, nema þig; og þó að þú sjert nokkuð únggæðislegur enn, þekki jeg það samt, að þú ert raungóður. Hjer hefur borið svo mart og mikið til tíðinda, síðan þú fórst í haust, að fádæmum þykir sæta; enn ekki ætla jeg að seigja þjer frá því fyrr enn við finnustum, enda held jeg að nógir aðrir verði til þess, að skrifa þjer ávæning um það. Vertu blessaður og sæll!

Þess óskar þín elskandi systir
Sigríður Bjarnadóttir."

Ormur varð venju fremur hljóður við brjef systur sinnar, sat hann þá nokkra stund og studdist fram á borðið, með hönd undir kinn. Í þessum svifunum kemur Þórarinn vinur hans þar að, og sjer brátt að Ormur býr yfir einhvurju; hann kastar þá glaðlega orðum á Orm og seigir: „hvað geingur að þjer, laxmaður! mjer sýnist þú vera svo daufur, alteins og þú hefðir feingið brjef frá henni móður þinni, og hún hefði húðsneypt þig fyrir leti, slark og hirðuleysi."

"Þú heldur sumsje" sagði Ormur, "að það mundi koma út á mjer tárunum? jeg seigi þjer satt, annaðhvort læsi jeg ekki þesshättar brjef, eða ef jeg á annað borð læsi þau, mundi jeg leggja hendina á brjóstið, og seigja með sálmaskáldinu: ""hvar samviskan er glöð og góð""; enn það er öðru nær, enn jeg fái þesskonar brjef frá henni mömmu, enda get jeg ekki skilið í öðru, enn að hún meigi vera ánægð með mig; um siðferðið vita allir, hvursu heiðarlegt það er, og iðnina og ástundunina geta allir sjeð af því, að jeg er þó alt af að færast uppá við."

"Þeir verða hærri í lopti, sem hlaðið er undir, og svo er um þig, laxmaður! það koma ætíð einhvurjir nýir á haustin, sem ýta þjer upp á við, enn ekki hefur þú hingað til lypt þjer hátt sjálfur."

"Jeg hefi átt við raman reip að draga, laxmaður! þar sem mjer alt af hefur verið að förla um gáfurnar síðan jeg kom í

skóla; haustið sem jeg kom hingað, og settist efstur af bus-unum, var jeg ágætlega gáfaður, enn síðan hrapaði jeg um miðjan veturinn og skemdi svo í mjer gáfurnar, að þær hafa aldrei náð sjer aptur; leingi varð jeg að láta mjer lynda að vera sæmilega gáfaður, og nú er jeg fyrst ögn farinn að rjetta við aptur, og er það ef til vill meira að þakka sætinu, sem jeg sit í, enn sjálfum mjer; því nú trúi jeg að jeg sje orðinn vel gáfaður."

"Nú þá máttu vera ánægður, sýnist mjer" sagði Þórarinn.

"Nei, til þess, sem jeg á nú að gjöra og úr að ráða, finst mjer þurfa meira, enn að vera vel gáfaður."

"Hvaða vandaverk er það?"

"Ekki annað enn það, að útvega henni Sigríði systur minni góðan samastað einhvursstaðar í Reykjavík."

"Er hún skilin við manninn?"

"Nei, það er saga að segja frá því, hún sagði skilið við mannsefnið, og nú skilst mjer að svo liggi í því, að hún eigi valla vært þar eystra, út úr öllu klórinu, og af því verð jeg að drekka; vandanum er hrundið á mig."

Mjer sýnist vandinn ekki stór; viljir þú ekki láta hana fara til hennar maddömu Ó., þá kondu henni fyrir hjá henni maddömu Á.; og jeg skal, ef þú vilt, leiða það í tal við hana."

Ormur spurði þá, hvort Sigríði væri þar gott að vera, enn Þórarinn játti því og kvaðst þekkja maddömu Á. að góðu; og hvort er þeir ræddu þetta mál leingur eður skemur, þá varð það, að Þórarinn tókst það á hendur, að útvega vistina hjá maddömu Á., og varð það með því skilyrði, að Sigríður skyldi hafa meira frjálsræði, enn griðkonur eru vanar að hafa, og ekki ganga í slitvinnu, heldur vera húsmóður til aðstoðar í allri innanhússþjónustu; enn ekki skyldi hún hafa þar kaup. Er nú skjótt yfir sögu að fara, að Sigríður fór til Reykjavíkur um vorið. Maddama Á. var íslensk að ætt og uppruna; hún var væn kona yfirlitum og þá á besta aldri; bóndi hennar var

verslunarmaður í Reykjavík; hann var danskur maður og nær því fertugur að aldri. Hann hafði komið út hingað með kaupmanni nokkrum dönskum, er vendi aptur til Danmerkur eptir nokkur ár, enn setti Á. sem trúnaðarmann sinn fyrir verslunina; var hann þá ókvæntur um hríð og græddist honum brátt fje; enn um þær mundir voru kaupmenn í Reykjavík ekki mjög samlyndir, og því síður hvor öðrum hollir afheyris, og rægði einhvur af þeim hann svo við lánardrottinn sinn, að hann setti hann frá ráðsmenskunni; enn Á. ljet þá gjöra sjer hús rjett við hliðina á honum, og tók að versla fyrir sjálfan sig. Þá þótti Þóra, er síðar varð kona hans, einhvur hin laglegasta stúlka þar í Víkinni, og rjeði hann hana til sín, enn gjörði skömmu síðar brúðkaup til hennar. Vinir hans álösuðu honum fyrir það, að hann hefði ekki leitað sjer ríkara og göfugra kvonfangs; enn hann ljet sem hann heyrði það ekki, og svaraði sjaldan öðru enn því: "hvað átti jeg þá að gjöra?" eða: "hvað munduð þið hafa gjört í mínum sporum? enda þarf jeg ekki að iðrast þess", og var það sannmæli, því Þóra var fríð kona og vel að sjer um marga hluti; enn aptur var það ekki að furða, þó vinum hans virtist þessi ráðahagur smávaxinn. Reykjavík samdi sig mjög um þær mundir að siðum Dana og "annara stórmakta", þar sem lendir menn geingu sjaldan að eiga dætur ótíginna manna. Á Íslandi hafa aldrei vaxið upp greifar eða barúnar af innlendum rótum, og hvaðan áttu menn þá að fá þá, nema þaðan sem flest annað ágæti kom. Þeir, sem sakir jarðnæðisleysis gátu ekki orðið jallar í Danmörku, enn sendir voru til Íslands að vega saltfisk, stika ljerept og mæla brennivín, þóttu ágætir barúnar, er þeir komu til Reykjavíkur, og sögðu menn, að ekki mundu kvistir verri enn aðaltrje. Af þessu kom það, að það þótti lítið jafnræði, að danskur kaupmaður geingi að eiga íslenska bóndadóttur. Einkum gátu hinar tíginbornu barúnafrúr leingi ekki gleymt því, eður brotið svo odd af oflæti sínu, að taka Þóru til jafnrar virðíngar við sig

Enn maddama Á. gaf sig lítið að því; hún sinti búi sínu og börnum; átti fáar vinkonur, enn góðar, og vandi ekki komur sínar þángað, er hún vissi að hún var ekki jafnt metin þeim, sem fyrir voru.

Það má nærri geta, að Sigríði varð í fyrstu mart nýstárlegt þar sem hún nú var komin; siðir og búnaðarhættir voru þar allir aðrir enn þar sem hún hafði verið áður. Hún var svo vel viti borin að hún fann fljótt, að mart varð hún að nema það, sem hún hafði ekki áður numið, enn vera varð, og betur fór að kunna; sagði og maddama Á. henni til með alúð, og hvatti hana til þess, sem henni þótti Sigríði vel sæma. Tvent var það, sem Sigríði virtist eingin nauðsyn tilbera að hún breytti, og ásetti sjer jafnan að varðveita, enn það var málið og klæðabúníngurinn. Danska túngu hafði hún að sönnu lært af Ormi bróður sínum, og skildi hún hana allvel; enn aldrei hafði hún mælt á það mál, og þótti henni betra að tala það óbjagað, sem hún kunni, enn rambjagaða dönsku; annars var þar í húsi eins og hvervetna annarstaðar í Reykjavík, danska og íslenska í svörnu fóstbræðralagi, og einginn maður, nema Sigríður ein, mælti þar svo orð einu atkvæði leingra, að ekki væri annaðhvort með dönskum hala eða höfði, enn að öðru leiti íslenskt. Danskan hafði í Reykjavík það einkaleyfi fram yfir íslenskuna, að best þótti fara á því, að kenna börnunum hana fyrri enn íslenskuna, ella, sögðu menn, gæti aldrei orðið lag í errinu; á efra aldri tækist mönnum sjaldan að þraungva því svo niður í kverkarnar sem vera ætti, og því væri eina ráðið að byrja nógu snemma á því. Þetta er upphaf Reykjavíkur errsins, sem um þær mundir auðkendi marga Reykjavíkurbúa, hvar sem þeir komu fram í veröldu, eins og málið Galilæumenn á Gyðíngalandi. Kvennbúnaðurinn í Reykjavík virtist Sigríði svo hjákátlega lagaður, að hún vissi ekki að hvurju sniði hún helst skyldi semja sig, ef hún breytti því, sem hún hafði. Sumar voru þar hádanskar frá hvirfli til ilja;

og þótti henni það vel sæma þeim, sem danskar voru. Aptur voru aðrar danskar að ofan til og niður að miðju, enn íslenskar úr því, eða þá svo fornar að ofan, sem efri hlutinn væri frá Sturlúnga tíð, enn neðri parturinn svo nýgjörvingslegur, sem hann hefði verið nýtekinn út úr glysmángarabúð í Kaupmannahöfn. Sigríður hjelt því uppteknum hætti um búnaðinn, að hún var hvursdagslega á peysu og pilsi með bláa skotthúfu á höfði, sem fór henni fata best; enn skrautklæði hennar voru treyjuföt vönduð, sem systir hennar hafði gefið henni. Enn þótt að Sigríði yrði mart nýstárlegt í kaupstaðnum, þá var það ekki síður, að kaupstaðarlýðnum yrði starsýnt á hana. Í litlum bæ, sem Reykjavík þá var, eru það ekki alllítil tíðindi, þegar nýr innbúi tekur sjer þar bólfestu, hvort sem hann heldur kemur frá útlöndum eða úr sveitinni; það eru meiri tíðindi, ef hann er kvennmaður, enn stórtíðindi má það kalla, ef hinn nýkomni kvennmaður er afbragðs fríður, því þá fer eins og þar stendur "allra augu vona til hín."

Þó var það einkum þeim sveinum bæjarins, sem þótti koma Sigríðar mestum tíðindum sæta; kvennþjóðinni þótti að sönnu ofur mikið gaman að því, að skoða hana í krók og í kríng, og stínga svo saman nefjum um hitt og þetta, og gjöra athugasemdir um það, sem ábóta væri vant, án þess að þeim þætti mikill fagnaðar auki í henni; öðruvísi var háttað um hina úngu mennina; þeir vissu að þar var, ef til vildi, einum steini meira enn áður, til skjóls og athvarfs. Hinn fyrsta hálfan mánuð, sem Sigríður var í Víkinni, mátti svo að orði komast, að ekki geingju svo eða sætu tveir saman, að annarhvor ekki vekti þannig máls" segðu mjer, laxmaður! hvaða stúlka er það, sem nýlega er komin þar í húsið hjá henni maddömu Á., meðallagi há, þrekleg og hnellin, ljóshærð og lagleg með efnileg augu, og hefur íslenska búninginn, enn kemur held jeg aldrei út."

Það var og dagsanna, að Sigríður gjörði ekki margförult

þar um Víkina, og fór sjaldan út, nema að erindum, enda átti hún þar aungva kunníngja, nema þá sem voru þar í húsinu, og einna helst stúlku eina, sem Guðrún hjet eg var Gísladóttir. Guðrún þessi var eitthvað í ætt við maddömu Á. og þó ekki nákomin; faðir hennar bjó upp á Kjalarnesi og var kallaður bjargálna maður. Guðrún þótti vera tilhaldsróa, og undi hún ekki í föðurgarði; og með því að hún var lagvirk til handanna, þótti henni það betri atvinnuvegur, að ráðast til Reykjavíkur, enn að vinna að heyi eða tóvinnu heima. Sat hún þar við sauma og tók vinnu af konum þar í Víkinni, enn saumaði þess á millum föt fyrir þá Bessastaðasveina, og hafði jafnan nóg að starfa, er lítið var um klæðasmiði. Maddama Á. ljeði henni húsnæði; og hafði hún loptherbergi eitt lítið, enn sat optast um daga niðri hjá frændkonu sinni. Hún hafði nokkrum sinnum verið í giptíngabralli, sem ekki gat lánast, enn nú virtist svo sem hún hefði snúið huga sínum frá þessháttar efnum, og ljeti nú flakka lausu við um hríð þar til betur byrjaði, enda var allur dagur til stefnu fyrir henni, er hún naumast hafði enn náð tvítugsaldrinum. Guðrún var kona vænleg: nokkuð há vexti og rjettvaxin, herðabreið eptir hæð, myttismjó og útlimafögur; andlitið fremur lángt enn breitt; munnurinn lítill og nefið rjett, enn tennurnar svo hvítar sem skírt silfur væri. Hún var ekki rjóð í andliti eða þykkleit, enn kinnarnar þó sljettar og hörundsliturinn hreinn og hörundið smágjört; hún var hárfögur, enn hárið þó ekki mikið; augun voru svört og smá og svo tindrandi sem í hrafntinnu sæi. Hún var hæglát hvursdagslega og skemtin, og þó að hún hefði ekki notið neinnrar framúrskarandi uppfræðíngar í uppvexti sínum, þá var hún þó allvel að sjer, og kunni vel að haga orðum sínum, hvur sem í hlut átti. Vel var maddama Á. til hennar, enn líkaði þó ekki í öllu við hana. Brátt tókst góð vinátta með þeim Guðrúnu og Sigríði; var það bæði að Sigríður átti ekki völ að sinni á öðrum vinkonum, enda var

Guðrún hvurn daginn öðrum betri við hana, og vildi ekki sitja eða standa öðruvísi enn Sigríði mætti best líka, og ekki mátti Guðrún neitt fara svo að Sigríður væri ekki með. Maddömu Á. líkaði það vel, að kært var með þeim Guðrúnu og Sigríði, enn seigir þó einhvurntíma einslega við Sigríði: "ef þú vilt mínum ráðum fylgja, Sigríður mín! þá ræð jeg þjer til þess, að þú festir aldreigi svo fasta vináttu við nokkurn mann, að þú treystir ekki betur skynsemi þinni og aðgætni, enn þeirra ráðum, einkum á ókendum stað, og skal leingi manninn reyna; og seigi jeg þetta ekki í því skyni, að spilla þjer við nokkurn, heldur til þess að þú hafir jafnan varúð þína vakandi." Sigríður þakkar henni fyrir einlægni sína, og kvaðst hennar ráðum fylgja vilja. Hjelst nú vinfeingi þeirra Guðrúnar eingu að síður.

Það var einn dag snemma um sumarið, að Guðrún kom að máli við Sigríði, og seigir:

"Viltu ekki, Sigríður mín! koma í dag dálitið út með mjer, mjer er í hug að fara að skoða varninginn hjá þeim kaupmönnunum; skipin eru flest öll komin, og senn byrja lestirnar; maður verður að flýta sjer að taka það, sem maður ætlar og nýtilegt er, áður enn það er alt saman hrifsað upp og kauptíðin byrjar, því þá er friðurinn úti, enn nú er fátt um þessa dagana."

"Það líst mjer vel á" sagði Sigríður, "jeg hefi ekkert nauðsynlegt að gjöra í dag."

"Þá fer jeg snöggvast upp að laga mig dálitið til, og vertu þá tilbúin."

Þessu játti Sigríður, og fór Guðrún að búa sig, enn kom síðan aptur að lítilli stundu liðinni, og var þá Sigríður ferðbúin. Á leiðinni víkur Guðrún sjer að Sigríði og seigir "eitt verð jeg að seigja þjer, góða mín! af því þú ert ókunnug hjerna í Víkinni og nýkomin úr sveitinni, þú verður að afklæðast hinum gamla manninum og vera ekki svo þyrkíngsleg

eins og þjer hættir við stundum, þegar þú kemur í búðirnar; við kaupmennina kemur það sjer vel, að vera heldur glöð í bragði, og gefa þeim undir fótinn, það er saklaust."

"Þeir munu sjá um sig samt, vænti jeg," sagði Sigríður, "að gefa ekki ofgóð kaupin."

"Ef ekki níðist neitt úr þeim með því mótinu, þá fæst það ekki með hinu verra; jeg er farin að þekkja á þeim lagið, góða mín! húða þeim út í öðru orðinu, og láta eins og maður finni alt að öllu, enn fleðja þá í öðru orðinu, það er aðferðin, ef maður á að hafa citthvað gagn af þeim."

"Maður getur þó ekki verið að tala þvert um huga sinn" sagði Sigríður.

"Ójú, saklaust er það, Sigríður mín! þú ert barn í lögum enn þá, heyri jeg, enn bráðum munt þú verða betur að þjer, ef þú verður hjer leingi, og svona var jeg fyrst; enn hjer skulum við þá byrja."

Þær fóru nú leingi dags úr einni búð í aðra og skoðuðu varninginn; Guðrún fór að öllu sem kunnuglegast, óð inn fyrir borð í hvurri búð, reif niður úr hyllunum og skoðaði; stundum fann hún sitt að hvurju og öllu nokkuð; aptur þegar henni þótti svo við eiga, gjörði hún lángar og snjallar lofræður og ljet aldrei munninn standa við.

"Fátt ætlar okkur að fjenast í dag" sagði Guðrún í því hún stje út úr einhvurri búð, sem þær höfðu dvalið í um stund, "þessu laumaði þó skinnið að mjer, það eru gyld tvö lóð af góðum silkitvinna."

"Ekki sá jeg það" sagði Sigríður.

"Það var ekki von að þú sæir það, því hann húsbóndi hans, sem augun hefur alstaðar, sá það ekki heldur."

"Gaf hann þjer það?"

"Og ekki hugsa jeg hann skrifi það í bókina; hann er greiðugur, garmurinn, ef hann ætti nokkuð, enn þetta á ekkert

nema það sem hann — og nú förum við í búðina hans Möllers, það hefur leingi verið sjeþúfan mín."

Möller sá, er átti búð þessa, var maður danskur og fór á milli landa; átti aðsetur í Kaupmannahöfn, enn var hjer á sumrum. Hann var úngur maður og fríður maður. Viðsjáll þótti bændum hann í kaupum, og sjaldan hafði hann mikið af nauðsynjavörum, enn jafnan hafði hann nægtir af klútum og öðrum óþarfa, og sá ávalt svo um, að hann hefði það, sem aðrir höfðu ekki af þessháttar, og því varð sjaldan snúið sjer í búð hans fyrir kvennfólki. Þá er þær Sigríður komu þar í búðina, hittist svo á að þar voru aungvir, nema kaupmaður og búðarmaður hans, er Kristján hjet og nokkrir róðrarmenn sunnan af Álptanesi, er vöktu þar yfir, hvort ekki mætti hlotnast dálítið í staupinu. Enn er þær koma inn í búðina, segir Guðrún við Sigríði: "nú er ílt að þú kant ekki dálítið að "snakka" dönskuna, því Möller kann betur við það."

"Já, ekki held jeg læri það í dag" sagði Sigríður.

"Þú getur þó altjent sagt "gú moren" góða mín! það er betra enn ekkert, að byrja með."

Í því þær geingu inn eptir búðinni sagði Guðrún: "hjerna skaltu sjá klúta og glíngur, góða mín! sem er nokkuð öðruvísi enn hjá hinum bjánunum."

Þetta sagði Guðrún nokkurnveiginn hátt, og var auðheyrt að hana gilti einu, þó það heyrðist. Kaupmaður Möller var að grúfa ofan í búðarbók sína, er þær komu inn; enn er hann heyrir meyjaraustina fram í búðinni, lítur hann upp og geingur á móti þeim og biður þær koma heilar, "eða hvur er þessi fallega stúlka, sem þjer nú færið mjer, jómfrú góð?" segir hann við Guðrúnu.

"Á, þekkið þjer hana ekki, hún er þó búin að vera hjerna í Víkinni meir enn tvo mánuði, hún heitir jómfrú Sigríður Bjarnadóttir, og kom í vor að austan til hennar maddömu Á."

"Jeg hefi heyrt þess getið, að þángað væri komin einhvur

falleg stúlka, enn jeg hefi aldrei haft þá ánægju, að sjá hana fyrri; maður er svo sokkinn niður í þetta búðarvastur, að maður fær ekki einusinni tíma til að kynna sjer, hvurju fjölgað hefur hjerna í Víkinni síðan jeg fór í fyrra."

"Enn nú er að gjöra vel við gesti sína og tilvonandi skiptavini."

"Það er ekki orðamál" sagði kaupmaður, og alt er nú til, vona jeg, og gjörið þið svo vel að koma inn fyrir og sjá það sem jeg hefi; Kristján! sæktu okkur eina flösku af víni, jeg verð að drekka velkomandaminni gestanna og tilvonandi skiptavina; gjörið þið svo vel að koma inn fyrir."

Þær stöllur geingu inn fyrir borðið, skeinkti kaupmaður þeim fyrst sitt staup af víni hvorri; enn eptir það fóru þær að blaða í klútunum, og var kaupmaður ofur stimamjúkar við þær; var það auðsjeð að honum fanst mikið um Sigríði, enn var þó alt fátalaðri við hana enn Guðrúnu; og er þær höfðu skoðað klútana, um hríð seigir Guðrún: "ekki þykir mjer klútarnir hjá yður núna eins falleigir, eins og þeir, sem þjer höfðuð í fyrra."

Kaupmaður sagði, að hann væri ekki búinn að taka alt upp hjá sjer enn, og lægju fallegustu klútarnir í kistu upp á búðarlopti, og skipaði búðarmanni sínum að fylgja þeim stöllum þángað upp, ef þær vildu. Sigríður kvaðst halda að þær mundu ekki hafa tíma til þess, að því skipti, er þær nú yrðu að fara að halda heim aptur, enn Guðrún sagðist þó vilja sjá eitthvað af þeim, og fór hún með búðarmanni, enn Sigríður varð þar eptir niðri í búðinni og mældi kaupmaður henni ljerept, er hún var búin að biðja um. Enn er því var lokið, var Guðrún enn ekki aptur komin úr loptinu, og beið Sigríður hennar þar í búðinni, og ræddi kaupmaður við hana og spurði hana um hitt og þettað, sem honum datt í hug, og var hinn blíðasti í öllu viðmóti. Loksins tók Sigríði að leingjast biðin, og fór að sýna á sjer ferðasnið, er hún ekki gat komið sjer að að biðja kaupmann

að kalla á hana; enn í því kom Guðrún og Kristján aptur, og varð Sigríður þess vör, að hann talaði nokkuð hljóðlega við kaupmann, enn leiddi síðan Guðrúnu að hyllunni og ljet hana velja sjer þar silkiklút; og var þá ekki tekinn sá lakasti. Eptir það geingu þær stöllur úr búðinni; enn ekki leið á laungu áður vísur nokkrar komu upp suður á Álptanesi og eignaðar útróðarmanni norðlenskum, er verið hafði þar í búðinni, og þóttust menn vita, að þær litu eitthvað til þess, er Guðrúnu dvaldist svo leingi í loptinu hjá búðarlokunni. Vísurnar eru svona:

Búðar í loptið hún Gunna upp gekk,
gráfíkjur nógar og sætabrauð fjekk;
Sigríður niðri í búðinni beið,
bilti við straungum og ljereptið sneið.

Fagurt er loptið, og fult er það ull,
fásjeð mun Kristján sýna þar gull;
og leingi var Gunna í loptsölum há,
og litverpt í framan hún kemur þeim frá.

Síðan tók Kristján silki ágætt,
(selja þeir þessháttar öðrum á vætt)
og hvíslar að Gunnu: "á herðarnar þín,
hafðu hann fallegur, stúlkurinn mín!

Missæl er þjóðin, oss dónunum dýr
dropinn opt gjörist og varningur nýr;
enn ókeypis stúlkurnar fallegu fá
fyrirtaks klútana Danskinum hjá.

Skömmu eptir þessa búðarferð kom Guðrún einusinni að máli við Sigríði og segir:

"Mjer þykir vera orðinn vandi að lifa hjerna í henni Reykjavík, ef maður getur ekki geingið svo tvö fet einsömul með kallmanni, að maður sje ekki orðuð við hann."

"Það hefi jeg ætíð haldið", sagði Sigríður, "að það væri nokkuð vandasamt."

"Það má nú fyrr vera, eða veistu, hvað því verður nú taldrjúgast um hjerna á Víkinni?"

"Nei, jeg tala við svo fáa."

"Og ekki nema það, að það er búið að koma okkur Kristjáni, sem er hjá honum Möller, saman, og það hjelt jeg þó að því gæti síst dottið í hug blessuðu, því orsök verður að vera til alls."

"Ekki held jeg það sje, það er víst ekki nema hugarburður þinn, og ekki hefi jeg heyrt neitt talað um það."

"Það veit jeg, það forðast að láta þig heyra það, af því að það hugsar að þú segir mjer það aptur; enn jeg trúi að það sje komin út einhvur drápa suður á Álptanesi, út úr því að jeg fór með honum hjerna um daginn upp í loptið, að sjá klútana eins og þú vissir."

"Jeg hugsaði það og, að það væri varlegra að fara þángað ekki og því sagði jeg það við þig, enn hvurnin veistu þetta?"

"Jeg hefi heyrt sagt, að þær hafi verið þrjár að stínga saman nefjunum um það inni hjá henni maddömu ..... þær tala ekki um sjóferðirnar sínar samt; enn það er ekki þar fyrir, mig gildir einu hvað þær þvaðra."

"Það hefur spilt fyrir að hann ljet alla, sem voru í búðinni, sjá að hann gaf þjer klútinn."

"Og ekki var, þó hann gæfi mjer klútbleðilinn þann arna, jeg held jeg hafi þá gjört svo mart fyrir hann, sem ekki hefur alt komið til reiknings; enn látum það þvaðra, jeg kippi mjer ekki upp við það sem hlaupið er með hjerna á milli húsanna, mjer þyki verra, ef það lætur þig ekki vera í friði, og fer að bendla ykkur kaupmann Möller saman."

"Það þyki mjer þó líklegt, að menn láti það vera."

"Það væru þó eins mikil líkindi til þess, eins og um okkur Kristján."

"Það veit jeg ekki, hvurnin þú getur farið að segja, þú veist þó að jeg hefi valla sjeð hann, nema þarna í búðinni um daginn."

"Þú heldur þá að einginn hafi tekið eptir þessum litlu augum, sem hann skotraði til þín; þú þekkir vænti jeg ekki þesshättar augu?"

"Ónei" sagði Sigríður og skipti nokkuð litum við svarið.

"Og það mátti heldur ekki heyra þessi smáræðis andartök, þegar hann var að tala við þig, svei mjer ef það suðar ekki fyrir eyrunum á mjer enn, þegar jeg hugsa til þeirra, þú heldur einginn hafi heyrt það nema jeg, og seinast kysti hann á fingurnar á sjer, þegar þú fórst, sástu það ekki?"

"Jú það sá jeg, enn jeg vissi ekki, hvað það átti að þýða."

"Á, góða mín! þá skal jeg segja þjer það, þeir hjerna kunna ymisleg piparalæti, sem þeir bera ekki skynbragð á í sveitinni, og svo mikið veit jeg, að honum líst vel á þig; jeg talaði við hann í fyrradag, því jeg kom þar snöggvast inn í búðina, og þá fór hann undir eins að tala um þig og spyrja mig að þjer, og seinast bað hann mig að bera þjer kveðju sína og það með, að hann vonaði til að fá, að sjá þig einhvurntíma bráðum aptur."

"Æ ekki held jeg að jeg fari að gjöra mjer ferðirnar til hans, og jeg vona til þín, að þú verðir ekki fyrst til þess, að koma þesshättar umtali á lopt."

"Það getur þú reitt þig á, að ekki skal jeg tala um það við nokkurn, nema hvað jeg segi þetta í trúnaði við þig, enn hitt er það, mjer þyki vænt um fyrir þína hönd, að honum líst á þig; hvur veit nema það fari svo á endanum, að þú verðir konan hans? og þá held jeg meigi segja um það, að þú hafir

ekki farið til einskis hingað suður, ef guð lofar þjer að ná í flugríkan og fallegan mann og þar að auki kaupmann."

"Það er ekki víst að menn þurfi að fara hingað suður á land til þess að giptast, góða mín!"

"Og hvað getur maður þá feingið, Sigríður mín? upp til sveitanna, prest, ef vel tekst, og tekurðu það saman við það að vera kaupmanns maddama hjerna?"

"Æ, það hæfir okkur best, held jeg, bóndadætrunum að eiga bónda, jeg fyrir mitt leiti hugsa mjer ekki hærra, enn eignast bónda, ef það á annað borð liggur fyrir mjer að giptast."

"Já, ekki sýnist mjer þeir girnilegir núna blessaðir sveitabændurnir, og sannast er að segja um það, skárri er hún í því Víkur skömmin að skemtilegra er að horfa á þá hjerna, og ekki gánga þeir þó í ótal hlykkjum og bugðum, eins og blessaðir sveitapiltarnir okkar; því þó þeir hafi ekki staðið nema svo sem hálfan mánuð í búð hjerna í Vikinni, þá kemur undir eins eitthvað viðfeldnara látbragð á þá enn dónana."

"Það er svoddan gáski í þjer núna, Guðrún mín! ekki þoli jeg að heyra piltunum mínum í sveitinni mikið lasprað" sagði Sigríður og gekk burt; og varð samtal þeirra stallsystra ekki leingra að því sinni.

Líður svo fram sumarið og ber ekki neitt til tíðinda, og kemur að því að skip taka að sigla; verður það þá kunnugt, að kaupmaður Möller ætlar ekki að fara utan um haustið, og býr hann skip sitt og lætur það fara til Kaupmannahafnar; hefur hann nú lítið að starfa er verslun var úti, og tekur hann þá að fjölga komum sínum í hús kaupmanns Á. og situr þar launum um daga á tali við kaupmann Á. Þessunæst taka skólapiltar að koma suður og kom Ormur bróðir Sigríðar með þeim fyrstu, og varð þar mikill fagnaðar fundur með þeim systkynum; færði hann henni brjef frá móður þeirra Ingveldi, og var það allástúðlegt; segir Ingveldur þar að hún sakni hennar mikið; og er það ekki ólíklegt, því sumir menn eru svo gjörðir að þeir

sakna þeirra manna hvað mest, er þeir aldrei gátu litið rjettu auga meðan þeir áttu saman við þá að sælda. Ormur dvaldist nokkra daga í Reykjavík, enn fór síðan suður að Bessastöðum, og ætlar að bíða þar þángað til skóli væri settur. Kaupmaður Á. og kona hans báðu hann að vera velkominn hjá sjer svo opt sem hann vildi og ætti hægt með að finna systur sína.

Það var einn dag um þetta leiti og skömmu eptir að Ormur var suður kominn, að veður var fagurt, enn veigir þurir, og var rjettað upp í Kollafjarðarrjett, og reið mart fólk úr Víkinni sjer til skemtunar upp í rjettirnar, bæði konur og flestar gerfistúlkur bæjarins, svo og margir kallmenn, sem við voru látnir. Gjörðist þá mikill skortur reiðskjóta í bænum, og urðu margir að setjast aptur, sem höfðu ásett sjer að fara. Kaupmaður Á. og kona hans fóru. Guðrún hafði einhvurstaðar getað aflað sjer hests, enn Sigríði vantaði reiðskjóta, og leit út fyrir að hún yrði heima að sitja, enn þó lángaði hana til að fara, því hún hafði aldrei komið þar upp eptir. Möller átti hest gráan, það var gæðingur norðlenskur að kyni, af Bleikálu ætt úr Skagafirði, er þá var mest orðlögð um landið. Hesturinn var striðalinn á hvurjum vetri, enn lítið riðið á sumrin, því sjaldan kom nokkur annar maður honum á bak enn eigandi, og ekki hlýddi nokkrum að biðja um hann til láns, hvað sem við lá. Líður nú fram að hádeigi og ríða allir á stað, sem hesta höfðu feingið, enn ekki hafði Sigríður enn getað útvegað sjer neinn reiðskjóta, enn Guðrún beið hennar þó, ef verða mætti að eitthvað rjettist úr fyrir henni.

"Nú er hvurgi fyrir sjer að leita, *Sigríður mín!* jeg býst við að þú verðir að sitja kyr, nema þú viljir biðja hann kaupmann Möller um hann Grána hans, jeg held það sje eini hesturinn, sem til er hjerna eptir í Víkinni" sagði Guðrún.

"Það gjöri jeg ekki, og jeg get ekki ætlast til þess, að

hann ljái mjer hann, þar sem hann vill ekki ljá nokkrum öðrum hann."

"Veit jeg það, að hann hefur afsagt þeim þremur eða fjórum hjerna í morgun um hann, enn hvar kemur það þá fram, sem hann segir um þig, ef hann gjörir sjer ekki mannamun; og farðu, Sveinki litli! og skilaðu við hann kaupmann Möller, að hún Sigríður, sem er hjá honum kaupmanni Á., biðji hann að ljá sjer hann Grána sinn upp að rjettunum í dag!"

Sveinn litli fór og kom aptur að lítilli stundu liðinni og teymdi þá Grána, og sagði að kaupmaður hefði beðið sig að skila, að hann hefði ekki vitað að hún ætlaði að fara, ella mundi hann hafa boðið henni hann að fyrra bragði."

Sjer þú nú, góða mín!" sagði Guðrún "hvurnin Möller er, þar sem hann tekur því, enda vissi jeg það, hvurnin fara mundi, ef hann feingi boð frá þjer, enn ekki hefði hann gjört það fyrir aðrar hjerna í Vikinni; því það er eins og jeg segi þjer, þó þú trúir því ekki."

"Ekki trúi jeg nú því heldur fyrir að tarna" sagði Sigríður, "enn nú er þá best að ríða á stað, fyrst reiðhesturinn er feinginn." Síðan ríða þær stöllur, og með því hestarnir voru góðir náðu þær flokknum, sem á undan var riðinn, skamt fyrir innan Hellisárnar; og brá þá mörgum í brún, er þeir sáu Sigríði koma þeysandi á Grána Möllers, og varð mönnum harla fjölrætt um það, hvurju það sætti, að Sigríður hefði orðið fyrir þeirri mildi að fá hann. Um daginn skemtu menn sjer við rjettirnar, enn sneru heim um kvöldið og var þa komið fram á nótt, er menn komu aptur til Reykjavíkur." —

"Nú er þar til máls að taka, sem áður er frá horfið, sem Indriði Jónsson situr heima að Hóli og harmar Sigríði, og var það leingi, að hann sinti ekki störfum. Þótti föður hans og frændum það ilt, og báðu hann hyggja af Sigríði og leita sjer annars kvonfángs; sögðu þeir að ekki mundi hann leingi þurfa

að krjúpa fyrir knjám bændadætra þeirra, er þar voru í hjeraðinu. Indriði tók því þúnglega, enn ekki hitti hann Sigríði þann vetur, er næstur var eptir samtal þeirra Ingibjargar og Ingveldar, og hafði hann það fyrir satt, sem Ingveldur hafði sagt, að Sigríður hefði ekki huga til hans feldan; og er það frjettist, að Sigríður ætlaði að eiga Guðmund Hölluson, virtist honum öll tvímæli af um það mál. Indriði var smiður góður á járn og trje, svo að þjóðhaga mátti kalla, og var hann alkendur fyrir smíðar sínar þar eystra og víða í Norðurlandi. Maður hjet Snorri, hann bjó á Barði, það er í Þingeyjaþingi; hann var ríkur maður og búsýslumaður mikill. Hann gjörði Indriða orð, að koma norður og smíða fyrir sig stofu. Foreldrar Indriða hvöttu hann mjög þessarar ferðar, er þau hugðu að þannig mætti helst af honum ljetta, ef hann tækist starfa nokkurn mikinn á hendur; og rjeðst Indriði að Barði; það var mjög jafnsnemma, sem lýsingar fóru fram með þeim Guðmundi og Sigríði. Indriði var þar um veturinn og fram á vorið, og á þeim vetri breyttist svo skapferði hans, að hann var nú jafnan fremur glaðlegur og ræðinn, er hann talaði við menn, enn það þóttust menn finna, að hann byggi yfir einhvurjum duldum harmi. Að lokinni stofusmíðinni sneri hann aptur heim að Hóli og kom þar skömmu eptir það að Sigríður var suður farin. Frjettir hann þá, hvurnin farið hafði um skilnað þeirra Sigríðar og Guðmundar; og þóttu honum það mikil tíðindi. Fór hann þá að gruna mart; og álasar hann nú sjálfum sjer fyrir það, að hann hafi ekki sjálfur talað við Sigríði, og vill nú fyrir hvurn mun ná hennar fundi. Foreldrar hans töldu Sigríði sloppna úr greipum hans, er hún væri suður komin. Indriði ljet ekki letjast, og bjóst suður til Reykjavíkur, seint á eingjaslætti; og segir ekki af ferðum hans fyrr enn hann kemur í Borgarfjörð; þar hittir hann mann sunnlenskan, er verið hafði í kaupavinnu fyrir norðan um sumarið; verða þeir Indriði samferða. Sunnlendingurinn var kunnugur veig-

inum, enn Indriði hafði ekki farið þar um áður, og varð Indriði honum feiginn, og þótt hann væri mjög áhyggjufullur og óglaður, hafði hann þó mikla skemtun af honum, því hann var kátur maður og vissi jafnan að finna eitthvað gleðiefni til að hafa af fyrir Indriða, þegar hann þóttist finna, að eitthvað lá illa á honum. Segir nú ekki af ferðum þeirra fyrr enn þeir koma í Gullbríngusýslu; þá var það einhvurn tíma að þeir riðu út úr túninu, á bæ nokkrum, sem þeir höfðu farið heim á; og tekur Indriði til máls og segir:

"Er nú lángt eptir til Reykjavíkur, Sigurður minn!"

"Sástu það ekki á mjólkinni, sem við feingum að drekka?"

"Nei, jeg skil heldur ekki í, hvurnin slíkt má af mjólkinni ráða."

"Ójú, hún þynnist, góðurinn minn! eins og íslenskan, eptir því sem sunnar dregur, og svo hefur mjer reynst það, og hefi jeg þó nokkrum sinnum farið hjerna um."

"Þá skal þetta síðar marka" sagði Indriði; ríða þeir nú sem leiðar liggja niður um Mosfellssveit, og gjörist Indriði enn móður af reiðinni, og vill skreppa heim á einhvurn bæ og fá sjer að drekka.

"Láttu það bíða fyrst" sagði Sigurður, "því nú erum við rjett við Hellisárnar."

"Er það bær?" sagði Indriði.

"Nei, það eru kýr."

"Kýr?"

"Já, kýrnar okkar ferðamannanna, sem aldrei verða geldar; og nú held jeg hvurt sem heldur er, að mjólkin og íslenskan sjeu nokkurnveiginn svo þunnar, sem þeim verður auðið, og hjerna eru Hellisárnar."

Stiga þeir þá af baki, og leggjast niður að drekka; sýpur Sigurður stórum og stendur seint upp, enn bregður síðan hendinni fyrir brjóstið, eins og hann ætli að æla.

"Þú hefur belgt ofmikið af vatninu, laxmaður!" sagði Indriði.

"Annað er verra" sagði Sigurður, "mjer fanst einhvur stór skepna fara ofan í mig, og býst jeg við að það hafi verið lax."

"Jæja, láttu þjer það vel líka, ef svo er" sagði Indriði hálfbrosandi, "það er sjaldan að guðsblessan kemur úr sjónum upp í munninn á mönnum fyrirhafnarlaust."

"Hlæðu ekki að ósköpunum, veistu hvur átti fiskinn, kóngurinn átti fiskinn, og það er bágt að giska á það, hvað stjórnin segir um það, því maður á aldrei að gjöra neitt nema maður viti áður, hvurnin kónginum muni líka það, enn svei mjer ef jeg gat gjört að því."

Eptir þetta stíga þeir Indriði á bak aptur, og er þá farið að rökkva af degi; ríða þeir nú ofan melana, enn ekki tók Sigurður aptur gleði sína, enn hafði aptur og aptur fyrir munni sjer "sjer er nú hvað! hefði jeg verið búinn að skrifa stjórninni til um það, hvort fiskurinn mætti fara ofan í mig". Þó var hann alt af á undan og rjeði ferðinni þeigjandi þángað til Indriði segir við hann:

"Hvar ætlar þú okkur að hafa náttstað, laxmaður?"

"Við ríðum heim að Rauðará og verðum þar í nótt; því jeg vil ekki koma æði seint í Víkina."

"Hvur býr á Rauðará?"

"Ekki veit jeg, hvað hann heitir; jeg kalla hvurn sem þar býr Eyrík, þó þar verði húsbónda skipti á hvurju ári."

"Og hvað ber til þess?"

"Það, að hann alt af rekur hesta, og lasta jeg ekki manninn fyrir það."

Þeir ríða heim að Rauðará, enginn var þar úti og knýja þeir á dyr og kemur þar út kona ein, og kveðja þeir hana og spyrja um bónda, enn hún kvað hann vera að hestum.

"Skjótt er frá erindum að segja" sagði Sigurður, að við

kumpánar ætlum að biðja hjer húsaskjóls fyrir oss í nótt, enn haga fyrir hesta vora."

"Fáir kunnugir biðja hjer gistíngar, eða ertu maður svo ókunnugur, að þú vitir ekki að vjer eigi höfum margar sængur hjerna á Suðurnesjum? og hjer á bæ er ekki nema ein, og sofum við í henni heimilisfólkið, og er ekki ábætandi, því við erum fimm og tveir krakkar að auki; enn hesta ykkar veit jeg að húsbóndinn hirðir, ef þið hafið höptin og 4 skildíngar eru undir hestinn."

"Vandast tekur nú málið" sagði Sigurður, "og ekki vil jeg vera þar við áttunda mann; enn hrossin verðum við að skilja hjer eptir, Indriði minn!"

"Þarna hyllir undir bæ út á nesinu" segir Indriði.

"Og ekki er það bær, blessaður minn! það er byskupsstofan."

"Hvað er annað enn ríða þángað, mig lángar hvort sem er að koma á byskupssetrið."

"Þá mun það skilja fjelagskap okkar, því þó ekki virðist lángt þángað, þá er það sá annar vegur enn Ódáðahraun, að jeg vil síst fara á öllu Íslandi í náttmyrkri, og hágt geingur heilögum anda að flytja byskupinn yfir það, þó vegabóta fjelagið hafi ætlað honum það; við verðum heldur að koma af okkur klárunum og fara svo á gaungu til Reykjavíkur."

Indriði kvaðst vilja fylgja hans forsjá; og skilja þeir eptir hesta sína og varnað á Rauðará og ganga til Víkur; er þá orðið koldimt og komið undir háttatíma, er þeir koma í bæinn, og er þeir geingu ofan eptir stignum, sem liggur ofan í Víkina fram hjá stiptamtsmannshúsinu, hleypa þar fram hjá þeim margir menn og konur og þeysa ofan í bæinn og sáu þeir Indriði, að það fólk mundi eiga þar heima í bænum, er það fór með glensi miklu og háværni.

"Hvaðan ætli þetta fólk komi?" sagði Indriði.

"Það veit jeg ekki, þó þyki mjer líkast til, að það hafi

riðið í dag sjer til skemtunar, og getur verið að það komi ofan úr rjettum, því það er eitthvað um þetta leiti, sem þeir rjetta þar upp í Kollafirðinum, og þángað er það vant að fara að gamni sínu hjerna úr Víkinni."

"Og mjer heyrist það alt tala dönsku, er þá ekki töluð íslenska hjerna í bænum?"

"Það er þó sannast um ykkur Austfirðíngana, að þið eruð misvitrir, og hyggnari var Hornfirðíngurinn um árið, hann gat þó sjeð að það var ekki Hornafjarðar túnglið, sem kom upp í kaupstaðnum."

"Satt er það" sagði Indriði "vitrari hefur hann verið; enn hvurt ertu nú að fara með mig, laxmaður?"

"Jeg ætlaði að fara með þig til hans Staupa-Jóns, ef hann er ekki dauður, svo við gætum feingið okkur þar einhvurja hressíngu, enn ekki hefur hann á boðstólum annað enn brennivín."

"Ekki lángar mig svo mikið í það, jeg vildi helst fá mjer rúm og fara að sofa, hjer mun vera nóg um gestaherbergi, hugsa jeg."

"Og heldur enn ekki, og nú erum við þegar hjá tveimur, það er hvort sem þu vilt heldur hjerna undir skipsíðunni, eða við búðargaflinn þarna, þó get jeg ekki ábyrgst, að það sje ekki nein óværa í rekkjuvoðunum, af því hjer koma svo margir."

"Já, ekki ligg jeg þar, enn án gamans að tala, getum við hvurgi feingið að liggja inni?"

"Ekki er það allra, enn hitt er það, að jeg á hjer einn kunníngja og þar skulum við reyna fyrir okkur." Sigurður átti kunnugt þar í húsi nokkru ekki lángt frá skytníngi, þar átti heima íslenskur maður, sem L. hjet, og var eitthvað riðinn við verslunarstörf. Þángað fóru þeir Indriði og voru þar um nóttina. Ekki voru húsakynni þar stór, og voru gestir látnir sofa í sama herbergi, sem þau sváfu í hjónin, og sváfu þau í rúmi, sem stóð nær gluggunum, enn gestir báðir í einu rúmi ekki lángt

frá dyrum. Um morguninn vaknar Indriði snemma og lítur upp, sjer hann þá að húsmóðir er staðin úr rekkju og situr naumlega hálfklædd út við gluggann, sem til strætis vissi, og togaði með annari hendinni sokkinn upp á hægra fótinn, enn með hinni hendinni lyptir hún upp gluggaskýlunni, og lítur út. Indriði vildi ekki að konan yrði vör við, að hann væri vaknaður, meðan hún klæddist, og togaði hægt yfirsængina upp yfir höfuðið á sjer; enn í sama bili æpir húsfreyja upp yfir sig ámótlega, og svo hátt, að nötraði í hvurjum rapti, sem var í húsinu. Sigurður svaf fast og vaknaði ekki, enn Indriða þótti best ráð að bæla sig betur í fötunum, því hann hugsaði hálfveigis, að sú væri orsökin, að konan mundi hafa orðið vör við, að hann leit upp. Bóndi húsfreyju lá allsber í rúminu, og var ekki farinn að hreifa sjer, enn vaknaði nú við skrækinn, og hrökk með andfælum fram á stokk, enn ránkaði þó bráðum við sjer, og gaut augunum á konu sína og mælti: guð náði þig kona! hvað geingur að þjer?" Húsfreyja varpaði mæðilega öndinni og sagði:

"Söde L.! vil du bare see! vilt þú bara sjá!"

"Hvað á jeg að sjá?"

"Hvorledes det styrter ned; hvurnin það sturtar niður."

"Guði almáttugum sje lof og dýrð fyrir það!" sagði bóndi og fór að hnyssa aptur að sjer rúmfötunum, sem hann í fáti hafði kastað ofan af sjer, þegar hann tók viðbragðið, enn við þau orð, sem honum urðu síðast að munni, brá húsmóður svo, að hún æpir í annað sinn:

Ih! þú Frelsins Guð! tal dog kristelig Menneske! talaðu þó kristilega, maður!" þannig mælti hún og lypti um leið augunum táravotum upp í loptið, rjett eins og hún vænti þess, að guðs rjettlætandi reiði mundi þá og þegar koma í þrumum og eldíngum og slysa bóndakindina í rúminu.

"Já já! má jeg ekki lofa guð fyrir regnið?" sagði bóndi,

"kemur það ekki frá honum, eins og hvurt annað veður? er það ekki betra enn harkan og kuldinn? eða ætli við hjerna í henni Vík getum síður verið án þess, enn aðrar skepnur og kvikindi sem lifa og skríða á jörðinni? og eitt veit jeg gott, sem því fylgir, og það er, að þú verður þá heima í dag, hjartað mitt! og gjörir við buxurnar mínar."

"Buxene þínar! so þú formóðar, at jeg har Leilighed, ljelegheit að befatta með dem í dag, með þeim í dag?"

"Já það er jeg að halda, eða á jeg leingi að vera að nudda á þjer um það, sem þarf að gjöra? og ætli þú hafir það erindi út núna að þú þurfir að hlaupa út í ósköpin?"

"Om jeg har Erinde! hvurt jeg hef Erindi!

"Ætli það sje þá ekki erindið!!!"

"Þú getur þó innsjeð að jeg verð að móra Stínu litt með den Historie." —

Húsmóðirin sjekk ekki talað alt, sem hún ætlaði að segja, því bóndi greip fyrr málinu fram í.

"Mjer er sama hvurn skrattann þú þykist verða að hlaupa með og þvaðra" segir hann og bilti sjer um leið við í rúminu, enn í sama bili sem hann slepti seinasta orðinu, var hurðinni að herberginu snögglega lokið upp, og kemur þar inn kona nokkur, og er þær komu auga hvor á aðra, húsmóðir og aðkomukona, tóku báðar undir sig skeið mikið og hlupu hvor á móti annari og æptu upp yfir sig, og svo jafnsnemma að ekki mátti annað heyra enn að hljóðið kæmi úr einum barka. Bóndi blimskakkaði fyrst augunum á gestinn, enn stakk síðan undir sig höfðinu og hnipraði sig niður í mitt rúm, enn húsmóðir og aðkomukona, stóðu þar á gólfinu um hríð og föðmuðu hvor aðra með slíkum vinalátum og fögnuði, eins og að þær hefðu ekki sjest í mörg ár, enn önnurhvor væri nýkomin af skipbroti. Leingi gat ekki Indriði heyrt nein orðaskil á því, sem þær sögðu, enn loksins heyrir hann að húsmóðir tekur svo til orða:

"Guð, Stine! þú kant ekki þeinkja þjer, hvað jeg leingðist eptir að tala með þig, þú mátt þó, þú verður þó að heyra þá historíu, þeink bara! Möller er forlovaður."

"Það kann þó aldrei vera mögulegt?" sagði aðkomukona og tók um leið þvílíkt viðbragð, að hvurjum, sem við hefði verið, mundi helst hafa dottið í hug, að hún hefði verið stúngin undir síðuna með hnífi.

"Jú, það skal þó vera aldeilis víst, jeg heyrði það fortalt sem ganski bestemt hús Larsens í gjær."

"Og með hvurri?"

"O! það er fortreffiligt! með henni Sigríður Bjarnadattir."

"Nei, virkilega! nú kann jeg ekki annað enn stúðsa! með barnapíunni hjá henni maddama Á.? jeg kann þó aldrei forstilla mjer að það geti hángið rjett saman!"

"Jeg forsikra þig! það skal þó vera ganske afgjört."

"Men guð! hann má jú vera hreint tossaður! nú get jeg fyrst begripið, hvursvegna hann hefur verið renna þángað í húsið á hvurjum einasta deigi; enn hvað seigir þú, trúir þú ekki, að hann er tossaður að forlova sig með soddan einni taus, hún er jú ekki annað enn hrein og simpil barnapía?"

"Það er ogso nokkuð af því allra besta, sem jeg hef heyrt, og teink bara í gaar ljet hann hendi riðe paa hann Graane sín op í rjettene."

"So má það þó endilega vera satt, því annars pleiir hann ekki að lána hann Grána sinn til nokkurs — enn hvað þeinurðu að den gamla maddame B. vil seigja til þetta, trúir þú ekki að hún skal blive hreint tossuð."

"Þú getur trúað það vill móra henni, ha! ha!"

"Við meigum þá endilega til hennar, til að fortelja henni þá historíu."

"Jú, enn veistu hvað? sýnist þú ekki, að við gjörum best í að gánga til jómfrú Kílsens í forveiginn, for hana skulum við

þá endilega fá með til þeirrar gömlu, því hún kan þá slaðra svo það er fortræfilegt."

"Jú, hana meigum við endilega hafa með, ó! það er gúddómlegt!"

Þetta var seinasta orðið, sem Indriði heyrði af viðræðum þeirra húsmóður og aðkomukonunnar, því að svo mæltu stukku þær báðar út úr herberginu með miklum ys og fataþyti. Þegar Indriði heyrði nafn Sigríðar nefnt í samræðu þeirra konanna, hafði hann þokað dálítið yfirsænginni ofan af höfðinu á sjer, svo að hann gæti heyrt betur og komist að umtals efninu, og þó málfæri þeirra ekki væri allskiljanlegt fyrir þá, sem óvanir voru Reykjavíkur málinu, komst hann þó að því, að það mundi þá þykja mestum tíðindum sæta þar í Víkinni, að einhvur kaupmaður Möller ætlaði sjer að eiga einhvurja stúlku, sem Sigríður hjeti, Bjarnadóttir, og þó Indriði hefði mátt geta því nærri, að fleiri gætu verið með því nafni þar í Víkinni, enn Sigríður frá Túngu, varð honum það þó helst fyrir að giska á, að þetta mundi vera hin sama og sú, er hann ætlaði að hitta og brá honum ei alllítið við þessi tíðindi. Skömmu eptir þetta vaknar Sigurður, og vill þegar fara að fara á fætur. Taka þeir Indriði þá að klæðast og svo bóndi. Allir voru þeir kumpánar nokkuð daufir og fátalaðir, og bar sitt til fyrir hvurjum: Indriði þóttist hafa orðið áheyrandi þeirra frjetta, er hann vildi helst aldrei heyrt hafa; bóndi brá buxunum upp við gluggann, áður enn hann fór í þær og roðnaði við; enn Sigurður geyspaði og ók sjer og sagði, að sig hefði dreymt á þá leið um morguninn, rjett áður enn hann vaknaði, að þann vetur mundi ekki aflast þar á Nesjunum annar fiskur, enn skötur og hámerar. Bóndi sagði við gestina, að svo væri ástatt í kotinu að ekki yrði neitt greitt fyrir þeim fyrr enn konan sín kæmi aptur heim, og væri þeim því best, ef þeir ættu nokkur erindi þar í bænum, að ljúka þeim af, og koma þar að stundu liðinni, og skyldi þá verða eitthvað hlynt að þeim. Geingu þeir Indriði þá út, og var nú regninu stytt upp og komið bjart veður; og stakk Sig-

urður uppá að þeir skyldu gánga upp að Skólavörðu svo að hann gæti sýnt Indriða landslagið þar syðra; á það fjellst Indriði og geingu þeir norður úr bænum, og upp Skólastíg, enn er þeir voru komnir svo lángt upp eptir stígnum, að skamt var að vörðunni, sjá þeir gánga spöl korn á undan sjer tvo kvennmenn, og leiddi annar barn.

"Við skulum gánga ögn hraðara," segir Indriði, "svo við komustum fram hjá þessum stúlkum, hún er svo lík á baksvipinn stúlku, sem jeg þekti fyrir austan, þessi, sem geingur hjerna til vinstri, jeg held jeg þekki hana."

"Ekki held jeg að jeg geti verið að elta þær, það er víst einhvur hjerna úr Víkinni" sagði Sigurður, þó greiddu þeir nú sporið, enn af því svo skamt var eptir til vörðunnar, þá stóðst það á, að þær voru geingnar fram hjá vörðunni, þegar þeir Indriði komu þángað. "Þær gánga hjer um bráðum aptur hugsa jeg, og þá geturðu sjeð hana, enn nú skulum við litast um hjerna upp á vörðunni." Þeir geingu upp á vörðuna, enn Sigurður þeigir um hríð, og skygnist í allar áttir, enn tekur síðan til orða og segir: "Hingað hefði fjandinn átt að fara með Krist hjerna um árið, fyrst hann á annað borð vildi sýna honum ríki veraldarinnar og þeirra dýrð; og hingað mun Jörgensen okkar hafa orðið geingið, þegar skollinn hvíslaði því að honum, að ryðjast hjer til ríkis, taka sjer hirð, og setjast um Reykjavík, og þraungva Dönum til að gefa upp borgina; enn ekki veit jeg hvað þú ert að gæta að, þarna inn á melunum og tekur svo ekki eptir því, sem jeg er að segja þjer."

"Ójú, Sigurður minn!"

"Það er nú Keilirinn, sem þú sjerð þarna, fjallið að tarna til suðurs, uppmjótt, einstakt og strýtumyndað, þú getur reitt þig á það, að á honum er hádeigi, hvaðan sem þú sjerð hann; þetta er Hafnarfjörður, enn kaupstaðinn sjálfan sjerðu ekki; hraunin skyggja á; og undir hæðinni, sem jeg bendi núna á, standa Garðar; og þetta er Álptanesið, sem Álptnesingurinn

er á; enn jeg held þú heyrir ekkert af því, sem jeg er að segja þjer, þú hefur altaf augun inn á melum."

"Jú, jeg tek eptir öllu, Sigurður minn! sem þú segir."

"Það eru Bessastaðir, sem þarna standa á eyðinu millum voganna; enn Lamhús bera í kirkjuna, og þetta er Grásteinn, mikið merkilegur steinn, á grandanum; þetta er Skerjafjörður, og nú komum við hingað á Seltjarnarnesið, hvurnin líst þjer á það?"

Indriði þagði, enn Sigurður horfði framan í hann og sagði:

"Jeg held jeg geti giskað á, hvað þú hugsar, laxmaður! þjer dettur líkt í hug eins og mjer, þegar jeg kom hingað í fyrsta sinn, jeg sagði við sjálfan mig; mart hefur guð minn góður smíðað betur enn nesið að tarna, enn mikil eru verkin mannanna, og heldur enn ekki er það staðarlegt að líta yfir Víkina; enn ekki get jeg sagt þjer mikið til húsanna, jeg þekki fæst af þeim, nema þetta er dómkirkjan, sem stendur þarna rjett við tjörnina, og garður jallsins hjernameiginn við lækinn, og sannast er um það, að mart skipast á mannsæfinni, þetta var "tugthús" í mínu úngdæmi, þá sat Jóhann stríðsmaður og Jóhannes Limur þar við lítinn kost, og hjelt einginn að það mundi verða aðsetur landshöfðíngjans. Hjerna til hægri handar sjer þú fyrst móhraukana, sem þeir "taunglast og tiggjast um, sem gaddhestar um ílt fóður"; enn það eru laugarnar, sem þarna rýkur upp úr, haganlega er þeim fyrir komið, þar getur maður þveigið af sjer íslenskuna; og nú man jeg ekki meira að sýna þjer hjernameigin við fjörðinn, nema Laugarnes, og Viðey, eyjuna þarna stóru; fjallið að tarna, það er Esjan, hún er enn þá eins og guð hefur gjört hana; og þetta er hann Bárður kallinn Snæfellsás, sem blasir þarna við hafið, enn ekki skaltu hneixlast á því, þó hann fari aptan að síðunum og snúi hingað bakinu að höfðíngjunum; enn settu þig nú niður, laxmaður! hjerna á bekkinn, jeg á eptir að segja þjer nokkuð, sem jeg veit enn þú veist ekki, af því þú ert ókunnugur hjerna syðra, settu þig niður!"

"Æ, seigðu mjer það einhvurntíma seinna," sagði Indriði og horfði upp eptir melunum og sá að stúlkurnar, sem þeir höfðu sjeð áður voru snúnar aptur, og voru þegar komnar að vörðunni, "jeg vil að við gaungum nú heim aptur og vitum, hvort ekki er búið að bera á borð fyrir okkur morgunverðinn."

"Það er og satt, jeg er orðinn matlystugur aptur, þó jeg æti laxinn í gær;" sagði Sigurður, og stóð upp aptur, "enn þarna eru stúlkurnar þínar komnar aptur, jeg vissi það, að þær mundu fara hjer um aptur, enn hvaða lafalúði er það, sem kominn er í fylgi með þeim, láttu mig sjá! það er líkt honum kaupmanni Möller, já, það er enginn annar enn hann!"

"Nú, er þetta kaupmaður Möller?" sagði Indriði og brá nokkuð við, svo að Sigurður tók eptir því og lítur framan í hann og segir:

"Þekkir þú kaupmann Möller?"

"Nei, enn jeg hefi heyrt hans getið," sagði Indriði, og leit aptur til þeirra Sigríðar, rjett í því þær geingu fram hjá vörðunni. Indriði þekti þá glögt að annar kvennmaðurinn var Sigríður.

"Þekkir þú kvennmannin, Laxmaður?"

"Hvurnin getur þú hugsað að jeg þekki hana?" sagði Indriði, "jeg þekki aungvan mann hjerna syðra."

"Jeg spyr þig að því, af því mjer heyrðist þú segja áðan, að hún væri lík stúlku, sem þú hefðir þekt fyrir austan."

"Já, enn nú sje jeg, að það er ekki, sem jeg hjelt."

"Það var líklegra, enn hitt sje jeg, að kaupmaðurinn þekkir hana, guð gæfi að jeg væri eins danskur og hann, sjerðu ekki, hvurnin hann hoppar og skoppar kringum þær, eins og hann sje á hjólum; þetta kemur sjer nú vel við stúlkurnar að tarna!"

"Æ, hvað varðar mig um það," sagði Indriði, fremur önuglegur í svari.

"Það getur verið, Laxmaður! enn hvað kemur til að mjer

sýnist þú lítir eins illilega til hans, eins og þig sárlángaði til að berja hann?"

"Hvursvegna ætti mjer að geta dottið það í hug," sagði Indriði, "hann hefur ekki gjört mjer neitt ilt manntötrið það jeg viti."

Meðan þeir ræddust þetta við, höfðu þeir geingið ofan af vörðunni og hjeldu nú beina leið heim eptir stígnum. Þær stöllur og Möller fóru spöl korn fyrir, og þó svo lángt, að ekki máttu þeir Indriði heyra orðaskil á því, sem þau ræddust við. Sigríður hafði tekið barnið á handlegg sjer, því það var orðið þreytt af gánginum; enn kaupmaður gekk rjett við hliðina á henni og ræddi við hana, og það sá Indriði að hún einusinni leit um öxl, og sýndist honum hún festa snöggvast augun á sjer, enn leit aptur af honum, og þótti honum, sem tillit hennar væri á þann hátt, sem þá er menn líta á einhvurn, er þeir þykjast þekkja, enn geta þó ekki komið fyrir sig. Ekki töluðust þeir fjelagar meira við, og geingu þeir þannig niður í bæinn að jafnan voru þær Sigríður góðan kipp á undan. Loks koma þær að húsi einu og þar fara þær inn, enn kaupmaður kveður þær, og sjer Indriði að hann tekur um leið í hendina á Sigríði. Þeir Indriði geingu heim, og var Indriði mjög svo daufur og fátalaður það eptir var dagsins; þóttist hann nú sjálfur hafa sjeð þess nokkur deili, sem hann af hendíngu heyrði um getið um morguninn. Hann vill fyrir hvurn mun hitta Sigríði, vissi hann nú og, hvar hún átti heima, og ásetur sjer að gánga á fund hennar daginn eptir. Enn sem hann er að hugsa um þettað mál, dettur honum það í hug, að svo meigi fara, að hann annaðhvort ekki hitti Sigríði heima, eða þó að hann finni hana, að hann þá geti ekki talað einslega við hana; virðist honum það því ráðlegast að hann skrifi henni til brjef, og hafi það með sjer til vonar og vara, að hann geti skilið það eptir þar í húsinu. Þetta gjörir hann, og geingur síðan niður í bæinn og til húss Á. kaupmanns. Litlu fyr enn

Indriði kom þar, var maddama Á. farin út. Hún átti kunningjakonu fram á Nesi og var stundum vön að ganga þángað, þegar gott var veður með hörn sín, og þetta sinn var hún þángað farin og Sigríður með henni, og leiddi hún hörnin. Kaupmaður Á. var í búð, og var einginn heima, nema Guðrún ein. Indriði ber þar að dyrum, og kom Guðrún þegar til dyranna. Indriði var svo klæddur, að hann var á bláum treyjufötum úr vaðmáli; Guðrúnu grunaði helst, að gestur mundi vera einhvur útróðrarmaður; henni þótti því rjettast, að hafa vaðið fyrir neðan sig, og lauk stofunni ekki upp nema til hálfs, og stóð svo á þreskildinum og hjelt annari hendinni um snerilinn, eins og hún vildi láta hann skilja, að þesskonar menn væru menn vanir að láta afleysa erindi sín fyrir utan stofudyrnar, án þess að þeir væru leiddir í stofu. Indriði heilsar Guðrúnu hægverklega og tekur síðan til orða:

"Er ekki hjerna í húsinu stúlka, sem Sigríður heitir?"

"Ójú" sagði Guðrún nokkuð þurlega, "heldur tvær enn ein, jeg veit ekki við hvorja þeirra þú átt?"

"Hún" sagði Indriði, og þreif af ólíkindalátum hendinni ofan í vestisvasa sinn, og tók þar upp brjefið, "hún, á að vera Bjarnadóttir, trúi jeg, já Bjarnadóttir; viljið þjer ekki gjöra svo vel fyrir mig, að segja henni að hjer sje maður með brjef til hennar að austan?"

"Hún er ekki heima sem stendur, enn jeg skal taka við brjefinu."

"Mjer hefði þótt vænt um að tala við hana sjálfur" sagði Indriði, og roðnaði við, "jeg var beðinn að skila lítilræði með því."

"Þá geturðu komið hingað á morgun; enn það er best að hún fái brjefið sem fljótast; það getur verið að það sje eitthvað, sem þarf að svara."

"Já, það getur verið" sagði Indriði, og segið þjer henni fyrir mig, að jeg verði ekki leingur hjerna í Víkinni enn í dag

og á morgun, svo hún hafi svarið til, þegar jeg kem í fyrramálið."

"Jeg skal segja henni það, enn er nokkuð að frjetta að austan?"

Indriði ætlaði að fara að svara Guðrúnu einhvurju, enn í því geingur maður snúðuglega fram hjá honum, og kastar blíðlega kveðju á Guðrúnu, enn lætur sem hann sjái ekki Indriða. Guðrún tekur vel kveðju komumanns og biður hann inn ganga, enn læsir síðan stofunni, og geingur Indriði þá burt. Maður sá, sem heilsaði Guðrúnu, var kaupmaður Möller. Guðrún verður fyrri til máls og segir:

"Hjer er ofur fáment heima, eins og þjer sjáið, herra Möller! það er ekki heima fólkið."

"Fólkið!" sagði kaupmaður" altjent nokkuð af því, jeg hefi þó þá ánægju að sjá yður heima."

"Já" sagði Guðrún, og kinkaði brosandi kollinum framan í Möller, "jeg á við fólkið, sem þjer ætluðuð að finna; það er alt fram á Nesi; ekki eru allar ferðir til fjár, herra Möller!"

"Nei, jeg sje það að það muni bregðast stundum; enn hvaða maður var það, sem þjer voruð að tala við áðan?"

"Það veit jeg ekki, hvað hann heitir; það var einhvur dónsi að austan, sem kom með brjefið að tarna til hennar Sigríðar, og vildi fá að tala við hana; það er líkast til frá henni móður hennar."

Guðrún kastaði brjefinu á borðið þar í stofunni, og leit kaupmaður utan á það, og sá að það var skrifað með kallmannshönd; síðan snýr hann því við og starir um stund á lakkið, enn segir síðan:

"Frá henni móður hennar! það kvennmannsnafn hefi jeg aldrei heyrt fyrr, heitir konan Indriði?"

"Nei, nú get jeg ekki að mjer gjört að hlægja að yður; hvurnin getur yður dottið það í hug að hún heiti Indriði? ha!

ha! ha! þjer eruð ekki orðnir útlærðir í íslenskunni enn þá, herra Möller!"

"Nú, verið þjer ekki að hlægja að mjer, jómfrú góð! gat það ekki vel verið að hún hjeti Indriði; þessi íslensku kvennmannsnöfn enda bæði með "dí og dúr" og hjer stendur á signetinu Indriði, sjáið þjer In-dri-di."

"Ojú, það er sem þjer segið, enn þá er annaðhvort um það, að það er ekki frá henni, eða hún hefur lakkað það með signeti einhvurs annars — bíði þjer við, nú dettur mjer nokkuð í hug, hvur skollin má vita, nema þetta brjef sje frá einhvurjum pilti, herra Möller! hún hefur stundum verið að segja mjer frá einhvurjum strák fyrir austan, sem Indriði heitir, það gæti þó aldrei verið frá honum" sagði Guðrún og skygndist um leið inn undir brotið á brjefinu; ""staddur í Reykjavík"" það get jeg lesið, þetta er víst eitthvað kátlegt, jeg fer að verða forvitin; hvur sem nú hefði lykilinn að þessu brjefi."

"Hann hef jeg" sagði kaupmaður, og rjetti fram vísifingurinn "þessi kall geingur að hvurju brjefi, sýnið þjer mjer, á jeg að ljúka því upp fyrir yður?"

"Hvaða vitleysa!" sagði Guðrún og sló með hendinni á fingurinn á Möller. "Það er ljótt, að brjóta upp brjef eða haldið þjer að þjer vilduð láta fara svo með brjefin yðar?"

"Þjer eigið víst við, að það sje ljótt, ef manni tekst ekki að læsa því aptur, svo ekki sjáist; sýnið þjer mjer brjefgreyið!"

"Nei, þjer fáið ekki að eiga neitt við það."

"Nú, ekki skal jeg — enn þarna skrapp það upp brjefskömmin af sjálfu sjer."

"Hvað á nú þetta, nú rifuð þjer það upp" sagði Guðrún og ljet sem henni þætti heldur fyrir.

"Nei, jeg segi yður satt, það skrapp upp sjálft; enn nú er ekki annað fyrir, jómfrú góð! enn að bera sig að læsa því aptur" sagði kaupmaður og brosti við, "við getum þá svarið fyrir að hafa lesið það."

"Því verður nú ekki læst aptur, svo það sjáist ekki."

"Það læt jeg vera, jómfrú góð! eða hvað haldið þjer að hún geti vitað um það, með hvaða signeti því hefur verið læst austur á landi?"

"Og það er nú satt" sagði Guðrún.

"Og hvur ætli geti þá sjeð á því, hvort það hefur verið lesið eða ekki? enn ekki er það fyrir það, ekki lángar mig til að sjá, nema frá hvurjum það er."

"Það lángar mig líka hálfveigis til, og nú er búið að rífa það upp, hvort sem heldur er, látum oss nú sjá, hjer stendur "þínum til dauðans elskandi Indriða Jónssyni" átti jeg ekki kollgátuna; nú held jeg maður verði að lesa meira."

"Já, enn lesið þjer nú hægt, svo jeg geti vel skilið, enn ekki mjög hátt, ef einhvur stendur hjer í nándinni."

"Það er þá fyrst" sagði Guðrún og fór að lesa:

"staddur í Reykjavík.

Ástkæra Sigríður mín góð!

Guð gefi þjer allar stundir gleðilegar!

Jeg skrifa þjer þetta brjef í því skyni, að það gæti komist til þín svo lítið á bæri, ef svo óheppilega tekst til fyrir mjer, að jeg annaðhvort get ekki fundið þig heima, eða ekki feingið að tala við þig einslega um það, sem mig lángar til að nefna við þig og er eina erindið mitt hingað suður. Enn brjefsefnið er það, að biðja þig að finna mig, ef þú getur í dag eða á morgun. Jeg á sem stendur heima í húsinu hjá honum L. og verð þar allan daginn í dag og á morgun og bið þín, því jeg vona til þess, Sigríður mín góð! að þú sjert ekki svo búin að gleyma því, að við einusinni vorum málkunnug, að þú veitir mjer ekki þá gleði, að sjá þig og lofa mjer að tala við þig nokkur orð. Og þó það væri satt, sem jeg hefi heyrt fleygt síðan jeg kom hingað, bið jeg þig samt að láta það ekki aptra þjer frá að finna mig, því þú veist, að um ekkert hefi

jeg að ásaka þig, og það skaltu vita fyrir víst, Sigríður mín! að aldrei getur mjer orðið illa við þig fyrir því, þó svo væri, að ógæfa mín hefði vakið í huga mínum ástæðulausa von; og að vísu þætti mjer það ljettbærara, að þú sjálf segðir mjer, að nú væri það fram komið, sem þú einhvurntíma sagðir við mig, þegar við vorum ýngri, að ekki mundi fram koma: "að þú gleymdir mjer", enn sá efi, sem leingi hefur pínt mig, þar sem jeg veit ekki, hvort hugsun mín um þig hefur nokkurntíma verið annað enn tilefnislaus hugarburður og ímyndun sjálfs míns.

Vertu alla tíma blessuð og sæl! og neitaðu ekki um þessa einu bæn þínum til dauðans

elskandi

Indriða Jónssyni."

Eptir að Guðrún var búin að lesa brjefið, sló nokkuri þögn á þau, enn síðan tekur kaupmaður til orða, og segir:

"Nú hefur þetta mál tekið aðra stefnu, enn jeg hugsaði; fáið þjer mjer þetta brjef, það er best geymt hjá mjer; þjer sjáið, hvurnin í öllu liggur, það vantar ekki mikið á, að þetta sje bíðilsbrjef, og manninum er annað enn gaman, og hvur veit, hvað úr því má verða, ef hann fær að finna Sigríði, eins og hann ætlast til í brjefinu; enn mjer er ant um hagi Sigríðar; jeg hefi einhvurntíma slept því við yður í trúnaði, að mjer er orðið hlýlegt við hana og því sýnist mjer hún einhvurs annars betra verð, enn að fara í hendurnar á einhvurjum óvöldum sveitamanni."

"Það er nú ekki svo ónýtt fyrir hana" sagði Guðrún og leit í gaupnir sjer, "ef þjer ætlið yður það með hana, sem sumir hjerna eru að geta til."

"Hvað er það?"

"Að þjer ætlið yður að eiga hana."

"Það eru ekki mín orð; enn maður hugsar svo mart, og yður í einlægni að segja, þá hefi jeg hugsað mjer það svona:

Sigríður ætti að komast í góðra manna hendur, jeg tek nú til dæmis, fara til mín og vera fyrir framan hjá mjer eitt eða tvö missiri fyrst, annað mál er það, að mart getur lagast með tímanum; enn þjer ættuð að verða kaupmanns-kona, eða "faktors"-kona hjerna í Víkinni."

"Jeg! að verða kaupmannskona, það veit jeg ekki, hvurnin það ætti til að bera."

"Mart hefur eins óliklega orðið; gjörum til að mynda ráð fyrir, að jeg yrði leiður á því að vera leingur í þessu blessuðu landi, og setti hann Kristján, sem hjá mjer er, með 7 eða 8 hundruð dala launum fyrir verslunina mína, þá gæti hann nú farið að kvongast."

"Já" sagði Guðrún nokkuð undirfurðuleg" "jeg skil ekki í að jeg væri nær maddömudæminu fyrir það."

"Enn ef maður benti Kristjáni til þess, að hann gæti ekki feingið verslunina, nema með því eina skilyrði, að hann ætti þá stúlku, sem maður tiltæki, svo hafa menn stundum verið vanir að koma því í kring."

"Þetta er ekki nema gaman fyrir yður, kaupmaður góður!" sagði Guðrún, og leit hlægjandi framan í kaupmann.

"Það er full alvara" sagði kaupmaður og greip um leið hendina á Guðrúnu" full alvara og ásetningur minn, enn ekki er vert, að láta bera á því; enn þegar jeg fer hjeðan alfarinn, þá gildir mig einu, þó það sjáist, hvurjir hafa verið vinir mínir og að jeg hefi munað eptir þeim — enn brjefið að tarna verður að fara líkan veg, sem önnur þesskonar, er villast út af rjettri leið."

"Enn heyrið þjer, kaupmaður góður! mannskömmin kemur hingað á morgun í fyrra málið, eins og hann sagði, og hvað á þá að seigja um brjefið?"

"Látið þjer mig ráða, menn verða að sjá svo um, að hann giöri sjer augvar ferðir að finna hana; og verið þjer nú sælar! þetta fer ekki leingra enn millum okkar".

Eptir það gekk kaupmaður burt; enn það er að seigja

af Indriða, að hann þóttist hafa komið vel ár sinni fyrir borð, er hann hefði getað komið brjefi sínu laglega til Sigríðar, og vænti hann að Sigríður mundi koma til fundar og viðtals við sig daginn eptir, eins og til var mælst í brjefinu; var honum fremur venju ljett í geði, því hann smíðaði sjer ymsar hugmyndir, sem allar lutu að einu: að það gæti ekki verið satt, sem sagt var um Sigríði og kaupmann Möller, því Sigríður væri svo stilt og gætin stúlka, að hún mundi ekki flasa að slíku vandamáli, enn verið að eins skamma stund í Reykjavík; aptur gæti það verið, að kaupmanni litist vel á hana, og vildi koma sjer í mjúkinn hjá henni, og þetta mætti vera nóg til þess, að það væri fullyrt, sem þó ekki væri. Þannig leið nú dagurinn og svaf Indriði af nóttina; enn morguninn eptir var hann að venju snemma á fetli, og sat við borð, sem var þar í stofunni og snæddi árbít með húsbónda og Sigurði og ræddu þeir um hitt og þetta; enn sem þeir höfðu matast, kemur þar piltur nokkur í stofuna, og spyr, hvort ekki sje þar aðkomumaður nokkur, sem Indriði heiti, og að austan. Indriði sagði til sín, enn pilturinn fær honum brjef, og geingur út síðan. Indriði leit utan á brjefið og sá, að á því var kvennmannshönd. Hann stakk brjefinu á sig, og gekk skömmu síðar út. Hann efaðist ekki um það, að brjefið væri frá Sigríði, og vildi því helst lesa það í einrúmi, til þess enginn skyldi sjá, hvurnin honum yrði við, hvort heldur það færði honum gleði eður sorgarfrjettir. Hann gekk út úr bænum og suður með tjörninni að austanverðu, því hann hugsaði að þar mundi vera minstar mannaferðir á; leitaði sjer síðan upp grasbala einn, ekki lángt frá tjörninni, þar sem dálitið barð bar af, svo hann sást ekki úr bænum, og tekur síðan upp brjefið og les það og var það svona:

"Heiðarleigi ýngismaður!

Mjer brá ekki lítið við, að fá brjef frá yður í gær; enn meira brá mjer þó við að sjá, að það var skrifað hjer í Reykja-

vík. Nú þó að jeg gjörði rjettast í, að svara því ekki, virðist mjer samt, að mjer sje nauðugur einn kostur, að senda yður þennan miða, til þess að taka af öll tvímæli. Jeg ætla þá ekki að álasa yður fyrir það, að þjer hafið verið helst til óaðgætinn, er þjer senduð mjer þesskonar brjef, án þess að þjer áður kæmust að því, hvort nú stæði svo á högum mínum, að yður væri til nokkurs að fara því á flot, sem þjer hálfveigis minnist á í því, og hefðuð þjer þó mátt geta því nærri, að mart má skipast á skemri tíma, enn þeim, sem liðinn er síðan við sáustum síðast. Hitt verð jeg að láta yður vita, að kringumstæður mínar eru þannig lagaðar, að það gæti ekki orðið yður til neinnar gleði, að jeg talaði við yður, ef það er eina erindið við mig, sem jeg þykist ráða af brjefi yðar; sömuleiðis vona jeg, að þjer sjáið sjálfur, að þarfleysa er að skrifa mjer fleiri brjef um þetta efni; og á hinn bóginn gæti slíkt orðið mjer að baga, ef þesshátta kæmist í hendur þeim mönnum, sem jeg vil ekki hafa verri hugmynd um mig, enn jeg verðskulda. Að endíngu óska jeg yður allra heilla, og verið sannfærður um, að það mundi vera mjer mikil ánægja bráðlega að frjetta það, að þjer hafið snúið huga yðar til einhvurrar annarar, sem er yður verðugri enn yðar

Sigríður Bjarnadóttir."

Þeir, sem einhvurntíma hafa reynt það, að fylgja kærum ástvini til moldar, og hafa sjeð yndi augna sinna, og trúfastan leiðtoga alt í einu hverfa ofan í hið myrkva skaut grafarinnar, þaðan sem hans er aldrei aptur von til þessa lífs, munu geta ímyndað sjer, hvurnin Indriða varð við, er hann las þetta brjef, *sem flutti alla von hans, þenna trúa leiðtoga æskumannsins*, til grafarinnar. Indriði sat þeigjandi og starði á brjefið og las það optsinnis upp aptur og aptur, eins og hann gæti ekki trúað sjálfum sjer, að hann sæi það rjett, sem hann sá og las. Sólin blessuð leið frá austri til suðurs og frá suðri í vesturátt; fuglarnir þutu í loptinu kringum Indriða, þar sem

hann sat eins og jarðfastur steinn, og skuggarnir þokuðust upp eptir balanum og upp á fætur honum, enn Indriði vissi ekki hvurju fram fór, og tárin, sem eru fylgisveinar harmsins og einverunnar og menn ekki skammast sín fyrir, þegar enginn sjer til, styttu honum svo stundir, að hann gáði þess ekki hvað tímanum leið. Loksins stoð hann upp, og ætlaði líkast til að snúa aptur heim til bæjarins, enn með því að hugur hans var í einhvurri leiðslu og svíma, gáði hann ekki að, hvað hann gekk, og stefnir austur með tjörn; þannig gekk hann um hríð, og verður hann þá ekki fyrr var við, enn sleigið er með hendi á herðarnar á honum, og er þar kominn Sigurður fjelagi hans; hafði hann leingi um daginn leitað hans allstaðar, þar sem honum gat til hugar komið, og nú geingið þennan veg, ef svo líklega sem ólíklega mætti til bera, að Indriði hefði geingið þángað. Indriði hrökk við þegar sleigið var á herðarnar á honum, enn Sigurður leit hálfhlægjandi framan í hann og sagði:

"Hvað ertu nú að bjervillast, laxmaður?"

"Jeg gekk hingað að gamni mínu" sagði Indriði "og nú ætlaði jeg heim aptur."

"Á! þá þyki mjer þú ekki fara skemstu leiðina, ef þú ætlar að ganga í austur þángað til þú kemur til vestursins, því hjerna er Reykjavík! enn hvað er að sjá þig, maður! það er eins og þú hafir sveist blóðinu í allan dag; manni getur dottið mart í hug, þegar maður sjer þig; skollinn hefur þó, vænti jeg, ekki skotið sömu flugunni í munninn á þjer, sem honum Jörgensen heitnum, að vilja fara að stjórna landinu? þú hefur tekið þeim stakkaskiptum síðan í gær að við gengum upp að vörðunni, að jeg þekki þig ekki, og svo þyki mjer þú orðinn þúngur undir brúnina, sem það mundi bráðum og koma það veður, sem ekki ljeti neinn stein óhrærðan í þessu landi."

"Æ, það getur þú verið óhræddur um, að ekki ætla jeg að steypa kóngum eða keisurum, enda tek jeg það ekki illa upp,

þó þú gjörir að gamni þínu, enn hitt mátt þú vita, að mart getur aflað manni áhyggju og ógleði, sem maður gefur ekki um að ræða um við alla."

"Æ, guði sje lof fyrir að það eru eingin stjórnarumbrot í höfðina á þjer, annars hefði jeg sagt að þjer væri hollast að koma heim með mjer að borða miðdagsmatinn, því þessháttar menn eru vanir að verða svo hægir og bliðir, eins og gymbrin, sem getið er um í kvæðinu í Fjölnir, undir eins og þeir fá eitthvað gott að kasta á svánginn, þó þeir áður væru, sem glepsandi vargar, og látum oss nú ganga heim til vonar og vara, því maturinn bíður okkar." Því næst geingu þeir heim, og segir nú ekki annað frá Indriða, enn að hann dvaldi í Reykjavík einn eða tvo daga, enn rjeði ekki aptur til austurferðar; var það og hvorttveggja, að farið var að líða á haust, og allra veðra þegar að von, enda hafði harmur sá, er hann nú átti við að þreyta, unnið svo á heilsufar hans, að hann treysti sjer ekki til að takast svo lánga og örðuga ferð á hendur, og rjeði hann það af, að hann kom hestum sínum á fóður upp í Mosfellssveit, enn fór með Sigurði suður í Garðahverfi og hafðist þar við framan af vetrinum, ýmist við smíðar eður fiskiróðra, og nefndist Þorleifur og kvaðst vera nerðlenskur að kyni, og bað Sigurð ekki geta þess, hvur hann væri.

Af því, sem sagt er hjer að undanförnu, mun lesarinn geta ráðið, að nokkur tilhæfa var í því, að kaupmaður Möller legði um þær mundir meiri hug á Sigríði, enn nokkra aðra stúlku þar í Víkinni; enn eins og það er satt, að almannarómurinn styðst optast nær við einhvurja átyllu, eins víst er það, að hann gjörir opt úlfalda úr mýflugunni. Þannig var það og um það, er menn nú töluðu sín á milli í Reykjavík, að þau Sigríður væru þegar trúlofuð, þó lítið ætti á að bera. Möller hafði aldrei enn þá vikið orði að því við Sigríði sjálfa, sem til ásta liti, enda hafði hann ekki feingið færi á því, að tala einslega við hana. Þegar hann kom þar í húsið, var hann jafnan

glaðlegur í viðmóti og ræðinn við þær stallsystur. Hann sá það, að lundarfari Sigríðar var svo varið, að glens átti ekki við hana, og því forðaðist hann jafnan alt þessháttar; sjaldan hældi hann Sigríði mikið upp í eyrun, enn þegar hann gat hennar við aðra útí frá, talaði hann fremur hlýlega um hana, einkum er hann ræddi við þá, sem hann hugði að mundu flytja henni það aptur. Ekki gaf hann henni stórvægis gjafir, sem margir hylla að sjer konur með, enn stundum vjek hann henni hinu og þessu smáveigis, sem lítið var í varið; enn hvurnin sem á því stóð, hittist jafnan svo á, að það var það, sem Sigríði í þann svipinn vanhagaði mest um.

Af þessu kom það, að Sigríði var fremur þelgott við kaupmann Möller, og var það að líkindum, því á ókendum stað, þar sem menn ekki eiga frændur eða vini, fá menn jafnan góðan þokka á þeim, er verða til þess, heldur að víkja að manni góðu enn illu. Nú þótt Sigríði væri hlýlegt við Möller *af þessum orsökum, sem nú höfum vjer talið*, þá er hitt þó víst, að ekki hafði Sigríður enn hneigt ástarhug til Möllers eða nokkurs annars manns þar syðra. Sigríður var kona stöðuglynd, *enn svo er varið um þær konur, er svo eru skapi farnar*, að hjarta þeirra snýst sjaldan fljótt til ásta, ef þær einhvurntíma hafa lagt hreinan og einlægan huga til einhvurs manns, sem þær hljóta á bak að sjá.

Það var einhvurntíma skömmu fyrir jól, að Ormur, bróðir Sigríðar, kom sem optar inn til Reykjavíkur, að finna systur sína og var þar í Víkinni fram eptir deiginum og varð það kunnugt þar í bænum, að piltar væru þar. Ormur ætlaði með skólabátnum yfir um aptur um kvöldið; beiddi hann þá systur sína, að fylgja sjer á veg suður á Skildínganesmela, svo að þau gætu því leingur talað og masað saman. Þetta gjörði Sigríður, og hafði kaupmaður Möller einhvurn snefil af, er þau fóru suður um bæinn, og skömmu síðar tekur hann hatt og vetlínga, og geingur upp í gegnum bæinn eins og hann ætlaði

á þá leið, sem liggur norður úr bænum, enn er hann kemur að læknum, skotrar hann til hliðar og yfir á Austurvöll og þaðan að tjörninni og geingur með henni og fylgir jafnan börðunum, og er hann þykist vera kominn svo langt, að ekki meigi sjá til ferða hans úr bænum, snýr hann upp á Skildínganesmela og litast þar um, enn sjer ekki til þeirra systkina; heldur hann þá á fram og alt þángað til, er hann kemur að hól þeim, sem er Reykjavíkurmeigin við mýrina, þaðan vissi hann að sjá mætti allar mannaferðir um melana; þar nemur hann staðar og sjer þá bráðum, hvar kvennmaður kemur sunnan yfir stillurnar og stefnir til Víkur. Möller stefnir þá ofan af hólnum og í veiginn fyrir hana. Sigríður sjer manninn og kennir hann þegar, enn lætur þó sem hún taki ekki eptir honum, og greiðir heldur sporið í því skyni, að hann skuli ekki ná sjer; enn Möller var drjúgstígari og nær hann henni góðan kipp frá hæðinni, og heilsar henni blíðlega og ávarpar hana þessum orðum:

"Vitið þjer, jómfrú Sigríður! hvurs jeg óskaði mjer rjett í sama bili, sem jeg náði yður núna?" Þetta skipti lá vel á Sigríði og tók hún gladlega undir ræðu Möllers og sagði:

"Hvurnin á jeg að vita það? enn ætti jeg að geta einhvurs um það, mundi jeg helst geta þess, að þjer óskuðuð yður að ullin yðar og fiskurinn seldist vel í Kaupmannahöfn í vetur, því er það ekki sagt um ykkur kaupmennina: þar sem yðar fjársjóðir eru, þar eru og yðar hjörtu?"

"Ekki veit jeg það, hvort þessi grein á fremur við okkur kaupmennina enn aðra," sagði kaupmaður og tók með meiri alvöru undir svarið enn Sigríður hafði vænt, "og jeg segi fyrir mig, að ekki hef jeg fest svo hugann við fjársjóðuna að jeg ekki hugsi tíðara um annað; enn fyrst að þjer gátuð ekki undir eins í kollinn, þá ætla jeg að segja yður það, hvurs jeg óskaði mjer."

"Nú það er gaman að heyra það," sagði Sigríður og leit

framan í Möller, af því hún furðaði sig á því, með hvílíkri alvörugefni hann talaði."

"Þjer meigið ekki hlægja að ósk minni, þó yður í fyrstu virðist hún kátleg, jeg óskaði mjer að melarnir þeir arna væru orðnir fjórum sinnum leingri, enn þeir eru."

"*Nei, ekki held jeg að jeg geti gjört það fyrir yður*, að láta vera að hlægja að henni, og til þess munuð þjer og hafa ætlast, því hvað gæti yður geingið til þess að óska þessarar heimsku; væru þeir allir saman sljettur og fagur grasvöllur, þá gæti jeg skilið í því, hvurs vegna þjer vilduð að þeir væru *stærri, enn einsog þeir eru, gilti mig að minsta kosti einu*, þó þeir væru talsvert styttri."

"Mjer væri sama, hvort heldur þeir væru lángir eða skammir endrarnær, ef þeir að eins væru núna fjórum sinnum leingri, enn þeir eru; því skoði þjer til, væru þeir fjórum *sinnum leingri, hefði jeg fjórum sinnum leingri ánægjustund.*"

"Það mun vera svo að skilja, að þjer eruð eins og börnin, sem hafa gaman af að vasla pollana; yður þykir gaman að að vaða aurinn og krapið upp í ökla?" sagði Sigríður og brosti við; enn kaupmaður svaraði alt að einu alvörugefinn eins sem áður.

"Nei, ekki þyki mjer nú það, enn hitt er það, að jeg væri glaður og ánægður, þótt jeg ætti alla mína æfi að vaða eld og fara yfir ófærur, ef jeg ætti að vinna það til þess, að geta notið yðar fylgdar." Sigríður leit enn þá einu sinni framan í *Möller, eins og hún ætlaði að komast eptir, hvurnin stæði á* því, að hann hagaði svo kátlega orðum sínum fremur venju. Hún sá þá, að honum stökk ekki bros, enn heingdi niður höfuðið, eins og honum byggi einhvur mikil áhyggja í skapi; hugsaði hún þá, að ekki tjáði að taka orðum hans með gamni einu, og segir:

"Jeg hef aldrei heyrt yður tala svo undarlega, eins og núna, herra Möller!"

"Jeg hef heldur aldrei getað komið mjer að, eða feingið tækifæri til þess, að tala við yður einslega, þó mig hafi opt lángað til þess." Þegar Sigríður heyrði, að kaupmaður sneri svona orðum sínum, tók hún að greiða sporið, alt eins og henni væri um og ó, að samtalið leingdist mikið og hún yrði því feignust að komast sem fyrst heim í bæinn; kaupmaður varð þess fljótt var og lítur ofur ángurværum augum til hennar og segir:

"Æ, jeg hjelt þjer ætluðuð, jómfrú góð! að lofa mjer að verða yður samferða þennan litla spotta, sem er eptir til bæjarins, enn nú eruð þjer farin að ganga svo hratt, að —"

"Það kemur til af því, að jeg held að þjer hafið hitt óskastundina áðan, og melarnir þeir arna ætli aldrei að þrjóta; enn hitt vitið þjer, að mjer þykir ætíð skemtilegt að tala við yður."

"Og því er nú miður, að jeg held að sú ætli að verða raunin á um melana, að ósk mín ekki muni rætast, því nú eigum við ekki lángt að garðinum og líkast til verð jeg ekki heppnari með þá óskina, sem jeg ætlaði að bera fram fyrir yður, mín e—;" það er bágt á það að giska, hvaða orð það var, sem Möller tæpti á og ætlaði að segja, og eins óvist er það og örðugt fyrir oss, er ekki þekkjum hugrenníngar Möllers, að skera úr því, hvað til þess kom, að hann talaði ekki orðið út til fulls: hvort það var heldur, að honum í sama bili varð litið framan í Sigríði og sá að hún var hlóðrauð út undir eyru, eða hitt, að rjett um sama mund gekk fram hjá *þeim maður nokkur þar úr Vikinni, sem Möller þekti; enn* það vitum vjer að hann þagnaði á e-inu, og þagði litla stund enn þó ekki svo leingi, að hann gæfi Sigríði ráðrúm til að svara; byrjar hann þá aptur og segir:

"Jeg mælist ekki til mikils, bónin sem jeg ætlaði að bera fram fyrir yður, er sú, að jeg ætla að biðja yður að fara til mín í vor eð kemur!" Sigríði hafði orðið hálfveigis hverft við, þegar

Möller fór að ympra á orðinu, sem ekki varð leingra enn e, og skipti mjög litum, enn er hún nú heyrði, að ekki varð annað úr enn þetta, hefur hún, ef til vill, hugsað með sjer: það fór betur að hjer fæddist mús, enn ekki önnur stærri skepna; roðinn fór aptur að þynnast á kinnunum á henni og hún svaraði kaupmanni einarðlega:

"Hvurnin getur yður dottið í hug að biðja mig þess? þjer vitið, að jeg er vistuð eptirleiðis hjá henni maddömu Á. og jeg á þar svo gott, sem jeg gæti átt nokkurstaðar hjer syðra; eða ætli þjer að fara að búa?"

"Ekki veit jeg, hvort jeg á að kalla það svo, enn jeg hef ásett mjer eptirleiðis, að taka mjer kvennmann til að vera hjá mjer í húsinu og búa til fyrir mig matinn, jeg er orðinn harla leiður á því, að þurfa að sækja alt til annara, sem jeg þarf með, enn ekki skuluð þjer, jómfrú góð! þurfa að kvíða því, að þjer þyrftuð að ganga í alt, það er sjálfsagt að jeg tæki einhvurja griðkonu yður til aðstoðar; og hvað kaup og atlæti snertir, vildi jeg sjá svo um, að þjer hefðuð hvorugt betra nokkurstaðar annarstaðar."

"Þó þetta kynni að vera altsaman vel boðið, þá er fyrst að seigja þar um, að jeg er mjög svo fákunnandi í öllum búnaðarhætti hjer; jeg er vönust sveita búnaðinum, og um fram alt er á það að líta, að jeg er vistuð, eða því reynið þjer eigi að útvega yður aðra bústýru, sem bæði væri betur við yðar hæfi, og óvistuð?"

"Ekki fer jeg þessu á flot" sagði Möller, "nema svo að eins, að bæði maddama Á. og aðrir, sem hlut eiga að máli, sjeu því ekki mótfallnir; enn því ber jeg þetta mál fremur fyrir yður enn aðrar, að jeg tek yður fram yfir allar, sem jeg þekki hjer og geti þjer ekki láð mjer, að jeg helst kýs að hafa þann kvennmann mjer við hönd, sem jeg veit að er ráðvönd, trú og mjer er þelbetra við enn nokkra aðra stúlku." Þessi seinustu orð í ræðu sinni sagði kaupmaður á þann hátt, sem

hann vildi að Sigríði skyldi verða þau minnisstæð; enn ekki gat hann rætt fleira um þetta efni að því skipti, því nú voru þau komin inn í bæ, og skildi kaupmaður þar við Sigríði, og gekk nú aptur nefsneiðing ofan að tjörn og sama veg, sem hann hafði áður farið. Sigríður íhugaði orð Möllers, og þótti henni allundarlega borin fram tilmæli hans um vistarráðin, ef ekkert byggi meira undir, og hafði þó ekki orð á um viðtal þeirra við fleiri menn; enn ekki leið á löngu áður það varð augljóst, að Möller hafði verið full alvara og gjörði þetta mál uppskátt fyrir kaupmanni Á. og konu hans, og skoraði fast á þau, að gefa Sigríði upp vistarráðin, enn lagði jafnframt mikið að Sigríði um að fara til sín. Sigríður leitaði ráða hjá maddömu Á. Maddama ljet sjer fátt um finnast, enn sagði þó, að kaupmaður Möller mundi virða það svo, sem þau hjón stæðu á móti að þessi ráð tækjust og lettu hana, ef hún neitaði að fara til hans; leið nú svo fram eptir vetrinum, að Sigríður hvorki aftók það með öllu eða hjet því og kvaðst verða að ráðgast betur um það við huga sinn og bera það undir Orm bróður sinn; enn eptir því þóttist Guðrún taka, að Sigríði brygði einhvurnveiginn kátlegar enn áður við, í hvurt skipti sem Möller kom þar í húsið og heilsaði henni, og komst Guðrún svo að orði um það, að hún sagði að Sigríður væri farin að seigja eptir.

Það var eitt kvöld nokkru eptir miðjan vetur, að þær Sigríður og Guðrún sátu tvær einar í stofu. Veður var fagurt; sólin var að setjast, og kvöldroðanum kastaði á gluggana og inn um stofuna. Guðrún sat á stól út við gluggann, og var að sauma og þagði; sá sem þá hefði sjeð hana og tekið eptir brosunum, sem voru að smáflögra um munnvikin á henni, og sjeð hvurnin spjekopparnir á kinnunum á henni ýmist voru að myndast eða hverfa, mundi hafa hugsað: annað hvort er um það, stúlka mín! að þú ert sokkin niður í einhvurja skemtilega hugsun, eða hitt, að einhvur fallegur piltur er hjer í nánd, og gefur þjer auga; þú hefur veður af honum, enn læst ekki

sjá hann, slær því augunum niður og þykist ekki gæta að öðru enn saumunum; enn getur þó ekki með öllu dulið það sem dulið á að vera, hugrenningar þínar læðast á vörum þjer.

Sigríður sat allskamt frá Guðrúnu í legubekk einum og hafði í fángi sjer dálitla meyju ofur fallega. Það var dóttir þeirra hjónanna, sem Sigrún hjet og Sigríður unni mikið. Sigríður svæfði meyjuna í keltu sjer og kvað þetta við hana:

Ljóshærð og litfríð
og ljett undir brún,
handsmá og hýreyg
og heitir Sigrún.

Viska með vexti
æ vaxi þjer hjá!
veraldar vjelráð
ei vinni þig á!

Svíkur hún seggi
og svæfir við glaum,
óvörum ýtir
í örlaga straum.

Veikur er viljinn,
og veik eru börn;
alvaldur, alvaldur
æ sje þeim vörn!

Sofðu, mín Sigrún!
og sofðu nú rótt,
guð faðir gefi
góða þjer nótt!

Þessar vísur raulaði Sigríður aptur og aptur og þess á millum þessar alkendu hendingar:

Bí bí og blaka,
álptirnar kvaka,
jeg læt sem jeg sofi,
enn samt mun jeg vaka.

Enn er Sigrún litla var sofnuð, lagði hún hana hægt í legubekkinn og lítinn kodda undir höfuðið, og breiddi svuntuna sína ofan á hana, enn settist sjálf út við gluggann allskamt frá Guðrúnu og horfði um hríð út. Alt var kyrrt á strætum bæjarins; dálitill snjófölvi var yfir jörðunni; veðrið var hreint og heiðríkt og sólin var þegar sigin, og sló blóðrauðum geislum um allan vestursjóinn; Jökulinn hylti upp; fiskibátarnir voru að koma að, sumir að lenda, enn sumir voru komnir inn fyrir eyjarnar og skriðu fagurlega í logninu. Sigríður horfði stundarkorn þeigjandi á blíðu og fegurð náttúrunar, og var auðsjeð að henni fanst mikið um, enn síðan segir hún við Guðrunu:

"Allstaðar er guð minn mönnunum góður, og mikið er blessað veðrið að tarna fagurt, og mikið yndislegt er að horfa út núna, það er eins og jeg sjái blessuð fjöllin mín fyrir austan, þegar jeg lít upp til Esjunnar."

"Já" segir Guðrún hálfhlægjandi; veðrið er gott, góða mín! enn það hefur verið svo opt, það sem af er vetrinum, eða sjer þú nokkur nýsmíði á sjónum eða fjöllunum?"

"Nei, enn jeg sje blessaða bátana, sem eru að koma hlaðnir að landi; og aldrei hefi jeg sjeð Jökulinn svo tignarlegan, eins og mjer virðist hann vera núna."

"Æ, Sigríður mín! okkur bregður nú ekki við það hjerna á Suðurnesjunum, að sjá þessar slorsleyfar, það er lítil fegurð í þeim, sýnist mjer, og um fjöllin þín, góða mín! er það að segja, að mjer virðist þau núna eins og þau eru vön."

"Ó, þú skilur mig ekki" sagði Sigríður og stundi dálítið

við, "mjer þykir svo vænt um fjöllin, jeg er upp alin við fjöll, og því er það eins og það gladni yfir mjer í hvurt skipti, sem jeg lít hjerna upp til fjallanna og mig lángi til að vera komin mitt á milli fjallanna aptur."

"Jeg held þú sjert altaf að hugsa um þau og sjóinn og bátana og grasið á jörðunni" sagði Guðrún hálfhlægjandi, "jeg lái þjer það ekki, enn maður getur hugsað um fleira, og veistu hvað jeg er nú að velta fyrir mjer í huganum?"

"Nei, enn jeg þykist vita, að það sje ekki um fjöllin eða bátana."

"Þar áttu kollgátuna, Sigríður mín! jeg er að hugsa um það, hvurnin við munum skemta okkur, ef guð lofar á sunnudaginn, sem kemur."

"Það held jeg verði líkt eins og núna, ef við lifum og verðum heilbrigðar."

"Þá skyldi rækallinn fara í minn stað til dansleikanna, ef maður skemti sjer ekki betur við þá, enn þegar maður meltist heima; nei, góða mín! þá kemur nú fyrst hátíðabragurinn á hjerna í Víkurgreyinu, þegar menn geta loksins komið sjer saman um, að hoppa úr sjer ólundina; og veistu það, á sunnudaginn, sem kemur, á að verða dansleikur; því hefur verið skotið að mjer, og þar að auki hefur mig dreymt fyrir því að við komum þar báðar, enn með hvurjum atburðum það verður, er enn óljóst fyrir mjer; því lítil likindi eru um mig, sem kann að dansa, enn minni um þig, auminginn, sem ekki kant annað, enn þetta, sem jeg hefi verið að kenna þjer."

"Vertu ekki að aumkva mig fyrir það, góða mín!" sagði Sigríður, "jeg get ekki sagt, að mig lángi svo mikið til þess, og allra síst til þess að dansa, því það yrði til hneixlis; jeg hefði að eins gaman af að horfa á."

"Já, þú getur farið, þó þú dansir ekki, þetta fer hún systir mín og dansar hún ekki; og á jeg ekki að skjóta því að honum kaupmanni Möller, að þig lángi hálfveigis til að fara?"

"Nei, góða mín! það ætla jeg að biðja þig fyrir alla muni að láta vera" sagði Sigríður, og skipti um leið litum.

"Það er þá rjettast að jeg gjöri það ekki, því ef honum þykir eins vænt um þig og hann segir, þá mun ekki þurfa að minna hann á það."

"Vertu nú ekki að fara með þessa heimsku allajafna, hvað ætli honum geti þótt vænt um mig, það er enginn orsök til þess."

"Það veit jeg, ekki önnur enn sú, sem er vön að vera, þegar pilti líst á stúlku, og ætlar sjer að eiga hana; eða ertu svo einföld, elskan mín! að þú sjáir ekki, hvað býr undir því, að hann er að biðja þig að fara til sín í vor? ekkert annað enn að hann sjer það fyrir, sem líklegast á fram að koma, að það dregur saman með ykkur, enn vill gefa þjer færi á að kynnast sjer fyrst; svona var um hana systir mína og manninn hennar, það byrjaði svo á millum þeirra, að hún fór fyrst til hans."

"Þó jeg fari til hans, sem ekki er víst enn þá, skaltu sanna það, að jeg verð ekki leingi hjá honum, því ef jeg gjöri það, þá er það einasta þessvegna, að hjónin hjerna hafa heldur mælst til þess að jeg væri þar rjett í sumar."

"Og síðan?"

"Fer jeg hingað aptur, eða eitthvað, jeg veit það nú ekki."

"Nei, þá verður alt komið í kring og þú orðin maddama Möller; mikil gæfa er það sem sumum mönnum fylgir, það er eins og lánið sæki eptir þeim, hvurnin sem þeir reyna til að flúa undan því; og ekki hefði það verið haldið, þegar þú komst hingað, að þú ættir að sækja hingað að verða kaupmanns maddama."

"Jeg held við verðum það líka líkt báðar" sagði Sigríður, enn það var auðsjeð að Guðrúnu líkaði ekki þetta svar, því hún fann að í því lá, að Sigríður vantreysti því, að hún gæti líka náð í kaupmann, og svaraði heldur þurlega:

"Það er þá ekki fyrir það, þó þeim þyki það sumum óliklegt núna, þá getur drottinn minn á einhvurn hátt sjeð fyrir mjer, þeir eru ekki allir farnir burtu hjeðan, sem nú eru hjerna í Víkinni."

Að svo mæltu feldu þær Guðrún talið; enn svo fór að spár Guðrúnar áttu sjer ekki lángan aldur, því daginn eptir, að þær stallsystur ræddust þetta við, kom Möller þar og bar það upp fyrir Sigríði, að hann hefði ásett sjer, að bjóða henni að fara með sjer, eður sem hann komst að orði, biðja hana gjöra sjer þá ánægju, að lofa sjer að hafa hana fyrir fylgistúlku á dansleiknum. Sigríður svaraði tilmælum hans hæversklega, enn bar það þó fyrir að hún væri harla fákunnandi í þesshättar efnum og óvön að koma á slíka gleðifundi; Möller sagði um það, að hinum fallegu stúlkunum fyrirgæfist mikið í því efni, þó þær bæri ekki æfinlega sem kunnáttulegast fótinn í dansinum. Nú þótt að Sigríði væri um og ó, að fara með Möller, þótti henni það rjettast, að neita ekki svo siðsömum tilmælum orsakalaust, og bar hún þetta mál undir maddömu Á., og sagði hún, að raunar hefðu þau hjónin verið búin að ásetja sjer, að láta hana fara með sjer til dansleiksins, enn þareð Möller hefði boðið henni, gæti og farið vel á því, að hún tæki því boði, og skyldi hún þó aungvu að síður vera þeim hjónum mest fylgisöm. Er þetta þvínæst afráðið, og leið nú svo fram eptir vikunni, að ekki er Guðrúnu boðið, enn aungvu að síður hafði hún mikinn starfa alla þá viku í því að laga og snotra föt sín og kjóla, og á hvurri nóttu dreymdi hana drauma nokkra, er allir hnigu að því, að þar mundi koma einhvur fríður og fagur yngismaður og leiða hana í dansinn.

Þetta rættist og á laugardaginn, og er þar kominn Kristján búðarmaður kaupmanns Möllers, enn því hafði hann ekki boðið henni fyrri, að nokkur ágreiningur hafði verið millum þeirra dansstjóranna, hvort Guðrún væri nógu göfug til þess, að geta komið á það mannamót, sem jafntignar konur væru

fyrir, sem á þessum mannfundi. Á sunnudaginn kemur Guðrún að máli við Sigríði og segir:

"Ekki veit jeg, hvað þú hugsar, Sigríður mín! að vera ekki farin að búa þig neitt undir með fötin, sem þú ætlar þjer að hafa í kvöld."

"Það er nú gott við íslenska búninginn minn" sagði Sigríður "að hann þarf ekki langs undirbúnings við; maður þarf ekki annars enn taka hann upp úr kistunni og fara í hann."

"Hugsar þú þjer að vera á íslenska búningnum í kvöld, góða mín!"

"Það er hvorttveggja að jeg á ekki önnur föt að vera í, enda vil jeg ekki vera öðruvísi búin."

"Með hvíta strókinn þinn á höfðinu, vænti jeg, er ekki svo?"

"Þú átt við faldinn minn? jeg á rjett að segja spánýjan fald, jeg held þú hafir ekki sjeð hann."

"Nei, og guð almáttugur forði mjer frá, að sjá hann nokkurntíma á höfðinu á þjer."

"Því þá? það var þó sagt fyrir austan, að mjer færi hann ekki sem vest."

"Fyrir austan! því get jeg trúað, enn hjerna, góða mín! verður það til hneixlis og aðhláturs, að hafa það á höfðinu; gjörðu mjer það ekki, elskan mín! til raunar og armæðu að hafa óhræsis íslenska búninginn í kvöld; það er annað mál, þó þú skjótist með hann í kirkjuna, þar er ekki tekið svo mikið eptir því, hvurnin maður er klædd, enn við dansleikinn, góða mín! verður maður þó að minsta kosti að vera ekki svo afkáralega klædd, að aðrir hlægi að manni og bendi á mann, undir eins og maður snýr að þeim bakinu."

"Jeg er nú ekki svo spjehrædd, Guðrún mín! enn hitt er það, jeg sje það á eptir, að jeg átti aldrei að lofa því að fara, því mjer verður svo, hvort sem er, ofaukið þar."

"Seigðu nú ekki að tarna, góða mín! jeg er sannfærð um

að þú skemtir þjer vel; enn gættu nú að, í því sem í sjálfu sjer er lítið í varið, eins og þetta, hvurnin maður er klædd, á maður að laga sig eptir því, sem öðrum er geðþekkast, og jeg efast ekki um, að honum kaupmanni Möller líkar það betur, ef þu ert á dönskum fötum, og líst þá betur á þig" sagði Guðrún og kinkaði kolli að Sigríði. Sigríður hljóðnaði við og segir:

"Þú veist það, að jeg gjöri mjer ekki svo mikið far um, að láta honum lítast á mig."

"Seinna koma sumir dagar og koma þó," sagði Guðrún, og áttu þær stallsystur nokkuð leingri ræðu um þetta efni, sagði Guðrún að það væri rjettast, að þær bæru þetta mál undir álit Möllers og heyra, hvað hann segði; ekki vildi Sigríður það, og fór svo að Sigríður ljet Guðrúnu ráða, og utvegaði Guðrún henni danskan búning hjá stúlku nokkuri þar í Víkinni, sem var veik, og gat því ekki farið. Um kvöldið komu þeir Möller og Kristján að sækja stúlkur sínar og fylgdust þau nú öll þar úr húsinu og geingu til skytnings, því þar skyldi dansleikurinn standa; enn ekki ætlum vjer að fylgja Sigríði leingra enn þar til dyranna, og tökum þar aptur til sögunnar, sem stjarnan var geingin nær miðaptansstað, enn nónstað, og ljósin í kjertahjálminum í danssalnum voru sum slokuð, sum nær dauða enn lífi, og gusu við og við blágráum loga upp úr kjertapípunum, enn enn þá lifði á nokkrum kjertisstubbum, sem innsigluðu með logandi feiti kjóla og treyjur yngismanna, er fram hjá geingu, svo að þeir gætu haft það til jarðteikna daginn eptir, að þeir hefðu "komið" í danssalinn, "sjeð og sigrað"; manntötrið, er feinginn hafði verið til þess, að snúa sveifinni á hljoðfærinu, sem dansinn var stiginn eptir, var geinginn úr salnum, lúinn og laraður í hendinni, og dansinn var hættur. Þegar dansinum var hætt, tóku menn að ganga heim. Þeir fylgdust allir kaupmaður Möller, kaupmaður Á. og Kristján og leiddi hvor sína stúlku. Veðri var svo varið að túngl var í

fyllingu og himininn heiðríkur og norðurljós sem mest má verða; snjór var nokkur á jörðu og gángfæri gott, frost lítið, enn logn og blíða.

Þegar þau komu út, tekur kaupmaður Á. svo til orða við þá Möller og Kristján:

"Jeg veit ekki hvað ykkur líst, enn hitt veit jeg, hvað mjer þætti best; mig lángar til að rjetta mig ögn upp, áður enn við förum heim; veðrið er svo blessað og blítt, að jeg held það væri rjettast að gánga sjer dálítinn kipp, til að mynda hjerna suður með tjörninni; það er heldur ekki illa til fallið að fylgja skólapiltunum á veg, sem verið hafa gestir okkar í kvöld og nú eru að fara á stað, heyrið þið til, þarna byrja þeir að sýngja, það er svo sjaldan að menn heyra hjer falleg hljóð og vel súngið, og látum okkur gánga í humóttina eptir þeim." Allir fjellust á það, sem Kaupmaður sagði, og geingu suður með tjörn, enn skólapiltar sneru út á miðja tjörnina og fóru eptir ísnum skemstu leið og súngu siðsamlega og fagurt ymsar vísur, er þeir kunnu, og var þetta eitt af því sem þeir fóru með:

Ó, fögur er vor fósturjörð
um fríða sumardaga,
er laufin grænu litka börð,
og leikur hjörð í haga,
enn dalur lyptir blárri brún
mót blíðum sólar loga,
og glitrar flötur, glóir tún,
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er
með ísi þakta tinda,
um heiðrík kvöld að höfði sjer
nær hnýtir gullna linda,

og logagneistum stjörnur strá
um strindi hulið svellum,
enn hoppa álfar hjarni á,
svo heyrist dun í fellum.

Þú, fósturjörðin frið og kær!
sem feðra hlúar beinum,
og lifið úngu frjóvi fær
hjá fornum bautasteinum,
ó, blessuð vertu fagra fold!
og fjöldin þinna barna
á meðan gróa grös í mold,
og glóir nokkur stjarna.

Þessar vísur súngu þeir piltar tvisvar eða þrisvar sinnum, og var það auðsjeð að þeir einkum völdu þær fremur enn aðrar vísur, er skólapiltar voru vanir að sýngja, að þeim þótti þær helst lýsa tilfinníngu sinni það skipti, enn ekki fyrir því, að þær sjeu eins vel gjörðar og flest annað, er kveðið hefur verið um fósturjörð vora. Á meðan þeir súngu, geingu þau Möller öll hægt fram með tjörninni og hlustuðu þeigjandi á, enn piltar stefndu, sem áður seigir, suður eptir miðri tjörn, og smásaman miðaði þeim svo á fram og fjarlægðust, að loksins heyrðu þau ekki annað enn eyminn í loptinu af saungnum, og um síðir dó hann og með öllu. Snúa þau þá öll saman aptur á leið til bæjarins og geingu þannin, að kaupmaður Á. og kona hans fóru kippkorn á undan, þar á eptir geingu þau Kristján og og Guðrún, og Möller og Sigríður leingst á eptir, og góðan spöl eptir þeim Kristjáni og Guðrúnu. Á meðan þau fylgdust öll og hlustuðu á saunginn, töluðu þau Möller og Sigríður lítið saman; enn er þau nú sneru heim til bæjarins, tekur Möller þannig til orða ofurlega blíður:

"Það er mjer sönn ánægja og gleði að jeg þykist sjá það

á yður, besta Sigríður! að þjer hafið skemt yður vel í kvöld, og ræð jeg það af útliti yðar, því þjer eruð eins hýr eins og rós á vordeigi." Það sem Möller sagði, voru heldur aungvar ýkjur. Sigríður hafði um kvöldið skemt sjer við dansleikinn betur enn hún nokkurntíma áður hafði getað ímyndað sjer; hún var óvön þesskonar gleði og glaumi; enn öll sú gleði og glaumur, er maður er óvanur, hrífur hvurn mest. Möller hafði við hvurt atvik leitast við að sýna, hvursu ant honum væri um hana, svo að Sigríður gat ekki fundið annað enn vild og vináttu í hvurju tilviki hans. Hún hafði um kvöldið ásamt öðrum konum notið dálítils af víni, sem jafnan hefur þau áhrif, að tilfinningar manna verða þar af örari. Þegar hún kom út frá dansleiknum, var blíða og fegurð veðursins á þann hátt, að ekki gat hjá því farið, að það yrði að fylla hvurja viðkvæma sál með undrun. Af þessu kom það, að Sigríður í þetta skipti var eins og í einhvurjum gleðidvala eða ef vjer mættum svo að orði kveða, það var eins og sál hennar hefði sökt sjer niður í eitthvað óskiljanlegt djúp ununar og gleði. Þegar Möller ávarpaði hana þessum orðum, sem vjer fyrir skömmu gátum um, svaraði hún:

"Hvurjum á jeg að þakka nema yður, herra Möller! fyrir þá ánægjustund, sem jeg hefi lifað í kvöld, mjer finst á þessari stundu sem jeg sje búin að gleyma öllu, sem mjer hefur verið mótdrægt hingað til."

"Þjer getið því ekki nærri, hvursu mikil gleði mjer er að heyra það, að jeg hefi getað einusinni verið yður að geði, enn leingi ætlið þjer að neita mjer um þessa einu bón, sem jeg hefi beðið yður, eða haldið þjer að þjer munuð hafa nokkra ógæfu af því að fara til mín?"

"Ónei, jeg vona til að þjer viljið mjer vel, og mjer finst að jeg nú geti ekki annað enn orðið við þeim tilmælum yðar, fyrst yður þykir nokkru um það varða. Í því bili að Sigríður sagði þetta, bar svo við að kaupmaður Á og kona hans, er geingu

spölkorn á undan, sveigðu fyrir húsgafl einn, svo að dálítið bar af millum þeirra og Möllers og Sigríðar, er þau geingu fram með húshliðinni; túnglið skein í heiði, enn hefði það þá getað mælt, mundi það líkast til hafa sagt: einn, tveir, þrír og sá seinasti ögn leingri enn sá fyrsti, og ekki kalla jeg það að kyssast börn, einhvurntíma hefi jeg nú sjeð annað eins. Enn er þau Möller voru geingin fram með húshliðinni, stóðst það á að kaupmaður Á var kominn að dyrunum á húsinu sínu og staldraði þar við, þar til þeir Kristján og Möller voru komnir, þar skildu þeir Möller og Kristján við þær. Sigríður var orðin örþreytt og úrvinda af svefni og fjell undir eins í svefn, þegar hún var komin í rúmið og svaf fast og draumlaust alla nóttina og fram á bjartan dag, fór síðan á fætur, enn var mjög svo óglöð um daginn; enn Guðrún ljek als oddi og talaði valla svo eitt orð, að það liti ekki eitthvað að því, er gjörst hafði á dansleiknum og hvursu vel hún hefði skemt sjer þar, og ekki gat hún ímyndað sjer neina aðra orsök til ógleði Sigríðar enn þá, að hún mundi hafa feingið höfuðverk af dansi og missvefni, enn það var þó í rauninni ekki tilefnið, heldur hitt, að Sigríður sá það eptir á, að hún hafði verið helst til fljót á sjer um það, er hún þegar hafði heitið Möller og um leið sýnt honum þau atlot, er hún ekki mundi hafa gjört, ef hún hefði gætt sín. Sigríður tók mikið mark á draumum, enn síðan hún kom til Reykjavíkur, hafði hana sjaldan dreymt neitt, er hún þættist geta tekið mark á, enn undarlega virtist henni nú bregða við eptir dansleikinn, er hún aptur fór að hafa drauma á hvurri nóttu, þó voru það einkum tveir draumar, er hana dreymdi um þetta leiti, sem henni þótti mest í varið; sá var annar draumur hennar, að henni þótti að Björg systir sín koma til sín, og þótti henni hún vera fremur dauf og döpur í bragði og tala heldur stygglega við sig og segja: "Nú ætla jeg að fara norður aptur, Sigríður mín! og fáðu mjer aptur silfurbeltið, sem jeg gaf þjer, þú hefur hvort sem er ekki að gjöra með það, það á

ekki við danska búninginn" Þessi draumur var ekki leingri, enn svo mikillar ógleði aflaði hann Sigríði, að hún gat ekki tára bundist, þegar hún hugsaði um það, hvursu raunalega systir sín hefði litið út, og þýddi hún svo þenna draum, að henni mundi hafa mislíkað það við sig, ef hún hefði lifað, er hún hefði látið það að orðum Guðrúnar, að taka upp annan búning. Sá var hinn annar draumur, er Sigríði dreymdi, að hún þóttist einusinni vera komin austur og vera stödd fram á Fagradal og í sömu brekkunni, sem hún var optast í, þegar hún var lítil og sat þar hjá fjenu; henni þótti veðrið vera fagurt og hún sæi yfir allan dalinn, hún þekti hvurt örnefni, og hvurt gil og hlíðargeiri blasti á móti henni, enn sólin skein í heiði; þá varð henni litið þar í brekkuna og þóttist hún koma auga á dálitin topp af blágresi, sem hún mundi eptir að henni hafði opt þótt gaman að horfa á á mornana, þegar sólin skein sem glaðast og þau glóðu af dögginni. Enn alt í einu þótti henni að hún sæi draga upp skýhnoðra einn norðan til í dalnum og úr honum koma bilur mikill og þaut yfir brekkuna, og virtist henni sem hún sæi þegar vindurinn fór yfir blágresið svo það fölnaði og í sama bili heyrði hún sagt: "ef jeg fer hjer um aptur, þá skulu þessi dalablóm deyja til fulls." Ekki vissi Sigríður að ráða þenna draum, enn svo mikils ángurs hafði hann aflað henni í svefninum, að ekki gat hún gleymt honum eða látið vera að hugsa um hann, og hvurt skipti, sem hún íhugaði hann, rifjaðist upp fyrir henni endurminning umliðins tíma og æskuáranna, og fanst henni þá sem aldrei hefði hugar sinn verið eins fastur við það, er hún unni mest og hafði yndi af á meðan hún var ýngri, og óskaði sjer að vera komin aptur austur; einnig virtist henni svo, sem hún sæi fram á það, að ekki mundi hún lifa ánægjusömu lífi, þó svo færi að saman drægi með þeim Möller. Út úr þessu var hún mjög svo hugsjúk; enn aptur á hinn bóginn, þegar Möller talaði við hana og sýndi henni hýrlegt viðmót, gat hún ekki feingið af sjer að seigja

honum það, sem henni í brjósti bjó, að hún iðraðist eptir að hún hefði gefið honum nokkurn ádrátt; það var eins fyrir henni og mörgum, er komnir eru á villigötuna, að þeir ganga hana, þó þeir vilji það ekki, og við hvurt fótmál sjái að hún færir þá nær og nær ofærunni, enn nú hættum vjer hjer að seigja frá Sigríði um stund.

Þess er getið hjer að framan, að Indriði hafðist við framan af vetrinum suður í Garðahverfi, og nefndist Þorleifur. Kaupmaður L. átti þá verslun í Hafnarfirði; hann var danskur maður, og þótti afbragð flestra útlendra manna, er hjerlendir voru um þær mundir, fyrir sakir hreinskilnis og velvildar við landsmenn. Hann var maður roskinn og átti heimili í Kaupmannahöfn, enn kom hingað á hvurju sumri til að sjá eptir, hvurnin verslunin færi fram. Þetta sama haust var hann sjúkur, er skip sigldu og treystist ekki að fara tvíveigis, enn batnaði aptur skömmu eptir að skip voru farin. Einhvurntíma um veturinn bar svo við, að hann sneri skegg af lykli þeim, er gekk að svefnherbergi hans, enn með því fátt var um góða smiði í *Firðinum, gat einhvur þess, að þar í Garðahverfinu væri* maður norðlenskur, sem væri besti smiður. Ljet þá kaupmaður sækja Þorleif, og stakk hann upp skránna og gjörði síðan nýjan lykil að. Kaupmaður leit á lykilinn, og þóttist ekki hjer á landi hafa sjeð fagurlegar geingið frá nokkurri smíð. Þetta varð upphaf kunníngskapar þeirra kaupmanns og Þorleifs, og fann kaupmaður skjótt, að hann var ei að eins mesti þjóðhagi, heldur og að hann var vel að sjer um marga hluti, og maður hinn vitrasti. Bað nú kaupmaður hann að ráðast til sín og vera hjá sjer við smíðar það eptir var vetrarins, og var Þorleifur þess fús. Ekki leið á löngu áður kaupmaður lagði vináttu við Þorleif og ljet hann matast með sjer sjálfum og hafði skemtun af viðræðum hans. Það þóttist kaupmaður finna, að Þorleifur byggi yfir nokkrum þúngum harmi, er hann færi leynt með, þótt hann væri glaður og viðfeldinn við þá, sem yrtu á

hann. Þorleifur var um veturinn nokkra hríð að gjöra við skipsbát fyrir kaupmann, og stóð báturinn inni í timburhúsi einu, og fór hann jafnan fyrri til smíða, enn nokkur annar maður væri kominn á fætur þar í kaupstaðnum. Kaupmaður kom opt til Þorleifs á daginn og ræddi við hann, enn eptir einu tók hann, er honum virtist mjög svo kátlegt, að svo snemma sem Þorleifur fór til smiðanna, voru þó morgunverk hans harla lítil í samanburði við það, sem hann afkastaði á jafnlaungum tíma á daginn. Fór hann þá betur að taka eptir þessu og gætti að smíðinni á kvöldin og leit síðan á, á mornana, er hann kom á fætur; sá hann þá stundum að litlu sem aungvu var viðbætt, þó Þorleifur hefði farið fyrir allar aldir til smíðahúss. Hann ásetti sjer að verða þess vísari, hvurju það sætti, og einn morgun lætur hann í kyrþey vekja sig, áður enn Þorleifur er upp staðinn, og geingur til smíðahúss. Húsið var þiljað sundur í miðju; í öðrum endanum var Þorleifur að bátsmíðinni, enn hinn endinn var hafður fyrir varníngsbúr; og þángað fór kaupmaður og settist við rifu eina, sem á var þilinu. Þorleifur kom skjótt með ljós, eins og hann var vanur, enn ekki tekur hann til smíðanna, enn sest þar á trje eitt, styður hönd undir kinn og starir fram fyrir sig um hríð, enn síðan tekur hann úr vasa sínum brjef nokkurt og les, og virðist kaupmanni sem Þorleifur æ byrji að lesa það, er hann hefur endað það, og sýnist honum hann við og við þerra tár nokkur af augum sjer, fer svo lánga hríð uns kaupmaður heyrir mannamál fyrir utan húsið, þá stekkur Þorleifur upp og grípur til smíðanna. Eptir þetta þóttist kaupmaður hins sanna vís um lundarfar Þorleifs, geingur burt og fæst ei um við fleiri menn; enn einhvurju sinni, er þeir Þorleifur voru tveir saman í stofu, tekur kaupmaður svo til orða og segir:

"Það er þó satt, sem mælt er um yður Íslendínga, að þjer eruð menn dulir og ekki allir þar sem þjer eruð sjeðir, og segi jeg þetta ekki til ámælis."

"Svo þyki mjer" sagði Þorleifur, "sem þetta sje meira sannmæli um hina fornu Íslendínga enn samtíða vora, mjer virðist nú flestir menn vera svo, að þeir beri utan á sjer það sem þeir eru; enn hinir gömlu Íslendíngar báru kjarnann innaní sjer, og því varð tíðum að brjóta hnotina til kjarnans, nú þyki mjer rjettast að láta hana vera óbrotna, eður því mælið þjer þetta, kaupmaður góður?"

"Mjer datt það svona í hug af því jeg þóttist nýlega hafa komist að raun um, að dómar manna um suma menn eru mjög svo fjærri rjettu."

"Ekki veit jeg það" sagði Þorleifur, "hvurt þeir eru svo opt skakkir, þeir styðjast við það, sem jeg sagði áðan, að flestir bera kostina utan á sjer, og að annað er ei inni fyrir enn að utan má sjá; er það þá ekki rjett að dæma þá eptir því sem sjest? af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá."

"Ekki er jeg svo fróður í ritníngunni, að jeg viti með vissu, hvort þessi grein er venjulega rjett skilin; hitt veit jeg að til er og önnur grein, sem svo er: guð er sá, sem hjörtun og nýrun ransakar; og ekki tek jeg það aptur, sem jeg sagði um það, að opt væru dómar manna fjærri sönnu, og má vera að það sje optast aðalgallinn á þeim, að þeir eru skorðaðir við hið ytra; jeg þekki til að mynda einn mann, sem eptir hinu ytra að dæma er glaður og ánægður, og það hygg jeg flesta mæla, að ekki sje lífið honum þungbært, og þó er jeg sannfærður um, að þessi hinn sami maður hefur einhvurn þann harm í brjósti að bera, sem ekki liggur svo ljett á honum, sem mönnum virðist."

Þorleifur þagnaði dálítið við, enn svaraði síðan glaðlega:

"Það verður þá að koma af því, að í honum er einhvur kjarni, sem þeir sjá ekki, er að eins glápa á hið ytra."

"Enn þá kemur aptur að því, sem jeg sagði áðan, að ekki eru allir þar sem þeir eru sjeðir, enn nú hefi jeg talað svo bert við yður, að ekki getur hjá því farið, að yður gruni við

hvurn jeg á, jeg veit að þjer búið yfir einhvurjum duldum harmi, og mætti jeg telja mig meðal vina yðar, mundi jeg biðja yður að segja mjer, hvurt tilefni er til harma yðar, og þess mundi jeg helst til geta, að það væri annaðhvort sorg eptir góðan vin eða sprottið af ástum." Þorleifur þagði þá aptur nokkra hríð og leit í gaupnir sjer, enn tekur síðan svo til máls:

"Alt er vini sínum vel segjandi, og að vísu þykist jeg hafa þess raun, að þjer sjeuð minn vinur og eingínn flysjúngi, og fyrir því ætla jeg að segja yður það, er eg hefi flesta aðra um dulda og er þar þá fyrst til máls að taka, að nafn mitt er Indriði, enn Þorleif hefi jeg kallað mig hjer syðra fyrir því, að jeg hefi viljað dyljast; faðir minn heitir Jón og býr á Indriðahóli fyrir austan, og er ætt mín öll þar eystra. Sönn er gáta yðar um það, að ógleði sú, er mjer er nú orðin næsta hjartgróin, er af ástum sprottin, enn stúlka sú, er jeg harma, var dóttir nágranna föður míns og heitir Sigríður, og leika eingin tvímæli á um það, að hún er flestum konum fremri að fegurð og vîturleika. Sá varð fyrstur kunníngskapur okkar, að við áttum bæði að gæta fjár á eyðidal nokkrum og eins og orðtækið segir maður er manns gaman, höfðum við yndi hvort af öðru, enn þá vorum við börn að aldri. Forlögin skildu okkur um stund og sáustum við ekki fyrr aptur, enn við vorum orðin fullvaxin, þá var sá ylur, er jeg bar í brjósti mínu til Sigríðar snúinn í hreina ást, og hið sama þóttist jeg sjá að henni mundi innan brjósts, ef augum kvenna er að trúa. Að svo búnu beiddi móðir mín Sigríðar mjer til handa, enn móðir hennar synjaði að þau ráð mættu takast; leikur mjer þó grunur á, að ekki hafi hún sjálf verið að spurð. Litlu síðar fastnaði móðir hennar hana manni þar í sveitinni, enn Sigríður sleit því heiti áður brúðkaup færi fram, enn um þær mundir var jeg í Norðurlandi, enn Sigríður rjeðist hingað til Reykjavíkur og er nú heitin manni þar í Vikinni. Þannig er von mín með öllu

horfin, var hún og á veikum grundvelli gjör, þar sem var staðfesti einnar konu; hefur það og leingi mælt verið, að henni sje varlega trúandi; virðist mjer sá maður, er henni treystir, fari eins sönnu fjærri og sá, sem er alinn upp í fjalldölum, og í fyrsta sinni kæmi að sjávar sandi í fögru veðri, logni og ládeyðu og horfði út á hinn víða sæ og segði í huga sínum: þessi sjór er sljettur, sem fagur völlur og bærist ekki, aldrei getur hann skipi grandað. Nú þótt að þessi hugarburður æsku minnar og von sje að öllu horfinn, er hann þó nægur til þess að valda mjer ógleði, því ástinni er öðruvísi varið, enn þeim hlutum, sem eyðast í eldi og verða að reyk, að þeir fljúga í ósjáanlegum ögnum út í hið víða lopt og hverfa með reyknum, enn ástin, sem brennur út, getur aldrei horfið að öllu eða þirlast burt útí ósýni tíðarinnar, því að reykur hennar verður eptir í minningu þess, sem einusinni var."

Kaupmaður hlýddi með athygli sögu Indriða, enn er hann þagnaði, tekur hann svo til orða:

"Nú hafið þjer gjört vel, er þjer hafið sagt mjer af hið sanna um hagi yðar og sýnt mjer í því mikið vináttumark, og kann jeg yður þökk fyrir það, má og vera að nú berið þjer ljettara harma yðar eptir enn áður, er þjer hafið við nokkurn um rætt, því dulinn harm hygg jeg hvurjum þýngstan. Ekki mun jeg þykjast þurfa að spyrja yður um það, hvur sú Sigríður sje, er þjer hafið um getið, því aungva hygg jeg vera aðra, enn þá, sem fór til kaupmanns Á. í vor eð var; enn hitt er mjer forvitni á að vita, hvurjum hún er heitin þar í Víkinni."

"Hann heitir Möller" sagði Indriði "og er kaupmaður í Reykjavík."

"Kaupmaður Möller!" sagði L. og brosti við.

"Já, það er víst að hann heitir Möller, og jeg hefi ekki að eins ástæðu, heldur vissu fyrir, að það er satt sem jeg segi, að hún ætlar að eiga hann."

"Þá eru þar fleiri kaupmenn, enn jeg þekki, með því nafni, eða getið þjer sagt mjer, hvar hann á heima?"

"Það er svo eitt hús í Reykjavík, að jeg þekki glögt og kann að lýsa: það eru þrjú hús á millum þess og hússins, sem hann kaupmaður B. er í, og í þeim endanum, sem snýr að læknum, er sölubúðin og er geingið í hana frá húsendanum; aðrar dyr ganga frá strætinu inn í mitt húsið, og listarnir á gluggunum, sem snúa til strætisins, eru grænir."

"Þá er það sami maðurinn, sem við eigum báðir við, enn þá þykir mjer líkast til, Þorleifur minn! æ, mjer er orðið svo tamt að kalla yður Þorleif, Indriði minn! ætlaði jeg að segja, að þetta fari eitthvað milli mála, eða hvur er sú vissa, sem þjer þykist hafa um þetta?" Indriði sagði honum þá frá hið sanna, fyrst, hvurs hann hefði orðið áheyrandi, er hann var nóttina hjá L. í Reykjavík, þá að hann sá Möller á gángi með henni upp hjá Skólavörðunni, og að honum sýndist hann þá láta svo að henni, sem þau væru gagnkunnug; og loksins tók hann upp brjefið Sigríðar og sýndi kaupmanni og las hann það, enn sagði síðan:

"Að vísu er það satt, að svo lítur út, sem Sigríður sje riðin við einhvurn mann þar í Víkinni, enn ekki er Möller nefndur, og get jeg ekki sjeð af því, að sá maður, sem hún ætlar að eiga, sje Möller fremur enn einhvur annar, enda getur það ekki verið." Indriði sagði þá enn til stuðnings ætlun sinni um þetta mál, að hann um veturinn hefði á laun látið kunningja sinn, er hann ætti þar syðra og Sigurður hjeti, halda spurnum um hagi Sigríðar, og hefði hann þá fyrir skömmu flutt honum þær frjettir, að það væri af ráðið, að Sigríður færi til Möllers um vorið, og væri það talað, að það væri í því skyni, að hann ætlaði að eiga hana.

"Allar ástæður yðar," sagði kaupmaður, "í þessu máli, sannfæra mig ekki að heldur, því jeg veit, að það væri óhæfa

að hugsa það; Möller er maður kvongaður, þó fáir viti það hjer í landi, og þegar jeg vissi seinast til í sumar, var konan hans á lífi." Indriða brá svo við þessar frjettir, að hann setti dreyrrauðan og þagði um stund, enn sagði síðan:

"Nú sje jeg, hvurnin í öllu liggur, Sigríður er einlæg og hreinskilin, og hjarta hennar er svo laust við hrekki, að hún getur ekki imyndað sjer þá hjá öðrum, og því er hægt að leggja snörur fyrir hana; enn ekki læt jeg þá skömm eptir mig liggja, að vara hana ekki við svikunum, þar sem jeg er þess hins sanna vís orðinn. Að svo mæltu stóð Indriði upp og gekk skjótlega fram eptir gólfinu og tók að hneppa að sjer treyjunni, eins og hann ætlaði þegar að snarast út; kaupmaður L. stóð þá upp og gekk í veginn fyrir hann og mælti með mikilli stillingu:

"Flas er ekki til fagnaðar, Indriði minn! eða hvað ætlið þjer fyrir yður? ekki er til neins að hlaupa svona út í vitleysuna; ekkert vandamál fer vel úr hendi, ef ekki eru viturleg ráð við höfð, enda virðist mjer ekki nauðsyn til bera, að hrapa svo að þessu, að þjer meigið ekki bíða til morguns, þá á jeg ferð inn í Reykjavík, og þætti mjer ráð, að þjer færuð með mjer og sæuð svo, hvurnin skipaðist, og sje það annað enn munnmæli um Sigríði og Möller og einhvur brögð eru í tafli af hans hálfu, mun það eigi örðugt að kippa því í liðinn aptur." Við þessar umræður sefaðist Indriði, og er það því næst af ráðið, að Indriði skuli fara með kaupmanni daginn eptir til Reykjavíkur. Þennan dag átti kaupmaður að sækja boð nokkurt hjá kaupmanni einum þar í Víkinni, er B. hjet; það var afmælisdagur hans. Segir nú ekki af ferðum þeirra kaupmanns og Indriða, fyrr enn þeir komu til Reykjavíkur; það var nær miðjum degi, stje kaupmaður af hesti sínum í koti einu fyrir norðan bæinn, og ljet geyma hann þar, enn biður Indriða að hafast þar við öðru hvurju, þar til að hann geri honum nokkra vísbendingu. Til kaupmanns B. kom L. kaupmaður um það

leiti, sem menn átu dagverð, og var þar fyrir mart manna þar úr Víkinni og svo úr Hafnarfirði; ekki var kaupmaður Möller þar meðal annara gesta, og hafði hann skorast undan að koma, og beðið kaupmann B. eigi virða það svo, sem honum væri það til óvirðingar gjört. Þar var veisla góð um daginn og voru þau þar bæði hjón, kaupmaður A. og kona hans. Húsakynni voru fremur lítil hjá B., og þótti honum því betra að bjóða gestum sínum til skytníngs, þegar staðið var undan borðum, og drykkjan skyldi byrja um kvöldið, enn þær urðu þar eptir konurnar hjá maddömu B. Þetta sama kvöld sátu þær stallsystur, Sigríður og Guðrún, heima, og líður fram undir rökkrið og her ekkert öðru nýrra til tíðinda, annað enn það, að á Guðrúnu sóttu venju fremur geispar og leiðindi, og tekur þá Sigríður svo til orða:

"Það væri sagt, Guðrún mín! ef þú værir núna á einhvurjum bæ upp í sveit, að það mundi koma hjer einhvur ókunnugur og sækti að þjer."

"Jeg vildi satt væri, Sigríður mín!" sagði Guðrún, "að hjer kæmi einhvur að rabba við okkur, okkur til skemtunar í kvöld í leiðindunum; alt eins á hún nú systir mín skemtilegt, að vera boðin þar hjá honum kaupmanni B., eins og við að meltast hjerna heima, og því segi jeg það, ekki veit jeg hvað maður getur óskað sjer betra, enn að vera kaupmannskona og vera alstaðar boðin og velkomin í hvurju samkvæmi og lifa við glaum og gleði, og þurfa ekki að taka hendinni til neins, nema þess, sem manni má best líka, og ekki trúi jeg öðru, enn að jeg mundi minnast einhvurntíma á mína fyrri æfi, ef það ætti fyrir mjer að liggja, að komast í einhvurja skárri stöðu, enn þá, sem jeg er núna í," sagði Guðrún og teygði sig upp í sætinu, eins og hún fyndi það á sjer, að maddömublóðið væri þegar farið að renna í æðunum á sjer.

"Ójá, Guðrún mín!" sagði Sigríður, "maður veit opt, hvurju

maður sleppir, enn ekki, hvað maður hreppir, — enn þey! þey! þarna trúi jeg sje barið; hann lætur ekki leingi bíða sín, sá sem að þjer sækir." Það var kaupmaður Möller, sem þar var kominn, og heilsar hann þeim blíðlega, enn Guðrún verður fyrri til máls og segir:

"Nú, hvurnin stendur á, að þjer sneiðið yður hjá að taka þátt í gleðinni og glaumnum í kvöld?"

"Og jeg veit það ekki," sagði Möller, "mjer fanst að jeg hefði aungva laungun til þess í kvöld, jeg hjelt að mjer mundi leiðast þar og því var jeg heima, enn nú hefur það komið fram á mjer, sem jeg ætlaði að varast, mjer tók að leiðast og því kom jeg hingað."

"Og hjer voru sumir," sagði Guðrún, og leit brosandi til Sigríðar, "að óska þess, að þjer væruð komnir, og alt saman fer nú eptir óskum." Sigríður þagði og roðnaði við, því hún vissi, hvað Guðrún átti við; enn kaupmaður sneri málinu til Sigríðar og segir:

"Enn einkum var það þó yður, bústýruefnið mitt! sem jeg þurfti að tala við í kvöld, jeg þarf að ráðgast um hitt og þetta við yður, áður enn að við flytjum saman; það er nú til að mynda eitt, húsakynnunum þarf að umbreyta, mig vantar bæði búrið og eldhúsið fyrir yður; smiðirnir koma til mín á morgun, og því þætti mjer best að heyra, hvað þjer leggið til um það, hvurnin við eigum að haga því öllu saman; ætla þjer vilduð ekki gjöra svo vel, og bregða yður yfir um snöggvast núna?"

"Jeg hefi lítið vit á því, kaupmaður góður!" sagði Sigríður, "og í kvöld er það orðið ofseint."

"Það er nú satt, jómfrú góð! enn skoði þjer til, jeg vildi heyra hvað yður litist, áður enn farið er að hreifa við nokkru, og nú flanaði jeg til að segja þeim að koma undir eins á morgun, og því væri það, ef þjer hefðuð tíma og tækifæri í kvöld."

"Enn þjer viljið nú líklegast ekki hafa mig með, herra

Möller! að leggja á ráðin með ykkur," sagði Guðrún og kinkaði kolli framan í kaupmann.

"Já, það er því betra sem fleiri eru, og jeg hefi líka mikla trú á, að þjer munduð geta einhvur góð ráð; og látum okkur þá halda á stað, eða má jeg ekki vænta þess, að þjer veitið mjer þá ánægju?"

"Það sýnist mjer," sagði Guðrún og hvíslaði um leið að Sigríði: "æ, hvað á nú þessi teptruskapur leingur að þýða, að láta hann vera alla jafna að gánga eptir sjer um svo lítið." Er það nú skjótt að segja, að þær stallsystur geingu á stað með Möller.

Hús það, sem Möller átti heima í, var ekki mjög stórt, enn allsnoturt, að því sem gjöra var í Reykjavík. Því var skipt í tvo hluti; í öðrum endanum var sölubúðin, það var allur nyrðri helmíngur hússins. Á nyrðri hússhliðinni voru dyr og anddyri inn af, næstum því svo lángt, sem húsið var breitt til. Til hægri handar úr anddyrinu var geingið til gestastofu Möllers; stofan var ekki breiðari, enn svaraði hálfri breidd hússins, enn svo laung, sem vestari hussendinn var til. Aðrar dyr lágu úr anddyrinu, samsíðis við stofudyrnar; þessar dyr voru að skrifstofu Möllers. Innar af skrifstofunni var aptur herbergi það, sem Möller svaf í, og mátti úr því bæði gánga í skrifstofuna og fram í gestastofuna, og sneru gluggarnir á því og skrifstofunni út að dálitlum kálgarði, er lá baka til við húsið, og skildur frá strætinu að austanverðu með rimagarði. Yfir þessum enda hússins var og lopt og nokkur herbergi í, enn ekki voru þau notuð til annars, enn að Kristján, búðarmaður Möllers, svaf í einu þeirra, og piltur einn, sem Möller hafði sjer við hönd til smávika; og ekki voru þar fleiri í húsinu, enn þeir þrír, því Möller fjekk að mat og alla þjónustu. Möller leiddi þær stallsystur inn í stofuna og stóð þar ljós á borði.

"Hjerna sjáið þjer nú hýbýlin, jómfrú góð! jeg vildi óska þess, að yður litist vel á yður; sjáið þjer, þetta er gestastofan;

hjerna innar af er herbergi, sem jeg hefi haft til að sofa í, enn nú hefi jeg hugsað mjer það svona: hjerna á hliðinni, sem snýr út til kálgarðsins, læt jeg gjöra dyr og setja þar fram af dálitið trjebyrgi, og læt svo gjöra eldhús þar sem skrifstofan nú er, enn hjerna, sem svefnherbergið mitt er, verður að vera búrið yðar; hvurnin líst yður á þessa raðagjörð?"

"Jeg hef lítið vit á því," sagði Sigríður, "þjer ráðið því öllu og sjáið, hvað haganlegast er, betur enn jeg get sjeð; enn jeg get ekki sjeð annað, enn þetta geti farið vel."

"Það er mest undir því komið, hvurnin yður þykir best fara, því þegar þjer eruð sestar hjerna að hjá mjer, eiga allir hlutir að lúta yður og vera eptir yðar vilja, rjett eins og þjer væruð húsfreyjan í húsinu. Hjer er að sönnu alt viðhafnarlítið, enn ef til vill eins viðkunnanlegt, eins og í baðstofunum í sveitinni; hjerna á vegginn hefi jeg hugsað mjer að heingja speigil, sem jeg á, því í þessum, sem þarna er rjett fyrir ofan legubekkinn, getið þjer ekki sjeð yður, þegar þjer vaknið með rósunum á mornana."

"Nei, þess ætla jeg að biðja yður, herra Möller! að hafa ekki fyrir því, að fjölga speiglunum fyrir mínar sakir," sagði Sigríður hálfhlægjandi, "eða hvað ætlið þjer þá að gjöra af myndaspjöldunum, sem þar hánga núna?"

"Þau meiga, held jeg, missa sig, þetta er myndin af honum Napóleon, mjer er farið að leiðast að horfa leingur þarna á hana, og þetta er myndin konunnar minnar." Þegar Sigríður heyrði þessi orð, varð henni eins við, eins og hún hefði verið rekin í gegn og roðnaði út undir eyru, enn svaraði aungvu. Það fór eins fyrir Möller þessu skipti, eins og mönnum verður opt, að þeir tala stundum það í athugaleysi, sem þeir mundu hvað helst láta ótalað, ef þeir hefðu gáð að kríngumstæðunum, og á þann hátt kemur mart upp, sem fæsta mundi gruna. Enn af því að Möller gáði ekki að, hvað hann sagði, varð hann þess heldur ekki var, að honum hafði orðið mismælt, eður rjettara

sagt, að hann hafði sagt það, sem hann ætlaði ekki að segja; það var því eins og hann vissi ekki, hvaðan á sig stóð veðrið, er hann leit framan í Sigríði og sá, að hún alt í einu varð blóðrauð í framan. Guðrún hafði tekið eptir, hvað fleipraðist fram úr Möller og segir:

"Jeg þykist skilja, að þjer hafið ekki tekið eptir því, sem þjer sögðuð, herra Möller!"

"Hvað sagði jeg?"

"Þjer sögðuð, að þetta væri andlitsmyndin konunnar yðar."

"Á, sagði jeg það? ha! ha! mjer hefur þá heldur enn ekki orðið háskalega mismæli, jeg ætlaði að segja, að þetta væri einkvur gömul kellingarmynd, enn það vill til, að það er ekki hætt við að nokkur mundi trúa því, að þessi skepna væri konan mín; og látum okkur ekki tala meira um það, stúlkur! enn list ykkur ekki, að við drekkum okkur nokkur staup af víni, áður enn þið farið heim aptur, og röbbum dálítið saman, og setjustum hjerna inn í svefnherbergið mitt, því ef ljósið sjest hjerna í glugganum út til strætisins, er ekki að búast við öðru, enn að þeir streymi hjer inn, undir eins og þeir koma frá skytningnum, og við fáum aungva ró að tala og skemta okkur; enn nú læsum við stofunni, og hjerna er lykillinn, jómfrú Gíslasen! þjer skuluð ráða, hvað leingi við sitjum að drykkjunni," sagði Möller og rjetti hann að henni brosandi, "enn þjer, jómfrú Sigríður! jeg ætla að biðja yður að láta, sem þjer sjeuð þegar orðnar bústýra hjá mjer, og setjist þjer hjerna í bekkinn, og jeg ætla að leyfa mjer að tylla mjer við hliðina á yður."

Nú víkur sögunni aptur þángað, sem B. situr með gesti sína á skytningi; þeir drekka þar fast um kvöldið; þó voru þar enn allir vel sjáandi, enda voru að eins þrjár drykkjarskálir að öllu tæmdar, og hin fjórða var á ferðinni, enn enginn mundi þar sá vera inni, að ekki mætti þurrum augum þora að sjá þær sex. Þar var heitt nokkuð inni um kvöldið og gjörðist kaupmanni L. nokkuð ómótt, og gekk hann út að fá

sjer svölun og verður honum reikað niður eptir bænum; dettur honum þá í hug, að hann hefði ekki sjeð kaupmann Möller meðal annara gesta um daginn, og þótti það undarlegt, því Möller var ekki vanur að sneiða sig hjá þess háttar samkvæmum; hugsar hann nú að grenslast eptir, hvort hann væri heima, og geingur þángað og ber að dyrum, enn enginn kom út, og snýr þá aptur sama veg; enn í því hann fer fram hjá húshliðinni, verður honum litið til glugganna, og sjer hann þá að gluggatjöldunum er niður hleypt, enn ljósi brá fyrir í stofunni, og sýnist honum sem tveimur eða þremur skuggum bregði þar fyrir, enn alt í einu hverfur ljósið, eins og það annaðhvort hefði verið slökt eða borið í annað herbergi. Kaupmanni L. var kunnugt þar um húsakynni og vissi, að svefnherbergi Möllers sneri út til kálgarðsins, og annarstaðar enn þángað hefði ekki getað verið farið með ljósið, og var honum forvitni á að vita, hvort ekki hefði svo verið; hann geingur því fram fyrir húsgaflinn og þar um, sem sund nokkuð skildi hús Möllers frá næsta húsi; og er hann kemur fyrir hornið, sjer hann undir eins ljósið í þeim gluggunum, sem sneru út að garðinum; enn á glugganum öðrum utanverðum sýnist honum einhvur svört fligsa, eins og þar væru heingd föt til þerris. Kaupmaður stígur þá yfir rimagarðinn og læðist að glugganum; verður hann þess nú var, að honum hafði missýnst, og að þar voru ekki föt, er hann sá sortann, heldur að þar var maður, sem lá þjett upp að glugganum og hafði læst hvorutveggju hendinni utan að trjeveggnum og límdi sig svo fast upp við hann og lagði eyrað vendilega við glerið og hlustaði eptir, hvort hann mætti heyra það, sem talað væri inni í húsinu, og varð ekki var við kaupmann, fyrr enn hann stingur hendinni við honum, þá hrekkur hann við og lítur upp, og bendir kaupmanni að hafa ei hátt um sig. Það var Indriði, sem fyrir var. Kaupmaður verður fyrri til máls, enn talar þó hljóðlega:

"Hvurnin stendur á því, að þú ert hjer? Indriði minn!"

"Minnist þjer ekki á það," sagði Indriði, "jeg fór hingað niður í bæinn í rökkrinu og þá sá jeg áleingdar, hvar Möller leiddi tvær stúlkur hingað inn, og var önnur þeirra Sigríður; jeg ætlaði að ganga til þeirra og hafa tal af þeim, enn áður enn jeg náði þeim, voru þau öll komin inn og lokuðu á eptir sjer; síðan gekk jeg hingað og er jeg þess nú vís orðinn, að þau sitja í þessu herbergi við glaum og gleði mikla, enn ekki get jeg nein orðaskil heyrt, þó jeg hafi verið að bera mig að hlusta, og er það í fyrsta sinni, sem jeg hefi haft þá iðju, að standa á hleri."

"Og hvursu leingi ætlar þú hjer að standa?" "Þángað til Sigríður fer hjeðan úr húsinu aptur, þó það verði ekki fyrr enn á morgun."

"Jæja, bíddu hjerna fyrst; nú ætla jeg að vita, hvort jeg get ekki fundið Möller, því jeg sje, að hann er þó heima, mjer þyki líklegt að hann ljúki upp." Að svo mæltu gekk kaupmaður sama veg, sem hann hafði komið, og er hann gekk aptur fram hjá veggnum á húsinu, varð hann var við, að þar stóð maður við húsvegginn og fálmaði fyrir sjer með höndunum og sýndist honum hann líta svo út, sem hann væri ekki með öllu rjett gáður. Kaupmaður gekk til hans, enn undir eins og maðurinn kom auga á kaupmann, tekur hann þannig til orða:

"Hvur ert þú, rýjan mín?" Kaupmaður sagði til sín. Hann þekti þegar manninn:

"Nú, það eruð þá þjer, Jón minn! hvurnin stendur á ferðum yðar?"

"Jeg skal segja yður," sagði Sigurður hálfdrafandi, "af því þjer eruð dánumaður og vænn maður, jeg skal segja yður, jeg er ofur lítið kendur, jeg skal segja þjer eða rjettara sagt yður, hvurnin var, jeg fjekk nokkur staup hjá garminum honum Gvendi, og því er jeg ögn hýr, enn ekki er jeg drukkinn, fari það bölvað."

"Jeg sje það, að þjer eruð kendur, enn jeg spurði að því, hvurt þjer væruð að fara."

"Já, nú skil jeg, nú, jeg skal seigja þjer það, greyið mitt! yður ætlaði jeg að seigja, þjer fyrirgefið mjer það, kaupmaður góður! jeg skal seigja yður eins og var, jeg ætlaði að gefa honum Möller hjerna á hann, þetta er fantur, enn þjer eruð dánumaður og það hef jeg alt af sagt; skoði þjer nú til, hann hefur skrifað, skrattinn sá arni, fjóra potta af estras í reikninginn minn, enn fari jeg í sjóðbullandi, ef jeg hef tekið nema þrjá, já, það er nú það." Rjett í því Jón sagði þetta, var stofudyrum Möllers lokið upp og kom þar út kvennmaður, það var Guðrún; enn er hún verður vör við mennina þar fyrir utan, verður henni hverft við, og tekur til fótanna og skýst fram hjá þeim. Jón kom auga á hana, enn með því, að hann var nokkuð voteygður af brennivíni og sá ekki nema í þoku, gat hann ekki greint, hvort það var maður eða kona, sem skrapp fram hjá honum, og líkast til hugsaði hann það vera Möller, sem út kom og þýtur sem eldíng á eptir Guðrúnu út í myrkrið, blótandi og ragnandi. Kaupmaður L. skipti sjer ekki af Jóni, enn gekk til stofudyra og fann að þær voru ólæstar, því Guðrún hafði verið svo flumusa, að hún gætti ekki að loka á eptir sjer. Kaupmaður gjörir sig heimakominn og geingur inn og alt innar að svefnhúsdyrunum; hann ber hægt á dyrnar og lýkur þeim síðan upp, áður enn honum væri gegnt, sjer hann þá í herbergínu, að staup standa þar á borði, enn Sigríður situr náföl í legubekknum og kaupmaður Möller stendur þar ekki alllángt frá á gólfinu með hönd á brjósti sjer og á öðru hnje, álíkt því þá er heiðnir menn forðum fjellu fram fyrir blótstöllum sínum og lutu goðum sínum. Möller varð, sem nærri má geta, hverft við, er inn var komið, enn kaupmaður L. ljet sjer ekki bilt við verða og kastar kveðju á Möller og seigir síðan hálfhægjandi á danska túngu: "nú furðar mig ekki á því, að þú hefur ekki fylt flokk okkar á skytníngi í kvöld, enn varaðu þig á því, að jeg seigi ekki konunni þinni eptir þjer, þegar jeg finn hana." Möller áttaði sig fljótt, enn brást reiður við orð L. kaupmanns,

og kvað það fjærri góðum siðum, að læðast inn í hús manna sem þjófur, og koma flatt upp á menn. "Ekki grunaði mig það," sagði kaupmaður L., "að þú mundir taka svo illa gamanyrðum mínum, enn fyrir því, að þú hefur snúist þannig undir þetta mál, þá skaltu og vita, að ekki þykir mjer það sóma sjer vel fyrir þig, sem ert maður kvongaður, að draga á tálar einfalda og saklausa stúlku, sem er óvitandi um hagi þína, enn að öðru leiti virðist mjer rjettast, að láta þetta mál niður falla; enn yður, jómfrú Sigríður! sýnist mjer sæmra að ganga út hjeðan og tala við Indriða fornvin yðar, sem hjer er kominn og stendur hjer fyrir utan, enn að taka ástarhjali kvongaðra manna. Sigríður stóð upp þeigjandi og gekk út í skyndi, enn kaupmenn urðu þar eptir og kíttu um þetta. Þegar Sigríður kom út fyrir anddyrið á stofunni, kemur Indriði þar hlaupandi í flasið á henni, og verður þeim báðum í fyrstu svo bilt við, er þau þektu hvort annað, að hvorugt gat um stund komið upp nokkru orði, enn þegar Sigríður loks mátti mæla nokkuð, segir hún:

"Hvurnin stendur á að jeg sje þig hjerna? Indriði minn! guði sje lof að jeg fjekk núna að sjá þig, jeg held hann hafi sent þig til að hjálpa mjer, hann hefur ætíð veitt mjer lið, þegar mjer hefur leigið mest á, enn segðu mjer, hvaðan ertu kominn?"

"Jeg hef verið hjerna fyrir sunnan í vetur, síðan jeg fjekk frá þjer brjefið í haust."

"Hvaða brjef? jeg hef aldrei sent þjer neitt brjef, og hvurnin átti jeg að þora það, að skrifa þjer til? enn ekki ber jeg á móti því, að einu sinni var það, að mig lángaði til þess að þú hefðir viljað tala við mig, enn þá hafa líkast til þeir, sem þjer voru næst skyldir, ekki hvatt þig til þess."

"Þú segist aldrei hafa skrifað mjer til?" sagði Indriði, "segðu mjer þá, Sigríður mín! hvurnin stendur á þessu brjefi?" hann rjetti þá að henni brjefið.

"Það veit jeg ekki," svaraði Sigríður, "enn þú mátt trúa mjer til þess, Indriði! að jeg hefi aldrei skrifað þjer eina línu,

eða sjeð neinn bókstaf frá þjer." Þegar Indriði heyrði þetta, datt í fyrstu ofan yfir hann og þagnaði við, eins og hann gæti ekki komið því fyrir sig, hvurnin á þessu stæði, enn síðan greip hann hendina á Sigríði og segir:

"Jeg er sannfærður um, Sigríður mín góð! að þú getur ekki skrökvað að mjer, og þó að jeg ekki að þessu sinni geti áttað mig í því, hvurnin á því getur staðið, að forlögin alt af hafa verið að flytja okkur hvurt frá öðru og skilja okkur meir og meir, hefi jeg þó aldrei getað trúað því, að þú vildir ekki optar sjá mig, eins og þarna stendur í brjefinu." Sigríður greip þá þeigjandi um hönd Indriða og starði á hann, og sá hann, að tárin komu fram í augun á henni, enn ekki gat hún komið upp neinu orði, og einginn, sem þá hefði sjeð Sigríði, mundi hafa getað misskilið Sigríði, og sjeð, hvað hana lángaði til að segja. Indriði tók þá aptur til orða, um leið og hann leit framan í hana: "Sigríður mín góð! jeg sje nú, hvað þú hugsar, guði sje lof fyrir það, að jeg er hjer á þessari stundu, jeg sje að þú lítur mig með hinum sömu ástaraugum sem fyrri, og sje það svo, að hjer hafi verið lagðar fyrir þig þær snörur af vondum mönnum, er þú skyldir í falla, þá er jeg nú sannfærður um, að guð hefur opnað augu þín svo, að þú sjerð hættu þá, er þjer er búin."

"Það getur þú verið sannfærður um," sagði Sigríður, "að á þessu kvöldi hefi jeg sjeð, hvur ráð voru lögð af þeim, sem voru mjer illviljaðir, og er það ekki mín forsjá, heldur þess, sem styður veikan vilja, að jeg hef hjá þeim komist, enn látum okkur ekki eyða fleiri orðum um það. Vegur sá, sem liggur frá freistíngum heimsins og glaumsins til hrösunarinnar og lastanna, er skammur; guði sje lof fyrir það, að jeg bar gæfu til þess að sjá, hvar jeg var stödd, þegar jeg var komin á hann, enn þá er það og best að rífa sig frá glaumnum og sollinum, er máttinn vantar að standa fyrir strauminum; jeg fer burt

hjeðan, jeg vona til þess, að þú hjálpir mjer til þess að komast austur og skiljir ekki fyr við mig."

"Nei," sagði Indriði, "guð gefi að jeg þurfi aldrei að skilja við þig, fyrr enn dauðinn aðskilur okkur."

"Ó, guð gefi það," sagði Sigríður, og þessi orð staðfestu þau Sigríður og Indriði með heitum kossi. Eptir það gekk Sigríður heim og ræddi ekki um, hvað gjörst hafði, enn Indriði fann kaupmann L. að máli um kvöldið og sagði þá hvor öðrum frá öllum atburðum, er gjörst höfðu; enn daginn eptir kom kaupmaður L. að máli við þau húsbændur Sigríðar og sagði þeim á laun frá, hvurnin á stæði og bað þau leyfa að Sigríður færi þegar til hans; og brugðust þau vel undir, enn ekki kom Möller að máli við Sigríði eptir þetta og fór Sigríður svo úr Víkinni, að kveðjur þeirra Guðrúnar og Sigríðar urðu fáar. Þau Indriði og Sigríður voru í Hafnarfirði það sem eptir var vetrarins, enn um vorið, þegar veigir voru orðnir færir, bjuggust þau til austurferðar. Þeir Indriði og kaupmaður L. skildu með vináttu. Fylgdust þau nú öll austur, Indriði, Sigríður og Ormur; og segir ekki af ferðum þeirra fyrr enn þau komu einn dag síðla að Indriðahóli, og var þar tekið á móti þeim með mesta fögnuði. Á Hóli frjettu þau systkin, að Ingveldur móðir þeirra hafði fyrir þrem vikum tekið sótt, og var mjög þungt haldin. Ormur reið þegar um kvöldið yfir að Sigríðartúngu, enn Sigríður var orðin svo þreytt af ferðinni, að hún treystist ekki að fara með honum um kvöldið, enn bað hann að segja, að hennar væri þángað von snemma morguninn eptir. Þegar Ormur kom að Túngu, var móðir hans mjög svo máttfarin, en hafði alla rænu og gladnaði mikið yfir henni við komu Orms sonar hennar. Ormur sagði henni frá, hvað tíðinda hafði orðið um þau Indriða og Sigríði um veturinn, og að þau væru austur komin. Ingveldur spurði undir eins að, hvort hún mundi ekki eiga von að sjá þau, og sagði þá Indriði sem var, að þau hefðu gjört ráð fyrir að koma þar næsta dag. Líður svo nóttin,

enn um morguninn skömmu fyrir dagmál sást til þeirra Indriða og Sigríðar, og er Ingveldi var sagt það, skipar hún stúlku þeirri, sem hjá henni var og veitti henni þjónustu, að taka tvo kistla, er þar voru í sængurherberginu og setja fyrir framan rúmstokkinn hjá sjer; síðan ljet hún hana hjálpa sjer til að færast ofar í rúminu, og reis svo upp við höfðalagið og beið þeirra svo. Þegar þau Indriði komu, geingu þau að sænginni og heilsuðu Ingveldi með kossi, enn hún benti þeim að setjast á kistlana, og gjörðu þau það. Það var eins og þeim yrði öllum orðfátt dálitla stund; Sigríður sá, að veikindin höfðu geingið svo hart að móður hennar, að hún var orðin harla torkennileg í andliti og nærri því ekkert nema beinin, augun döpur og hendurnar magrar og æðaberar. Sigríður starði um hríð á móður sína, enn klappar síðan með hendinni á hendina á henni, sem hún hafði lagt fram á stokkinn út undan fötunum, og segir:

"Ósköp er að sjá, hvað þjer eruð orðnar óþekkjanlegar, móðir mín góð!"

"Ójá, elskan mín! það má nú nærri geta eptir alt, sem jeg hefi tekið út, og guð veit, hvað jeg á nú eptir ólifað, enn hamingjunni sje lof, að jeg fjekk að sjá þig; jeg segi þjer það satt, Sigríður mín! jeg átti ekki aðra ósk eptir óuppfylta í þessum heimi, enn þá að tala við þig, áður enn jeg dæi, og þá aðra að guð vildi bæta úr því, sem jeg hafði gjört þjer rángt. Maður trúir því ekki, meðan maður er heilbrigður, enn sá tími kemur, þegar maður veit, að maður á ekki annað eptir, enn að stíga ofan í gröfina, að maður getur ekki látið vera að líta á það, sem maður hefur gjört, og það er vel, þegar guð gefur manni rænu til þess, og þá vildi maður að mart væri ógjört, sem gjört var, enn að maður mætti skilja hjer við sáttur við alla menn. Guð hefur nú uppfylt báðar óskir mínar, og jeg skammast mín ekki að biðja þig fyrirgefníngar á því, að jeg var þjer ekki, eins og jeg skyldi vera, góð móðir." Sigríður gat ekki svarað neinu fyrir tárum, enn hallaði sjer þeigjandi ofan

að hönd móður sinnar og kysti hana; enn Íngveldur tók aptur til orða og sagði: þreifaðu hjerna undir koddann minn að framanverðu, þar finnur þú lyklana mína; ljúktu síðan upp skorna kistlinum mínum, þú þekkir hann." Sigríður gjörði eins og móðir hennar bauð henni. "Þarna í handraðanum eiga að vera nokkur brjef, bundin saman með rauðum borðaspotta; þar er brjefið, sem þú sendir með henni Gróu og láttu hana ekki gjalda þess, sem er að kenna henni móður þinni."

"Ef jeg get, móðir mín! skal jeg heldur gjöra henni gott enn ílt, guð hefur snúið þessu öllu okkur til hins besta og er ekki vert að minnast á það framar," sagði Sigríður og kysti aptur móður sína.

"Já," sagði Íngveldur, "það verður að koma fram, sem hann hefur ákvarðað, enn við mennirir sjáum skamt og okkar ráð meiga sjer lítils.

Af samtali þessu, er var nokkuð leingra enn hjer er ritað, má það sjá, hvaða breytíngu hugarfar Íngveldar hafði tekið. Hún var nú þess hvað mest fýsandi, er hún áður hafði með öllum brögðum reynt að sporna á móti, og ekki ljet hún sjer annað líka, enn að þau Indriði og Sigríður færu undir eins að láta lýsa með sjer, og ljetu þau það eptir henni, jafnvel þó þau hefðu ásett sjer að fresta því til haustsins; enn ekki auðnaðist Ingveldi að lifa þángað til þau fóru saman, því hún andaðist deiginum áður enn veislan skyldi standa, og varð fyrir því að fresta henni um nokkra hríð, þar til Íngveldur var jörðuð; og var þannig brúðkaup þeirra Indriða blandað sorg og gleði.

Um veturinn eptir voru þau Indriði og Sigríður að Hóli í góðum fagnaði, og tókust þeirra ástir góðar. Einu sinni, er á leið veturinn, kemur Indriði að máli við konu sína: "það er ætlan mín," segir hann, "að best muni vera fyrir okkur að fara að reyna búskapinn. Víst er um það, að hjer erum við í góðra foreldra húsum; enn rjettast álít jeg þó fyrir hvurn úngan

mann, sem hefur nokkur efni, að ráðast í eitthvað það, sem meigi verða honum til gagns og sæmdar, og fósturjörð hans *til nota; og hvur er þá vegurinn fegri og skemtilegri*, enn að reisa bú?

"Því vænt er að kunna vel að búa,
vel að fara með herrans gjöf,"

og það eigum við að nema, og getum við þá treyst því, að jörð gefur arð eptir atburðum."

"Jeg felst á það, sem þú segir, elskan mín!" sagði Sigríður, og klappaði með hendinni á vángann á manni sínum, "enn hvar ætlar þú okkur að fara að búa?" "Margur mundi mæla það, að við þyrftum ekki að vera jarðnæðislaus, þar sem við eigum fjórar jarðir og allar vænar."

"Ekki eru þær lausar, sem stendur, og þó svo væri, mundi jeg ekki hvetja þig til að taka nokkra af þeim, og leingi hefur mig lángað til að vera hjerna í sveitinni, enn nú er hjer ekkert jarðnæði laust."

"Þá förum við að Fagrahvammi," sagði Indriði og brosti við.

"Hvar er hann, heillin mín!" sagði Sigríður, "þá jörð man jeg ekki til að jeg hafi heyrt nefnda."

"Þú skalt fá að sjá hana einhvurntíma bráðum, við ríðum þángað einhvurntíma eptir sumarmálin." Meira vildi Indriði ekki segja henni að því skipti; enn einu sinni um vorið, þá er snjór var úr hlíðum leystur, enn geirar grænir, lætur Indriði söðla tvo hesta og biður konu sína búast til ferðar "skulum við nú fara að sjá Fagrahvamminn," segir hann. Sigríður bjó sig sem hún ætlaði til kirkju, og brosti bóndi hennar að því, enn segir henni þó ekki meira um áfángastaðinn. Stíga þau nú á bak hjónin, enn er komið var út úr túninu, þar sem gatan beygist ofan með túngarðinum og rennur ofan í hjeraðið, snýr Indriði hestinum á fjárgötur og fram í dal. Kátlegt þótti Sigríði þetta, enn hugsaði að þetta væri leikur einn af Indriða, og til þess gjörður að fá hana með sjer á skemtireið, er veður var

fagurt. Þau ríða nú fram dalinn og var hann þá orðinn algrænn og næsta fagur um að líta. Loksins komu þau í hvamm einn fagran, það var fremst í landareign Indriðahóls; ekki hafði Sigríður þar fyr komið, enn þó kannaðist hún glögt við sig, er henni varð litið yfir ána; blasti þar við Álfhóll og hlíðin, sem hún hafði setið hjá í forðum. Í miðjum hvamminum stje Indriði af baki og tók konu sína úr söðlinum. Landslaginu er svo varið, að hvammur þessi myndast af tveimur lágum grasbörðum, er girða hann á þrjár hliðar og skýla fyrir öllum vindum, nema landsuðri. Fyrir neðan hvamminn liggja sljettar grundir, er í við hallar ofan að ánni. Áin rennur þar um sljettan farveg og er lygn, enn nokkuð breið. Á þessa hlíðina blasti við iðgræn hlíð, enn tvö gil steypast þar hvítforsandi ofan af brúninni og falla saman lítið eitt fyrir neðan miðja hlíðina og mynda dálitla túngu. Eptir miðjum hvamminum rennur lækur, er sprettur upp undan stórum steini þar í hlíðinni fyrir ofan, enn upp með læknum og upp úr sjálfum dalbotninum gánga smádældir, sem eru vaxnar aðalbláberjalýngi, einir og víðirunnum. Hvammurinn millum barðanna er rennisljettur, nema ofur lítill ávalur bali eður hóll í honum miðjum fremra meigin við lækinn. Hvammurinn er svo víður, að vel mætti búa þar til tíu kúa tún eða meira. Grasið í hvamminum var eins og á öllu harðvelli, sem vantar rækt og áburð, harla lágvaxið, enn kringum steinana, og þar sem kindurnar hingað og þángað voru vanar að bæla sig, stóðu upp fagrir og þjettir grastoppar, grænir sem smaragð. Þar af mátti sjá, hvílíkur frjófgunarkraftur lá þar duliinn í jörðunni.

Veðrið var blítt, og hvammurinn ofur hýr, og því var ekki að furða, að blíða og fegurð náttúrunnar yrði að fá á hvurn þann, er guð hafði gefið athugasöm augu og viðkvæmt brjóst, til að skoða og dást að hans handaverkum. Indriði víkur sjer þá að konu sinni og segir:

"Elskan mín! jeg sje, að þjer líst hjer vel á þig; þennan

hvamm hefur guð ætlað til þess, að einhvur skyldi búa í honum, og gjöra grundina þá arna að túni, eða heldurðu ekki það? þetta er nú Fagrihvammur, sem jeg hefi talað um við þig, og hvurgi vil jeg búa annarstaðar enn hjer; skoðaðu, hjerna á balanum sjest enn fyrir töptinni af húsinu mínu; nú verður að reisa það við og stækka það, svo við getum bæði verið í því, því nú skilur ájn okkur ekki leingur.

"Onei, hjartað mitt!" sagði Sigríður og hljóp í fángið á manni sínum og lagði báðar hendur um hálsinn á honum, "þökkum við guði fyrir að hann hefur látið æskuóskir okkar rætast." þau hjónin skemtu sjer um hríð og skoðuðu landið í og umhverfis hvamminn, og riðu síðan heim, og sagði nú Indriði konu sinni greinilegar frá fyrirætlan sinni, að reisa þar bæ í hvamminum, og að faðir hans hefði gefið honum land þar fram um dalinn, og hefði þó Indriðahóll ærið landrými eptir. Sigríður fjellst á þessa ráðagjörð; og þegar um vorið ljet Indriði efna til bæjargjörðar og hafði að þeim starfa marga menn, og sjálfur tegldi hann viðu alla, enn til þess að koma sem fyrst rækt í túnstæðið og afla sjer áburðar til næsta vors, fjekk hann af föður sínum að hafa selstöðu í Fagrahvammi um sumarið, og hafði þar færikvíar á vellinum, enn ljet kýrnar liggja inni um nætur. Um haustið var Indriði búinn að koma upp flestöllum bæjarhúsum, enn ekki fluttu þau hjón þángað það haust, enn höfðu þar um veturinn nokkra menn og aflan þann peníng, er þau áttu; og næsta vor eptir fór Indriði frá Hóli alfarinn og var þá bæjarsmíðinni að öllu lokið. Fyrstu tvö árin, sem þau Indriði og Sigríður bjuggu í Fagrahvammi, gátu þau ekki haft þar nema tvær kýr, enn sauðfje höfðu þau þar mart. Indriði lagði mesta stund á að koma góðri rækt í túnið og tókst honum það smátt og smátt; segja þeir svo frá, er komið hafa að Fagrahvammi, að þar sje einhvur hinn snotrasti töðuvöllur, enda sje það auðsjeð á öllu utan og innan bæjar í Fagrahvammi, að þar búi góður efnamaður og þrifnaðarbóndi, enn óskandi væri, að margur vildi gjöra það að dæmi Indriða og forfeðra vorra, að nema þar lönd og reisa þar bú, sem enn er óbygt, á Íslandi, og víst er um það, að enn þá er þar margur fagur blettur óræktaður, sem drottinn hefur ætlað mönnum til blessunar og nota. Og ljúkum vjer hjer að segja frá þeim Indriða og Sigríði.

Endir.